allt

GUNNAR EGILSSON

Stefnir á heimsmet á torfærutrölli

• bílar • ferðir

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

EGILL HELGASON

Vill sýna Íslendingum Cyklades-eyjarnar

ENGAR VATNSRENNIBRAUTIR

FÓLK 58 ▶

DRAUMAVERÖLD FURSTANS

Ísland til sölu í Dúbaí

HEITASTI LÚXUSFERÐAMANNASTAÐURINN

SÍÐUR 26-27 ▶

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

3. september 2005 - 237. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Stór landsleikjalaugardagur

Íslenska körfuboltalandsliðið og íslenska knattspyrnulandsliðið verða bæði í eldlínunni í dag. Körfuboltalandsliðið mætir Dönum klukkan 14 í Keflavík í baráttunni um að komast í hóp A-þjóða og knattspyrnulandsliðið fær eitt besta landslið Evrópu í heimsókn á Laugardalsvöllinn þegar Króatar spila við okkar menn klukkan 18.05.



ÍÞRÓTTIR 44

Hress en hver er stefnan?

Samkvæmt skoðanakönnunum vill meirihluti Reykvíkinga sjá Gísla Martein Baldursson í stól borgarstjóra eftir næstu kosningar. Gísli er maður vikunnar í blaðinu í dag. Fram kemur, sem raunar allir vita, að hann er hress og kátur, en ýmsum þykir hann þurfa að tala skýrar um stefnumál sín í stjórnmálum.

MAÐUR VIKUNNAR 20

Hátíska og lúxus

Helga Björnsson starfaði sem aðalhönnuður tískukóngsins Louis Féraud í París. Nú er hún farin að hugsa heim og langar að vinna meira á Íslandi þar sem orkan sé hrein og sköpunarkrafturinn í hámarki.

TÍSKA 42

VEÐRIÐ Í DAG



HÆGAR SUÐLÆGAR EÐA BREYTILEGAR ÁTTIR Í DAG Bjartviðri austanlands en lítilsháttar væta vestan til.

VEÐUR 4

Karlar 25–45 ára

Bílaáhugamenn velja fréttablaðið*



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í ágúst 2005. Lestur meðal karla 25–45 ára.

MYND/AP

HÖRMUNGARÁSTAND Stundum er sagt að náttúruhamfarir fari ekki í manngreinarálit en hörmungarnar í New Orleans og á nálægum svæðum afsanna hins vegar þá kenningu. Aðeins þeir ríku og sterku höfðu tök á að forða sér undan fellibylnum Katrínu. Flestir þeirra sem nú ganga í gegnum ótrúlegar raunir í New Orleans eiga aftur á móti sameiginlegt að vera veikir, aldraðir eða fátækir.

Íslenskrar konu er saknað í Mississippi

Talið er að allt að tíu þúsund hafi látist í Bandaríkjunum vegna fellibylsins Katrínar. Íslensk stjórnvöld grennslast fyrir um íslenska konu sem saknað er. Alþjóðabjörgunarsveit Slysavarnafélagsins Landsbjargar er reiðubúin að fara.

HAMFARIR Íslenskrar konu er saknað í Mississippi. Utanríkisráðuneytið var beðið um að grennslast fyrir um afdrif tveggja Íslendinga sem fjölskyldur hér heima söknuðu eftir fellibylinn Katrínu í Bandaríkjunum. Annar þeirra, karlmaður, kom í leitirnar heill á húfi síðdegis í gær.

Pétur Ásgeirsson hjá utanríkisráðuneytinu, sem sér um aðstoð við Íslendinga erlendis, segir fólkið ekki tengjast. Hvort tveggja hafi búið um tíma í Bandaríkjunum og bæði í Mississippi. Óljóst sé hvort eitthvað hafi hent konuna þrátt fyrir að ættingjarnir hafi engar spurnir af henni haft.

Konunnar hefur verið leitað frá fyrsta degi og segir Pétur að svo verði þar til hún finnist. Íslenska sendiráðið í Washington hafi biðlað til bandarískra stjórnvalda um upplýsingar en einnig hafi einn ræðismanna Íslendinga þar ytra hringt í Íslendinga til að athuga hvort einhver hafi heyrt í konunni en svo hafi ekki verið.

Um tíu þúsund hafa látist í Louisiana, samkvæmt bandaríska öldungardeildarþingmanninum David Vitter. Hann segir að þúsundir flýji til nágrannaríkja.

Fyrstu hjálpargögnin bárust í gær með herbílalestum og vopnuðum hermönnum til borgarinnar New Orleans, fjórum dögum eftir að fellibylurinn fór yfir svæðið. Fólk hefur verið vatns- og matarlaust og ríkir glundroði í borginni. Glæpaklíkur fara um rænandi og ruplandi og er talin hætta á að smitsjúkdómar brjótist út.

Bandarísk stjórnvöld eru harðlega gagnrýnd fyrir seinagang við björgunarstörfin. Í Washington Post var vitnað í yfirmann björgunaraðgerðanna í New Orleans, Terry Ebbert, sem segir að þær séu þjóðarskömm.

„Við förum létt með að senda gríðarlegt magn hjálpargagna til fórnarlamba flóðbylgju í suðurhluta Asíu, en okkur tekst ekki að flytja fólk á brott frá New Orleans," segir Ebbert. Talið er að fimmtíu þúsund manns séu enn strandaglópar í borginni en áttatíu prósent hennar eru undir vatni.

Alþjóðabjörgunarsveit Slysavarnafélagsins Landsbjargar er reiðubúin að fara á hamfarasvæðin og hefur utanríkisráðuneytið komið erindi þessa efnis til yfirvalda í Bandaríkjunum. Beðið er svars.

Sjá síður 8, 10 og 12

Erlend útgáfa skuldabréfa í krónum eykur hættu á verðbólgu:

Skuldabréf keypt fyrir átján milljarða

EFNAHAGSMÁL Erlend útgáfa skuldabréfa í íslenskum krónum getur valdið verðbólguskoti þegar draga fer úr spennu í hagkerfinu.

Skuldabréfin hafa styrkt krónuna að undanförnu og hagfræðingar greiningardeilda bankanna eru sammála um að krónan muni styrkjast og erlend skuldabréfaútgáfa í íslenskum krónum muni halda áfram.

Alls hafa verið keyptar krónur fyrir átján milljarða vegna skuldabréfanna og búist er við því að fleiri slíkar útgáfur séu í farvatninu. Til samanburðar er áætlað innstreymi gjaldeyris vegna stóriðjuframkvæmda 35 milljarðar í ár. Munur á vöxtum á Íslandi og í Evrópu er sjö prósent, sem gerir bréfin freistandi fyrir erlenda fjárfesta, þrátt fyrir gengisáhættu.

Bréfin eru til tveggja ára, en kaupendur bréfanna hafa möguleika á því að losa sig við áhættu af þeim fyrr með afleiðusamningum. Það þýðir að ef fjárfestarnir telja krónuna ætla að veikjast munu þeir hverfa á braut. Það getur svo leitt til þess að gengi krónunnar falli hratt og verðbólguskot komi í kjölfarið. „Þetta er einn möguleikinn," segir Björn Rúnar Guðmundsson, hagfræðingur greiningardeildar Landsbankans. Hann segir einnig hugsanlegt að erlendir fjárfestar séu komnir til að vera á þessum markaði og að gengi krónunnar geti orðið hærra í framtíðinni en fyrr var gert ráð fyrir. Það þýði svo að samkeppnis- og útflutningsgreinar eigi erfiðara uppdráttar. - hh

Nýtt frumvarp í þingbyrjun:

RÚV breytt í hlutafélag

RÍKISÚTVARPIÐ Hætt er við að breyta Ríkisútvarpinu í sameignarfélag eins og ráðgert var í frumvarpi menntamálaráðherra á síðasta þingi. Í frétt Ríkisútvarpsins segir að ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hafi ekki skilað lokaskýrslu vegna kæru sem stofnuninni barst vegna ríkisstyrkja RÚV. Hins vegar segi í áliti, sem íslenskum stjórnvöldum hafi verið sent, að sameignarfélag brjóti í bága við reglur Evrópska efnahagssvæðisins. Sameignarfélag um Ríkisútvarpið flokkist undir ríkisstyrki í ljósi þess að ríkið beri ótakmarkaða ábyrgð.

Stjórnarflokkarnir taka mið af þessu áliti ESA og búa sig undir að leggja fram frumvarp í þingbyrjum þar sem gert er ráð fyrir að Ríkisútvarpinu verði breytt í einkahlutafélag. - jh

Um flutning flugvallar:

Álftanes ekki uppi á borðinu

SVEITARSTJÓRNARMÁL Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri á Álftanesi, undrast ummæli Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra um að vinna sé hafin um að athuga flutning Reykjavíkurflugvallar út á Álftanes.

GUÐMUNDUR GUNNARSSON

„Mér finnst þetta óskaplega skrítin vinnubrögð, að demba sér út í einhverja vinnu sem ég hélt að væri ekki uppi á borðinu. Þessi hugmynd hefur ekki fengið neina formlega umfjöllun hér," segir Guðmundur og bendir á að fyrir 35 árum hafi því verið lýst yfir að hugmynd um flugvöll á Álftanesi væri úti af borðinu. Hann bendir á að á Álftanesi sé oft vestanvindur með öldugangi og líklega þyrfti að loka flugvelli þar nokkra daga á ári vegna sjógangs.

Á mánudagskvöld verður haldinn opinn fundur um endurskoðun aðalskipulags Álftaness. - ss

Frjáls íbúðalán

4,15%

verðtryggðir vextir

Himinn og haf/SIA

FRJÁLSI

SPURNING DAGSINS

Runólfur, er kominn tími til að fara að hjóla?

„Já."

Runólfur Ólafsson er framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Bensínverð hefur hækkað umtalsvert á síðustu dögum og nálgast lítrinn 118 krónur.

Dómur eftir öldu innbrota á höfuðborgarsvæðinu:

Sextán ára dæmdur í fangelsi

DÓMSTÓLAR Sextán ára gamall piltur var í gær dæmdur í sextán mánaða fangelsi fyrir fjölda innbrota og þjófnaðarmála, en ákæruliðir voru yfir tuttugu talsins. Dóminn kvað upp Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Drengurinn var ákærður ásamt fjórum öðrum piltum á aldrinum sextán til átján ára. Þrettán mánuðir refsingarinnar voru skilorðsbundnir í tvö ár, en að auki koma til frádráttar sex vikur sem drengurinn sat í síbrotagæslu. Hann þarf engu að síður að sitja af sér um einn og hálfan mánuð í fangelsi.

Pilturinn og félagar hans voru orðaðir við það sem kallað var alda innbrota á höfuðborgarsvæðinu, en lögreglan í Reykjavík átti í samstarfi við barnaverndaryfirvöld við rannsókn málanna því einnig komu börn við sögu í innbrotunum.

Utan innbrota sneru einnig ákæruliðir að fjársvikum, umferðarlagabrotum og vörslu amfetamíns og kannabisefna. - óká

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

SÉÐ YFIR VESTURBÆINN Sextán ára piltur sem í gær var dæmdur í sextán mánaða fangelsi kom við sögu í fjölda innbrota á höfuðborgarsvæðinu, bæði í íbúðir og bíla, frá því snemma á árinu. Þá var hann kærður fyrir að taka við þýfi og greiða fyrir með hassi.

Dæmd í þingfestingu:

Sett á skilorð

DÓMSTÓLAR Málum þriggja ungmenna var í gær lokið strax við þingfestingu í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Símon Sigvaldason héraðsdómari áminnti nítján ára pilt um að halda sig nú réttu megin laganna. Hann hafði undir lok skilorðstíma dóms frá árinu 2003 verið gripinn með lítilræði af tóbaksblönduðu hassi. Þetta var hans fjórða brot á skilorðstímanum. Hann var dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Þá var eldra þjófnaðar- og hylmingarmál átján ára pars sem bætt hefur ráð sitt sameinað fyrri dómi og þau dæmd í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár. - óká

FRÉTTABLAÐIÐ/STEINGRÍMUR KRISTINSSON

HÚSIÐ VIÐ MJÓSTRÆTI Húsið er gjörónýtt eftir brunann eins og sjá má en eldurinn var fljótur að breiðast út.

Húsbruni á Siglufirði:

Alelda á augabragði

BRUNI Hús við Mjóstræti á Siglufirði er gjörónýtt eftir að hafa brunnið í fyrrinótt. Til allrar mildi höfðu íbúar þess flutt úr húsinu og tekið alla búslóðina deginum áður en bruninn varð. Húsið stóð því autt.

Að sögn lögreglunnar á Siglufirði varð húsið alelda á augabragði en tilkynnt var um brunann um klukkan tvö um nóttina.

Eldsupptök eru ekki kunn en tæknideild lögreglunnar í Reykjavík fer til Siglufjarðar á mánudag til að rannsaka málið. - jse

EVRÓPUSAMBANDIÐ

ÓTRAUÐIR Í VIÐRÆÐURNAR Leiðtogar Evrópusambandsins eru bjartsýnir á að aðildarviðræður geti hafist við Tyrki 3. október eins og áformað var. Babb kom í bátinn þegar tregða Tyrkja til að viðurkenna hinn gríska hluta Kýpur kom í ljós en menn eru bjartsýnir á að leysa megi þau mál við samningaborðið.

LÖGREGLUFRÉTTIR

ELDUR Á MIKLATÚNI Krakkar sem voru að leik á Miklatúni í gærkvöldi komu auga á eld sem logaði í túninu. Brugðust þeir vasklega við og slökktu eldinn. Kveikt hafði verið í blöðum og teygði eldurinn sig í tré. Krakkarnir sögðust ekki skilja hvers konar virðingarleysi menn sýndu túninu sem þeim er svo annt um.

Föngum hafnað á öryggisgeðdeild

Geðsjúkir fangar eru ekki teknir inn á sérhæfða öryggisgeðdeild á Kleppsspítala, segir Valtýr Sigurðsson fangelsismálastjóri. Hann hefur ítrekað vakið athygli stjórnvalda á stöðu heilbrigðismála fanga og bindur vonir við nýtt fangelsi.

FANGELSISMÁL Geðsjúkir fangar fá ekki inni á sérhæfðri öryggisdeild fyrir alvarlega geðsjúka sem opnuð hefur verið á Kleppsspítala. Þetta segir Valtýr Sigurðsson fangelsismálastjóri og segir ofangreinda ákvörðun tekna af yfirmönnum geðsviðs Landspítala - háskólasjúkrahúss.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að réttargeðdeildin á Sogni væri „kolsprungin," eins og Drífa Eysteinsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur þar, orðaði það. Þar er einungis pláss fyrir ósakhæfa fanga. Hinir sem úrskurðaðir hafa verið sakhæfir og eru geðsjúkir fá umönnun hjá starfandi hjúkrunarteymi. Erfiðara er um vik ef koma þarf geðsjúkum fanga inn á geðdeildir.

Fangelsismálastjóri hefur vakið athygli stjórnvalda á stöðu heilbrigðismála fanga og meðal annars ritað Jóni Kristjánssyni heilbrigðisráðherra bréf. Þar segir að „sláandi skortur" sé á aðstöðu skammtímasjúkrahúsvistunar fyrir fanga sem séu með alvarlega geðræna sjúkdóma og fanga sem taldir séu í sjálfsvígshættu.

Valtýr rifjar upp dæmi sem hann nefndi á málþingi um málefni fanga, þar sem sátu heilbrigðisráðherra og fagfólk úr heilbrigðisgeiranum ásamt fleirum. Það er úr bréfi læknis við fangelsi á höfuðborgarsvæðinu, með leyfi viðkomandi fanga, til geðdeildar LSH, þar sem um er að ræða kvenfanga sem afplánað hafði í tvö ár en átti eftir sex:

„...Hafði verið í miklum geðsveiflum, undanfarið verið mjög „óstabíl" og ósátt, mjög grátgjörn og reið til skiptis. ...Hefur nú í þrígang skorið sig, bæði olnbogabót og úlnlið og að minnsta kosti í eitt skiptið blæddi talsvert. Reyndi einu sinni að hengja sig í öðru fangelsi og einu sinni að kæfa sig með plastpoka. Af þessum sökum var ástand hennar talið orðið mjög ótryggt og vildi læknirinn fá mat og meðferð geðlæknis á ástandi hennar. Klukkan 15.12 var hún flutt á geðdeild LSH þar sem geðlæknir skoðaði hana og kannaði gögn. Klukkan 16.15 var viðtalinu lokið og klukkan 16.28 var hún komin aftur í Hegningarhúsið..."

Valtýr undirstrikar að afar mikilvægt sé að í hinu nýja fangelsi sem fyrirhugað er að byggja á Hólmsheiði, verði meðal annars sjúkradeild fyrir sakhæfa fanga sem þurfi á bráðameðferð að halda meðal annars vegna alvarlegrar persónuleikaröskunar.

jss@frettabladid.is

LITLA-HRAUN Þar hafa mjög veikir einstaklingar verið í afplánun um lengri eða skemmri tíma.

FANGELSISMÁLASTJÓRI Valtýr Sigurðsson hefur vakið athygli stjórnvalda á stöðu heilbrigðismála fanga.

Hópur geðsjúkra sem afplána í fangelsum:

Þyrftu að vera á geðsjúkrahúsi

FANGELSISMÁL Áætlað er að sex til átta geðsjúkir einstaklingar, sem þyrftu að vera á geðhjúkrunarstofnunum, afpláni nú í fangelsum landsins, að sögn Önnu Kristínar Newton, sálfræðings hjá Fangelsismálastofnun. Um er að ræða einstaklinga sem eru mjög veikir og myndi líða betur og vegna betur annars staðar en innan fangelsisveggjanna.

„Heilbrigðisteymi er starfandi í öllum fangelsunum, sem reynir að sinna þessum einstaklingum eftir bestu getu og vinnur mjög vel ," segir hún. „Þá er um að ræða sálfræðilega og læknisfræðilega aðstoð, svo og geðhjúkrunarfræðinga. Á Litla-Hrauni, sem er stærsta fangelsið, er heilbrigðisstarfsmaður til taks á hverjum virkum degi. Því er hægt að hafa eftirlit með þeim einstaklingum sem eru mjög illa staddir."

Anna Kristín segir að dugi það ekki til sé leitað til geðdeildar. Ástandið þurfi að vera orðið mjög slæmt til að einstaklingur sé lagður þar inn. Þá sé stundum brugðið á það ráð að senda fanga milli fangelsa til að koma þeim nær þeirri aðstoð sem þeir þurfi á að halda. Þá beri að geta þess að heilbrigðisráðherra hefur veitt fjármunum í hálfa stöðu geðlæknis til að sinna fangelsismálum en hana hafi enn ekki tekist að manna. - jss

BAK VIÐ LÁS OG SLÁ Hópur geðsjúkra sem dvelja bak við lás og slá þyrfti að vera á geðhjúkrunarstofnunum.

Banaslys um borð í báti:

Klemmdist milli toghlera

SLYS Fimmtugur maður lést þegar hann klemmdist á milli trollhlera um borð í togbátnum Hauki EA um klukkan hálf níu á fimmtudagskvöldið. Báturinn var þá um þrjátíu sjómílur vestnorðvestur af Garðskaga. Talið er að maðurinn hafi látist nær samstundis.

ÁSGEIR ARNAR JÓNSSON

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti hinn látna. Haukur EA kom í land í Hafnarfirði um klukkan fjögur aðfaranótt föstudags og stóðu skýrslutökur vegna slyssins yfir hjá lögreglu í gær. Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar í Hafnarfirði var gert ráð fyrir að því lyki í dag. Maðurinn hét Ásgeir Arnar Jónsson og var til heimilis á Húsavík. Hann var fráskilinn og lætur eftir sig sjö börn. - óká

FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR Hlíðarhverfi er innan við dvalarheimilið Uppsali, sem er efst til vinstri á myndinni, en þar á að vera blönduð byggð með eignar- og þjónustuíbúðum.

Lóðaumsóknir á Fáskrúðsfirði:

Vaxandi búsetuáhugi

ÞENSLA Einstaklingar á höfuðborgarsvæðinu, fyrir hönd óstofnaðs hlutafélags, hafa sótt um 23 íbúðarlóðir í Hlíðarhverfi á Fáskrúðsfirði.

Steinþór Pétursson, sveitarstjóri Austurbyggðar, segir þetta stærstu lóðaumsókn sem sveitarfélaginu hafi borist og lýsandi dæmi um vaxandi áhuga fólks á búsetu í sveitarfélaginu og uppsveifluna á Austurlandi.

„Við munum eiga fund með þessum aðilum í september þar sem farið verður nánar yfir hugmyndir þeirra varðandi uppbyggingu hverfisins," segir Steinþór. - kk

Umferðartafir í Hafnarfirði:

Reykjavíkurvegur lokaður

LÖGREGLA Búast má við umferðartöfum á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði næsta mánuðinn en þar verður frá og með deginum í dag unnið að gerð nýs hringtorgs við Arnarhraun.

Að sögn lögreglu í Hafnarfirði verður umferð beint um hjáleið um Hjallabraut, Hraunbrún og Flatahraun, meðan á framkvæmdum stendur. Lögregla biður ökumenn að sýna þolinmæði meðan á þessum framkvæmdum stendur og hvetur fólk til að leggja tímanlega af stað, eigi það erindi í eða úr miðbæ Hafnarfjarðar. - óká

Útiljós
Polli, á vegg
6010045
Verð áður 3.495
2.195

1.995
~~2.999~~

Kastari, 500W
Á fæti
5880050

3.995
~~5.995~~

Kastari
Á þrífæti, 2x500W
5880043

2.355
~~3.455~~

Útiljós, Polli
6010044

Útiljós, Polli
Hæð 70 sm
6010046
Verð áður 7.500
4.995

1.195
~~1.990~~

Kastari, 500W
Á fæti
5880041

Ótrúlegt úrval af ljóskösturum

2.995
~~4.945~~

Útiljós
Á vegg, stál
6000260

895
~~1.495~~

Kastari
500W á fæti
5880040

4.995
~~7.895~~

Útiljós í garð
LED
6000323

Útiljós í loft
Burstað stál
6000325
Verð áður 2.590
1.695

Útiljós, kastari
Hvítur
6000250
Verð áður 3.400
1.995

Ljósin færðu hjá okkur

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 02.09.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	60,88	61,18
Sterlingspund	GBP	111,85	112,39
Evra	EUR	76,40	76,82
Dönsk króna	DKK	10,243	10,303
Norsk króna	NOK	9,799	9,857
Sænsk króna	SEK	8,218	8,266
Japanskt jen	JPY	0,5554	0,5586
SDR	XDR	90,31	90,85

Gengisvísitala krónunnar

106,3506 -0,5%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lyfjasending Glaxo í gæðaeftirliti fram yfir helgi:

Bóluefni gegn lifrarbólgu B ófáanlegt

LYFJAMÁL Bóluefni gegn lifrarbólgu B er nú ófáanlegt hjá innflytjanda hér. Ný sending er komin til landsins og er í gæðaeftirliti. Bóluefnið verður aftur fáanlegt í næstu viku, að sögn Hjörleifs Þórarinssonar, forstjóra Glaxo á Íslandi.

Hjörleifur segir að bóluefnið hafi fyrst klárast hjá fyrirtækinu í júlí. Það hafi ekki varað lengi, því fljótlega hafi komið ný sending. Á þriðjudaginn var hafi bóluefnið svo klárast aftur. Það þurfi að fara í gegnum sérstakt gæðaeftirlit áður en því er dreift og það standi einmitt yfir nú. Vonir standa til að sala hefjist á bóluefninu í næstu viku.

Hjörleifur bætir við að yfirleitt sé hægt að sjá þörfina á þessu bóluefni nokkuð fyrir. Það sé tiltölulega vandmeðfarið og geymist illa. Því sé ekki hægt að liggja með miklar birgðir í einu. Nú í ágúst hafi einn aðili allt í einu keypt mörg hundruð skammta.

Bóluefni gegn lifrarbólgu B er einkum notað til bólusetningar starfsfólks á heilbrigðisstofnunum, að sögn Hjörleifs. Einnig er það notað af lögreglu og á öðrum vettvangi þar sem hætta er á að fólk lendi í návígi við smitað blóð eða líkamsvökva. **- jss**

LÖGREGLAN Lögreglumenn eru meðal þeirra starfshópa sem fá bólusetningu við lifrarbólgu B.

Íslenska fyrir útlendinga:

Kenna 700 útlendingum

MENNTUN Mímir-Símenntun tekur að sér íslenskukennslu um sjö hundruð útlendinga en síðustu árin hafa Námsflokkar Reykjavíkur haft umsjón með henni.

Samningur þess efnis var undirritaður í Miðbæjarskólanum við Fríkirkjuveg 1 klukkan hálf tvö í gær.

Mímir nýtur þó krafta nokkura kennara úr Námsflokkunum sem áfram munu kenna útlendingunum.

Í samningnum felst einnig að Reykjavíkurborg stofni starfshóp skipaðan fólki með þekkingu og reynslu og hefur hópurinn það verk með höndum að þróa kennsluhætti í íslensku fyrir útlendinga. **- jse**

GAMAL MUBARAK Gamal stýrir kosningabaráttu föður síns og er sagður eftirmaður hans.

Sonur Mubarak:

Fetar í spor föður síns

EGYPTALAND, AP Gamal Mubarak, sonur Hosni Mubarak, forseta Egyptalands, sést iðulega við hlið föður síns í kosningabaráttunni sem stendur yfir í landinu.

Gamal, sem er yngsti sonur forsetans, er 41 árs og er sagður sjálfskipaður eftirmaður föður síns. Það hve áberandi hann hefur verið í kosningabaráttu föður síns er talið til marks um að forsetinn sé að undirbúa jarðveginn fyrir hann sem arftaka sinn.

Hann stýrir kosningabaráttu föður síns en vinnur einnig að umbótum innan flokks síns.

LÖGREGLUFRÉTTIR

ÓK Á HÚS Fólksbíll eyðilagðist þegar honum var ekið af Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði á hús á horni Skúlaskeiðs. Að sögn lögreglunnar í Hafnarfirði slapp ökumaður bílsins ómeiddur, en hann er grunaður um ölvun við akstur.

BÍLVELTA Í GRAFARHOLTI Bifreið skemmdist mikið í veltu við Jónsgeisla við Reynivatnsveg í Grafarholti á tólfta tímanum á fimmtudagskvöld. Að sögn lögreglu í Reykjavík voru tveir menn í bílnum og sluppu þeir lítið meiddir.

Neyðarástand ríkir í leikskólum borgarinnar

Um hundrað starfsmenn vantar í leikskóla Reykjavíkurborgar en engar tölur eru til um fjölda barna á biðlista eftir plássi. Borgarstjóri heitir auknu fjárframlagi svo leysa megi starfsmannavandann.

LEIKSKÓLAR Engar tölur eru til um það hjá menntasviði Reykjavíkurborgar hve mörg börn eru á biðlista eftir plássi í leikskólum borgarinnar vegna starfsmannaeklu.

Að sögn Gerðar G. Óskarsdóttur, sviðsstjóra menntasviðs Reykjavíkurborgar, vantar enn um 100 starfsmenn í leikskólana og hafa leikskólastjórar í átján leikskólum tilkynnt að þeir neyðist hugsanlega til að grípa til aðgerða vegna skorts á starfsfólki ef starfsmannamál leysast ekki á næstunni.

„Leikskólastjórar segjast neyðast til að stytta dvalartíma barna og stytta skóladaginn," segir Gerður. Þá hafa myndast biðlistar vegna manneklu því sumir leikskólar geta ekki tekið inn ný börn sem sótt hafa um vist.

Alls eru 132 börn á biðlista í þeim 18 leikskólum sem ástandið er verst í. Leikskólinn Geislabaugur í Grafarholti er þar á meðal. Þar eru 34 börn á biðlista og enn á eftir að ráða í sex stöður af 24, að sögn leikskólastjórans, Ingibjargar Eyfells.

Guðrún María Harðardóttir, leikskólastjóri á Grandaborg, hélt fund með foreldrum og starfsmönnum leikskólans í fyrradag og var Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri viðstödd. Á Grandaborg vantar í þrjár til fjórar stöður en leikskólinn er samt sem áður fullsetinn því búið var að taka öll ný börn inn áður en starfsfólk hætti fyrirvaralaust. „Við ákváðum á fundinum að skerða vistunartíma á hvert barn um eina klukkustund," segir Guðrún María. „Það eru mildustu aðgerðirnar sem við gátum gripið til," segir hún og bendir á að aðrir leikskólar hafi jafnvel þurft að loka deildum til skiptis heilu dagana.

GUÐRÚN MARÍA HARÐARDÓTTIR LEIKSKÓLASTJÓRI Guðrún hélt fund með foreldrum í Grandaborg þar sem Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri lofaði auknu fjárframlagi frá borginni til að leysa starfsmannavanda leikskólanna.

Steinunn Valdís tilkynnti þar jafnframt að kjarasamningar starfsmanna á leikskólum og frístundaheimilum yrðu endurskoðaðir fyrr en ætlað var og að borgin geri ráð fyrir auknum kostnaði sem nemi 20 til 50 milljónum vegna aukins álags á starfsfólk vegna manneklu.

Samkvæmt upplýsingum frá Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur vantar enn um 100 starfsmenn á frístundaheimili borgarinnar.

sda@frettabladid.is

Innbrot í tölvuverslun:

Þrír fengu skilorð

DÓMSMÁL Þrír ungir menn um og yfir tvítugt voru í gær dæmdir fyrir innbrot í tölvuverslun þar sem þeir stálu vörum fyrir tæpar 600 þúsund krónur. Sá sem þyngstan dóm hlaut var dæmdur til sex mánaða fangelsisvistar, en hinir tveir í þriggja mánaða fangelsi. Dómarnir voru allir skilorðsbundnir í þrjú ár.

Sá sem þyngstan dóminn hlaut er jafnframt elstur í hópnum, en hann var auk innbrotsins ákærður fyrir vörslu kannabisefna og amfetamíns. Þá hafði hann í tvígang verið gripinn fyrir að aka bíl próflaus.

Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur. **- óká**

Kosningar á Srí Lanka:

Friður er forgangsatriði

SRÍ LANKA, AP Mahinda Rajapakse, forsætisráðherra Sri Lanka, er talinn manna líklegastur til að fara með sigur af hólmi í forsetakosningum sem haldnar verða í landinu síðar á þessu ári.

MAHINDA RAJAPAKSE Hann er talinn manna líklegastur til að fara með sigur af hólmi í forsetakosningum á Srí Lanka.

Hann sagði í samtali við AP-fréttastofuna að ef hann næði kjöri yrði efst á forgangslista hans að koma á varanlegum friði á milli stríðandi fylkinga Tamíla og Singala.

Rajapakse er flokksbróðir Chandrika Kumaratunga, núverandi forseta landsins, en hún má ekki gefa áfram kost á sér vegna kosningalaga landsins.

VEÐRIÐ Í DAG

AÐGERÐALÍTIÐ VEÐUR

Það verður ósköp þægilegt veðrið um helgina. Í dag má reikna með suðlægum eða breytilegum áttum og yfirleitt hægum vindi. Yfirleitt verður skýjað á landinu, nema austanlands, þar sem búast má við bjartviðri. Það má reikna með lítilsháttar vætu sunnan- og vestanlands. Á morgun verður veðrið svipað, hæg breytileg átt með skýjuðu veðri en bjartviðri austanlands. Á mánudag má svo reikna með suðlægum áttum og rigningu um allt land. Hitinn þessa helgina er á bilinu 8-14 stig, svo það er víst ekki yfir neinu að kvarta.





Kveðja, Guðríður Arnardóttir náttúrufræðingur.

Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	18°C	sk.m.köflum	Algarve	29°C	sk.m.köflum	Róm	28°C	sk.m.köflum
Osló	22°C	sk.m.köflum	Mallorca	26°C	heiðskírt	Alicante	30°C	heiðskírt
London	24°C	sk.m.köflum	Krít/Chania	28°C	heiðskírt	Kýpur	30°C	heiðskírt
París	29°C	sk.m.köflum	Barcelona	28°C	heiðskírt	Rimini	26°C	þrumur

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Erikur
3 stk.
999

Pottaplöntu útsala

Haustlaukarnir komnir
...loforð um litríkt vor

Blómapottar 20% afsl.

Heilsárs-
seríur
Verðsprengja
499

blómaval
heillandi heimur

Sigtún - Grafarholt - Kringlan - Smáralind
- Akureyri - Keflavík - Selfoss -

KJÖRKASSINN

Á að leyfa að skjóta máva í Reykjavík?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	81%
Nei	19%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eiga Bílddælingar að vinna á Patreksfirði fái þeir ekki vinnu heima fyrir?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Átján manns missa vinnuna á Súðavík:

Boðin vinna í Hnífsdal

ATVINNUMÁL „Þetta eru vissulega vonbrigði en við erum vongóðir um að ná öllum þessum störfum til baka áður en árið er liðið," segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkur, en átján starfsmenn þar í bæ misstu atvinnu sína í vikunni þegar rækjuvinnslan Frosti hætti starfsemi.

Fólkinu hafa verið boðin störf í bolfiskvinnslu í hraðfrystihúsi Gunnvarar í Hnífsdal og einnig hefur sá möguleiki verið ræddur að fyrirtækið komi að kostnaði ásamt Súðavíkurbæ við það að flytja fólk úr og í vinnu.

Ómar Már segir einnig líkur á því að það takist að fá störf í bæinn sem fólkið geti ráðið sig í áður en uppsagnarfrestur þess rennur út hjá Frosta.

„Við hófum átak fyrr á þessu ári með það að markmiði að laða hingað íbúa og fyrirtæki og það er einfaldlega að skila sér," segir Ómar Már en vill þó ekki segja til um það á þessari stundu hvaða starfsemi sé von á.

Hann segir enn fremur að nú þegar hafi náðst árangur með átakinu því spurt sé eftir félagslegum íbúðum í bænum og íbúðaverð hafi hækkað. - jse

SÚÐAVÍK Átak sveitarstjórnar til að styrkja byggðina á Súðavík reynist gott veganesti til að takast á við áfallið þegar rækjuvinnslan hætti starfsemi í vikunni.

Leikskólinn á Súðavík:

Ókeypis dagvistun

DAGVISTUN Foreldrar á Súðavík þurfa ekki lengur að borga fyrir vist barna sinna í leikskóla bæjarins þar sem hann er gjaldfrjáls frá og með 1. september.

Það ætti að þyngja pyngju súðvískra foreldra því þeir spara tæpar tvö hundruð þúsund krónur á ári vegna þessa ef þeir eru með eitt barn í heilsdags vistun.

Þetta er liður í átaki sveitarstjórnar með það að markmiði að laða íbúa og fyrirtæki til bæjarins.

Fimmtán börn eru í leikskólanum en að sögn Ómars Más Jónssonar sveitarstjóra er gert ráð fyrir því að þeim fjölgi nokkuð á næstu misserum. - jse

Vegkantur gaf sig:

Belti björguðu vörubílstjóra

LÖGREGLA Bílbelti björguðu ökumanni vörubifreiðar frá teljandi meiðslum þegar vegkantur gaf sig undan bílnum þar sem hann var á ferð í Melasveit um klukkan tvö síðdegis í gær.

Að sögn lögreglunnar í Borgarnesi var þetta bíll með festivagn, fulllestaður á leið úr malarnámu í sveitinni. Bíllinn skemmdist töluvert en síðdegis var verið að skera vagninn frá bílnum og vinnuvélar voru á leið á staðinn til að moka upp mölinni.

Lögregla segir mjúkt undirlag hafa bjargað miklu um að ekki fór verr, en nokkur hnykkur kom þó á bílstjórann og ætlaði hann til öryggis að líta til læknis. - óká

LEIÐRÉTTING

STARFAÐI EKKI HJÁ WORLD CLASS
Ranglega var hermt í frétt á síðu 13 í Fréttablaðinu í gær að maður sem dæmdur var fyrir að stela úr búningsklefa í líkamsræktarstöð World Class í Laugardal, hefði verið starfsmaður stöðvarinnar. Maðurinn, sem bar við stelsýki, starfaði hjá öðru fyrirtæki á þessum tíma og lét af störfum þar eftir að þjófnaðarmálið komst upp.

Gölluðu kerfi breytt

Margvíslegar breytingar á leiðakerfi Strætó voru samþykktar á fundi stjórnar fyrirtækisins í gær. Tímatöflum verður breytt, tengingar á skiptistöðvum lagfærðar og þjónustutími lengdur. Farið er að bæta fleiri vögnum inn á leiðirnar.

SAMGÖNGUR Umtalsverðar breytingar á leiðakerfi Strætó voru samþykktar á stjórnarfundi í gær. Vögnum var fjölgað, tímatöflur lagfærðar og þjónustutími lengdur á tilteknum leiðum. Ágreiningur hefur verið í stjórninni um úrbætur á kerfinu, en þær breytingar sem nú hafa verið samþykktar taka gildi 15. október.

Björk Vilhelmsdóttir stjórnarformaður segist vera ánægð með það skref sem stjórnin ákvað að stíga til að bæta úr þeim ágöllum sem komið hafa í ljós á leiðakerfinu og stuðla þannig að bættum almenningssamgöngum. Hún segir að áætlaður kostnaður vegna þessarar breytingar á yfirstandandi fjárhagsári sé allt að 1,5 milljónir króna. Gert sé ráð fyrir að sá viðbótarkostnaður rúmist innan ramma fjárhagsáætlunar ársins.

Þau atriði sem stjórn Strætó bs. samþykkti í gær fela í sér að gerðar verða nauðsynlegar lagfæringar á tímatöflum þeirra leiða sem tekst illa að halda áætlun, sérstaklega S1, 11, 13, 14, 22 og 24. Jafnframt verða tengingar á skiptistöðvum milli leiða sérstaklega skoðaðar og þær lagfærðar eftir því sem unnt er. Breytingarnar kalla á rekstur fleiri vagna til viðbótar þeim sem áður var gert ráð fyrir. Vögnum hefur þegar verið bætt inn á sumar leiðanna, að sögn Bjarkar.

ÞJÓNUSTUTÍMI Stjórn Strætó bs. samþykkti meðal annars í gær að lengja þjónustutíma á tilteknum leiðum strætisvagnanna.

Þá mun Strætó bs. óska eftir samvinnu við sveitarfélögin sem að Strætó standa um gerð nýrra biðstöðva.

Þjónustutími Strætó verður lengdur að hluta á leiðum 12 og 16 til miðnættis frá og með 15. október.

Þá er hafin úttekt á leiðakerfinu þar sem sérstaklega verður hugað að athugasemdum og ábendingum frá vagnstjórum og farþegum. Enn fremur verður viðhorf til leiðakerfisins og þjónustutímanskannað. Niðurstöður úttektarinnar verða nýttar við endurskoðun leiðakerfisins sem áætlað er að geti átt sér stað um næstu áramót.

jss@frettabladid.is

FRAMKVÆMDIR VIÐ KERSKÁLA Byrjað er að reisa burðarvirki skálanna fjögurra.

Fjarðaál er á áætlun:

Bygging kerskála hafin

STÓRIÐJA Framkvæmdir við byggingu álvers á Austurlandi ganga samkvæmt áætlun. Byrjað er að setja saman burðarvirki kerskálanna fjögurra.

Um 570 starfsmenn eru á framkvæmdasvæðinu og er um helmingur þeirra af erlendu bergi brotinn. Þeim fer fjölgandi á næstunni og verða um 700 í lok þessa árs og um 1600 þegar framkvæmdir ná hámarki um mitt árið 2006.

Framkvæmdaáætlun verkefnisins hljóðar upp á tæpa sjötíu milljarða íslenskra króna. - grs

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

MÓTMÆLENDUR Á FILIPPSEYJUM Krefjast lögsóknar á hendur forsetanum.

Stjórnarandstæðingar:

Liði safnað gegn Arroyo

FILIPPSEYJAR, AP Stjórnarandstaðan á Filippseyjum safnar nú liði til að krefjast lögsóknar á hendur forseta landsins, Gloriu Macapagal Arroyo, eftir að stuðningsmenn hennar í sérstakri þingnefnd ákváðu að falla frá þremur ákærum á hendur henni. Arroyo er meðal annars sökuð um kosningasvindl.

Hægt er að snúa ákvörðun þingnefndarinnar greiði þriðjungur þingmanna atkvæði gegn henni. Stjórnarandstaðan þarf 79 atkvæði til að fella ákvörðunina og segist aðeins þurfa sex atkvæði til viðbótar við þau sem hún hafi þegar tryggt.

EINAR Í NESI Vísindamenn NASA nota bátinn Einar í Nesi til að komast að hverastrýtunum í Eyjafirði en báturinn er í eigu Hafrannsóknastofnunarinnar.

Geimferðastofnun Bandaríkjanna:

Rannsakar hverastrýtur á botni Eyjafjarðar

RANNSÓKNIR Tveir vísindamenn frá Geimferðastofnun Bandaríkjanna (NASA), Alberto Behar og Jaret Matthews, komu til Akureyrar síðastliðinn miðvikudag í þeim tilgangi að gera tilraunir í Eyjafirði með nýjan hátæknibúnað til rannsókna á djúpsjávarhverum. Behar hefur komið að margvíslegum rannsóknum hjá NASA og á þátt í hönnun og smíði á þjarkabílum til rannsókna á plánetunni Mars.

Starfsmenn Háskólans á Akureyri (HA) verða erlendu vísindamönnunum innan handar meðan á dvöl þeirra stendur á Akureyri en Hreiðar Þór Valtýsson, lektor við HA, segir að Eyjafjörður hafi orðið fyrir valinu þar sem hvergi í heiminum sé vitað um hverastrýtur á minna sjávardýpi. „Því er hægt að kafa niður að strýtunum og fylgjast með hvernig búnaðurinn vinnur. Sýni verða tekin úr strýtunum og starfsmenn háskólans munu greina þau til að sannreyna að búnaðurinn virki eins og til er ætlast," segir Hreiðar.

Búnaðurinn var reyndur í gær og tilraunum með hann verður framhaldið í dag en vísindamennirnir halda af landi brott á sunnudaginn. - kk

LÖGREGLUFRÉTTIR

SKOÐA STULD STJÓRNANDA Lögreglan í Reykjavík rannsakar enn misferli forstöðukonu sambýlis fyrir fatlaða í Reykjavík sem kært var í vor. Talið er að konan hafi dregið sér vörur út á reikning sambýlisins og lagði Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík fram ítarleg gögn með kærunni. Konan lét þegar af stjórn sambýlisins.

Helgarsprengja

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind. Takmarkað úrval í öðrum verslunum.

Hágæða örþunn sjónvarpstæki

United 42" Plasma Breiðtjaldssjónvarp
- 42" HD plasma skjár
- Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA) með skerpu 3000:1
- Birta: 640 cd/m2
- Progressive scan
- 2x10w nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum
- Sjónsvið: 160°
- 2 scart tengi, DVI og PC tölvutengi
- Mynd í mynd (2 tunerar)
- Textavarp
- Fjarstýring
- Stærð (bxhxd): 124,5x64,5x8,5 (með hát.)
- Stærð (bxhxd): 104,5x64,5x8,5 (án hát.)

Vaxtalaus verðsprengja! aðeins **8.999*** kr á mán. í 20 mánuði
Ver nú 179.980,-

Vaxtalaus verðsprengja! aðeins **7.499*** kr á mán. í 20 mánuði
Ver 149.980,-

United 32" HD LCD breiðtjaldssjónvarp
• 32" HD LCD skjár • Upplausn 1366x768 (VGA, SVGA, XGA) með progressive scan • HDTV ready (styður 720p og 1080i) • Skerpa:800:1 og birta: 550 cd/m2 • Svartími: 12ms og sjónsvið (H/V): 170°/170° • 2x10w hljóðkerfi með 2 hátölurum • 2 scart tengi, component (YPbPr) PC tengi (DVI-D og VGA) • AV og heyrnartólstengi að framan • Mynd í mynd (2 tunerar) • Textavarp • Fjarstýring • Mál í cm (bxhxd): 93,6x56,2x11

United 20" LCD Sjónvarp með móttakara
- 20" 4:3 LCD skjár
- Upplausn: 800x600 punktar
- Skerpa: 500:1
- Sjónsvið: 160°
- 12 og 220V
- Textavarp og stereó hljóðkerfi
- Inngangar: 2 scart með RGB, AV og SVHS
- Útgangar: 2 scart, og heyrnartólstengi
- PC-Inngangur
- Fjölkerfa móttaka
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 61,6x39,5x7,5

Vaxtalaus verðsprengja! aðeins **4.999*** kr á mán. í 12 mánuði
Ver nú 9.988,-

Vaxtalaus verðsprengja! aðeins **8.499*** kr á mán. í 20 mánuði
Ver nú 169.980,-

Philips 32" LCD Breiðtjaldssjónvarp
• 32" HD LCD skjár • Upplausn 1366x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) • Digital crystal clear og contrast plus • Ljósskynjari og active control til að minnka glampa • Skerpa: 500:1 og svartími: 18ms • Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 450 cd/m2 • 2 x 30w nicam stereó hljóðkerfi með virtual dolby surround • 2 scart tengi (með RGB) og PC tengi (VGA) • Stereo inn og út • Heyrnartóls, SVHS og AV tengi • Textavarp • Smart picture og smart sound • Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Mál (bxhxd): 92,4x55x22,2 cm (með standi) og þyngd: 18,2kg

Vaxtalaus verðsprengja! aðeins **8.332*** kr á mán. í 12 mánuði
Ver nú 99.984,-

United 27" LCD Breiðtjaldssjónvarp
• 27" LCD skjár • Upplausn 1280x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með progressive scan • Skerpa:600:1 • Birta: 500 cd/m2 • Sjónsvið: 170° • 2x7w SRS surround hljóðkerfi með 2 hátölurum • 2 scart tengi, component (YPbPr) og DVI tengi • Tölvutengi • AV og heyrnartólstengi að framan • Mynd í mynd (2 tunerar) • Textavarp • Fjarstýring • Mál (bxhxd): 81x44,5x11

Gildir til 9. september eða á meðan birgðir endast.
***Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða opinberu heimsókn þurfti Danadrotning, Margrét Þórhildur, að fresta vegna slitgigtar?*

2 *Hve mikið var tapið af rekstri Smyril Line, sem rekur farþegaskipið Norrænu, fyrstu fjóra mánuði ársins?*

3 *Hvaða liði stjórnar Guðjón Þórðarson í þriðju deild enska boltans?*

Svörin eru á bls. 30

HAMFARIRNAR

ÞJÓFNAÐUR Í NEYÐ Óprúttnir þjófar hafa ekki skirrst við að fara ránshendi um New Orleans. Neyðin rekur þó marga til að taka vörur úr búðum ófrjálsri hendi og var til dæmis þröng á þingi í apóteki í borginni. Maður nokkur sýndi fréttamönnum ör eftir skurðaðgerð og kvaðst verða að stela þvaglekabindum. „Ég er kristinn, ég er með samviskubit.“

BORGARSTJÓRINN REIÐUR Embættismenn á hamfarasvæðunum eru Almannavörnum Bandaríkjanna gramir fyrir seinagang í hjálparstarfinu. Ray Nagin, borgarstjóri í New Orleans, var ómyrkur í máli í sjónvarpsviðtali í fyrrakvöld þar sem hann blótaði stjórnvöldum og brast loks í grát. „Hunskist á fætur og reynið að gera eitthvað,“ hrópaði hann.

Rauði kross Íslands bendir áhugasömum á samtökin vestra:

Fjölmargir vilja gefa fé til Bandaríkjanna

KATRÍN Rauði kross Íslands hefur fengið fjölmargar fyrirspurnir frá fólki sem vill styrkja björgunarstarf í Bandaríkjunum vegna hamfaranna sem fellibylurinn Katrín olli.

Þórir Guðmundsson, sviðstjóri útbreiðslusviðs hjá Rauða krossi Íslands, segir að fólki sé beint inn á vefsíðu bandaríska Rauða krossins, www.redcross.org, þar sem það geti skráð sitt framlag: „Fólki er einnig velkomið að láta féð í hendur Rauða krossinum hér heima sem kemur því þá áleiðis.“

Þórir segir að ekki hafi verið óskað eftir alþjóðlegri aðstoð við hjálparstarfið í Bandaríkjunum. Það sé í höndum hvers ríkis sem verði fyrir hörmungum sem þessum að ákveða hvort hjálpar sé þörf. Bandaríkin séu hins vegar með ríkari þjóðum heims og því ólíklegra að þau óski aðstoðar. Hjálparsamtökin séu þó reiðubúin til að veita hana verði þess óskað.

Rauði kross Bandaríkjanna hefur fengið þúsundir sjálfboðaliða í lið með sér vegna afleiðinga fellibylsins sem lagði hluta af Louisiana-ríki í rúst. **- gag**

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

ÞÓRIR GUÐMUNDSSON Þórir segir fjölmarga hafa haft samband við Rauða kross Íslands. Fólkið vilji gefa fé til aðstoðar við björgunarstarfið í Bandaríkjunum.

Ríkisstjórnin:

Vottar samúð

HAMFARIR Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar sent George W. Bush, forseta Bandaríkjanna, samúðarskeyti vegna manntjónsins í kjölfar fellibylsins Katrínar.

Aðstoð við björgunarstörf eða fjárframlög var ekki boðin, samkvæmt upplýsingum forsætisráðuneytisins, enda var ekki eftir því óskað.

Forsætisráðherra ritaði í skeytinu að íslenska þjóðin væri harmi slegin vegna þess fjölda sem lét lífið og þess tjóns sem varð í þessum náttúruhamförum. Óskar forsætisráðherra íbúum Bandaríkjanna velfarnaðar í þeim verkefnum sem fram undan eru. **- gag**

Ræðismaðurinn í Houston:

Ástandið er mjög slæmt

HAMFARIR Ástandið eftir hamfarirnar er mjög slæmt að sögn Ólafs Árna Ásgeirssonar, ræðismanns Íslands í Houston í Texas. Hann segir að um 30 til 40 Íslendingar búi í Houston en líklega um tíu í New Orleans og svæðunum þar í kring.

„Mér er hvorki kunnugt um að Íslendingar hafi orðið innlyksa í New Orleans né að einhverjir séu á leið hingað,“ segir Ólafur Árni, en þúsundum fórnarlamba fellibylsins hefur verið ekið til Houston. Fréttablaðið reyndi án árangurs í gær að ná í Greg J. Beuerman, ræðismann í New Orleans. Ólafur Árni segist heldur ekkert hafa heyrt í honum enda liggi allt símasamband niðri. **- th**

ÓLAFUR ÁRNI ÁSGEIRSSON Houston er í um 400 kílómetra fjarlægð frá New Orleans og segir Ólafur Árni íbúa Houston prísa sig sæla að hafa sloppið við fellibylinn.



MYND/AP

ALGER UPPLAUSN Hrikalegt ástand hefur verið í ráðstefnumiðstöð New Orleans þar sem þúsundir biðu eftir vatni, mat og öðrum nauðþurftum, þar á meðal margir sjúklingar.

Helvíti á jörðu

Ástandið í New Orleans er skelfilegt. Ribbaldar ráða þar ríkjum og hefur herlið verið kvatt á vettvang til að koma á lögum og reglu – með hörðu.

HAMFARIR Glundroði og gripdeildir hafa einkennt New Orleans-borg síðustu daga. Lögreglumenn hafa skilað inn skjöldum sínum á meðan stigamenn fara um ruplandi og rænandi.

Óveðrið á mánudaginn var aðeins byrjunin á raunum þeirra sem ekki náðu að flýja New Orleans. Síðustu daga hefur borgin orðið algjöru stjórnleysi að bráð sem yfirvöld hafa átt fullt í fangi með að ná tökum á. Skotið hefur verið á hjálparstarfsmenn sem reynt hafa að bjarga sjúkum og þjáðum.

Einna verst hefur ástandið verið við Louisiana Superdome-íþróttaleikvanginum og í ráðstefnumiðstöð New Orleans, þar sem tugþúsundir strandaglópa sitja fastar. Á síðarnefnda staðnum hafði fólkið beðið matar- og drykkjarlaust dögum saman í kæfandi hita innan um rotnandi lík eftir aðstoð. „Hér er hvorki matur né vatn. Þeir skjóta og drepa fólk,“ sagði Tishia Walters, ein hinna bágstöddu, í samtali við CNN. „Menn eru rændir á klósettunum og konum nauðgað og því kýs fólk að gera þarfir sínar á gólfið. Hér ríkir alger upplausn.“ Þrátt fyrir að yfirvöld hafi hvatt íbúa borgarinnar til að halda þangað kvaðst talsmaður Almannavarna Bandaríkjanna (FEMA) hafa fyrst frétt af mannsöfnuðinum þar í gær.

Í dögun gærdagsins varð mikil sprenging í efnageymum á járnbrautarstöð borgarinnar. Ekki er vitað um manntjón af völdum sprengingarinnar en talsverður eldur kviknaði í kjölfarið og logaði næturhimininn af þeim völdum

Fjöldi lögreglumanna er sagður hafa lagt niður störf á svæðinu. Einn þeirra líkti ástandinu við upplausnina í Sómalíu á sínum tíma þar sem samfélagið hrundi með öllu. Annar sagði glæpamenn bæði fjölmennari og betur vopnaða en lögregluna.

Í gær voru svo sjö þúsund þjóðvarðliðar sendir til borgarinnar til þess að stilla til friðar, stöðva gripdeildir og dreifa hjálpargögnum. Steven Blum höfuðsmaður sagði helming þeirra vera nýkominn frá Írak og þeir væru því „mjög vanir í að beita lífshættulegum krafti.“

sveinng@frettabladid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Fullorðið fólk
í hlutastarf á kassa

Ert þú á besta aldri og vilt vinna nokkra tíma á dag?
Við viljum styrkja hópinn okkar og fá fullorðið starfsfólk með reynslu af lífinu og með lipurð í mannlegum samskiptum til vinnu á kassa virka daga í 4-6 tíma á dag.

Styrkjum hópinn!

BÓNUS®

Áhugasamir hafi samband við verslunarstjóra í þeirri verslun sem þeim finnst spennandi eða:
Við Svan starfsmannastjóra s: 691 9988.
Við starfsfólk á skrifstofu s: 588 8699.
Skrái sig inná bonus.is.

bonus.is

EKKERT BRUÐL BÓNUS

Leikur í HM 2006
milli Íslands og Króatíu
fer fram á Laugardalsvelli
í dag 3. september
kl. 18:05.

Ísland:Króatía

6 villages for 2006
FIFA
www.sos-childrensvillages.org

STYÐJUM GOTT MÁLEFNI
SÖFNUNARSÍMI: 904 2006

	Sala í dag 3. september.
Gamla stúka	3.500 kr.
Nýja stúka	2.500 kr.

Athugið að eingöngu verða seldir miðar í númeruð sæti.

50% afsláttur fyrir 16 ára og yngri í hvaða sæti sem er.

Hver aðgöngumiði er merktur ákveðnu sæti.
Sem fyrr er hægt að kaupa barnamiða
í hvaða sæti sem er.

Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar
í báðum stúkum.
Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara
með drykkjarföng inn á völlinn.

KSI

HEKLA · LENGJAN · Esso · IH ICELANDAIR HOTELS · TM · KB BANKI · Coca-Cola · MasterCard · ICELANDAIR · Skyrr hf · Leppin · SÝN besta sætið · errea · Gott fólk McCann

HÁTT BENSÍNVERÐ Bensín hefur hækkað mikið í verði eftir að fellibylurinn Katrín skall á suðurströnd Bandaríkjanna. Eitt gallon kostar nú þrjá dollara í New York. Þetta jafngildir því að einn lítri kosti tæpar fimmtíu krónur.

Bandaríkjaforseti gagnrýnir hjálparstarfið:

Árangurinn ekki viðunandi

HAMFARIR George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur verið gagnrýndur mikið vegna viðbragða yfirvalda við fellibylnum Katrínu. Hann heimsótti hörmungasvæðið í gær og sagði aðkomuna vera mun verri hann hefði búist við.

Fyrr um daginn hafði forsetinn sagt að árangurinn af hjálparstarfinu væri ekki viðunand, illa hefði gengið að koma matvælum og vatni til fórnarlamba á svæðinu. Hann gagnrýndi einnig að ekki hefði tekist að uppræta þjófnaði og glæpi í New Orleans.

„Við munum ráða fram úr þessum vanda," sagði Bush áður en hann lagði af stað í heimsóknina. „Og við ætlum að hjálpa þeim sem þurfa hjálp."

Bush kvaðst vona að heimsókn sín myndi efla þrótt meðal björgunarmanna og þeirra sem enn væru fastir á svæðinu. Þá var vonast til þess að heimsókn hans myndi lægja óánægjuöldur og slá á vaxandi gagnrýni þess eðlis að hann hefði brugðist of seint og illa við.

Bush hefur lofað rúmum tíu milljörðum Bandaríkjadala, um 650 milljörðum íslenskra króna, til hjálparstarfsins. **- sda**

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

GEORGE W. BUSH Heimsótti hamfarasvæðið í gær og sagði að árangurinn af hjálparstarfinu væri óviðunandi.

HJÁLPARGÖGNUM KOMIÐ TIL NAUÐSTADDRA Í NEYÐARSKÝLI Í NEW ORLEANS Yfirmaður björgunaraðgerðanna í New Orleans segir að björgunaraðgerðirnar séu þjóðarskömm.

Stjórnlaust

Bandaríkjastjórn er gagnrýnd fyrir viðbrögð sín vegna hamfaranna í Louisana. Yfirmaður björgunaraðgerðanna segir þær þjóðarskömm.

HAMFARIR „Skaðinn af völdum hamfaranna vegna fellibyljarins í Suðurríkjum Bandaríkjanna er ekki eingöngu af náttúrunnar völdum," segir Sidney Blumenthal, fyrrum ráðgjafi Bills Clinton Bandaríkjaforseta, í grein í vefútgáfu þýska blaðsins Der Spiegel.

Hann segir að fyrir ári hafi verkfræðingar bandaríska hersins lagt til við Bandaríkjastjórn að gerð yrði úttekt á því hvernig verja mætti New Orleans gegn hrikalegum afleiðingum fellibyljar en það var afþakkað. Snemma árs 2001 hafi Almannavarnir Bandaríkjanna, FEMA, gefið út skýrslu þar sem skýrt var frá því að fellibylur sem færi yfir New Orleans væri ein af þremur líklegustu hamförunum til að eiga sér stað í Bandaríkjunum en hryðjuverkaárás á New Yorkborg var þar einnig nefnd.

Árið 2003 voru fjárveitingar til flóðavarna í New Orleans skornar niður til muna og þess í stað veitt til stríðshalds í Írak, að sögn Blumenthals. Í fyrra veittu yfirvöld einungis 20 prósent þess fjármagns sem óskað var eftir til viðhalds flóðvarna um Pontchartrain-vatn. Í kjölfar fellibyljarins kom sextíu metra skarð í flóðgarða vatnsins og flæddi það yfir New Orleans. „Alls hafa fjárveitingar til flóðvarna því dregist saman um 44,2 prósent frá því 2001," segir Blumenthal.

Washington Post gagnrýnir viðbrögð yfirvalda í kjölfar fellibyljarins og segir þau hæg. Þrátt fyrir að sérfræðingar hafi fyrir löngu spáð fyrir um að miklar hamfarir gætu orðið í borginni ef fellibylur riði yfir hafi vandamálið orðið verra vegna þess hve seint og illa var brugðist við að útvega 100 þúsund manns neyðarskýli, segir í blaðinu.

Vitnað var í yfirmann björgunaraðgerðanna í New Orleans, Terry Ebbert, sem segir að björgunaraðgerðirnar séu þjóðarskömm. „Almannavarnir hafa verið hér í þrjá daga en hafa enn enga stjórn á málum," segir Ebbert. „Við förum létt með að senda gríðarlegt magn hjálpargagna til fórnarlamba flóðbylgju í suðurhluta Asíu, en okkur tekst ekki að flytja fólk á brott frá New Orleans," segir hann.

Talsmaður Almannavarna ber í bætifláka fyrir björgunaraðgerðirnar og segir að undirbúningur hafi miðast við viðbrögð við fellibylnum og að hin gríðarlegu flóð hafi komið þeim í opna skjöldu.

sda@frettabladid.is

birta » PUNKTUR » FASTUR



Glaðir fætur á Heilsudegi Flexor

Nýir aðilar hafa tekið við rekstri verslunar Össurar í Orkuhúsinu við Suðurlandsbraut og af því tilefni hefur verslunin fengið nafnið Flexor. Boðið er upp á sömu gæði og þjónustu og áður og hafir þú einhvers konar stoðkerfisvandamál bjóðum við upp á alhliða þjónustu á einum stað. Samstarf Flexor við sérfræðinga innan heilbrigðisstéttarinnar sem starfa í Orkuhúsinu gerir okkur kleift að veita þér bestu þjónustu sem völ er á.

Í Flexor færðu úrval af skóm t.d. frá Scarpa, Ecco, Asics og Teva ásamt spelkum og innleggjum frá Össuri. Líttu við og leyfðu okkur að aðstoða þig við að finna góða skó sem henta þínum þörfum og annan útbúnað sem getur skipt sköpum.

Í dag, laugardaginn 3. september er Heilsudagur hjá Flexor. Fagfólk verður á staðnum sem veitir fría ráðgjöf öllum þeim sem telja sig þurfa og að auki er þar að finna fjölda frábærra tilboða.

- **15% afsláttur** af öllum vörum í dag.
- **Stoðtækjafræðingur** verður á staðnum og gefur ráð.
- **Ráðgjafar** frá helstu skó-framleiðendum verða á staðnum og gefa góð ráð.
- **30-50% afsláttur** af völdum vörum.
- **Sjúkraþjálfarar** greina og gefa góð ráð og velja með þér rétta skó, hlífar og/eða spelkur.
- **Sokkar fylgja** með Asics skóm á meðan birgðir endast.

ÖSSUR · SCARPA · ecco · asics · Teva

FLEXOR
NÆSTA SKREF

Suðurlandsbraut 34 · Sími 517 3900

MÓÐIR OG DÓTTIR Sheila Dixon heldur á átján mánaða gamalli dóttur sinni eftir að þær höfðu verið fluttar með þyrlu af flóðasvæðinu. Sheila grét og sagðist ekki vita hvert hún ætti að fara.

Opnað fyrir alþjóðlegar neyðarbirgðir olíu:

Tvær milljónir fata á dag á markað

HAMFARIR Alþjóða orkumálastofnunin, IEA, lagði til í gær að aðildarríkin settu tvær milljónir olíufata á dag úr neyðarbirgðum sínum í umferð til að aðstoða stjórnvöld í Bandaríkjunum við að fást við afleiðingar hamfaranna sem fellibylurinn Katrín olli.

Í yfirlýsingu sem franska ríkisstjórnin sendi frá sér segir að úr neyðarolíubirgðum Frakklands yrðu 92.000 föt á dag sett í umferð strax, sem framlag Frakka til víðtækari áætlunar um að iðnríkin losuðu alls um 60 milljónir fata úr birgðageymslum sínum á næstu tveimur mánuðum.

Fyrr um daginn hafði aðalskrifstofa IEA, sem er til húsa í París, tilkynnt að samningaviðræður stæðu yfir um að aðildarríkin opnuðu fyrir varabirgðir sínar. Talsmenn stjórnvalda í Þýskalandi og Frakklandi höfðu áður greint frá því að Bandaríkjastjórn hefði farið þess á leit að gengið yrði á alþjóðlegar varaolíubirgðir til að koma til móts við skortinn sem kominn er upp vegna þeirrar röskunar á olíuframleiðslunni sem fellibylurinn hefur valdið. Katrín stöðvaði um níutíu af hundraði allrar olíuframleiðslu á Mexíkóflóasvæðinu, en að öllu jöfnu skilar hún um þrjátíu prósentum af allri olíuframleiðslu og um fjórðungi jarðgasframleiðslu Bandaríkjanna.

Framleiðslurröskunin hefur valdið miklum verðhækkunum á eldsneyti síðustu daga, ekki síst í Evrópu. - aa

OLÍUVERÐ AFTUR NIÐUR Olíumarkaðsmiðlarar í kauphöllinni í New York í gær. Verð lækkaði eftir að fréttist af viðbrögðum Alþjóða orkumálastofnunarinnar og stóru iðnríkjanna í Evrópu.

Aldraður rokkari:

Fats er fundinn

HAMFARIR Ryþmablússöngvarinn Fats Domino er kominn í leitirnar en hans hafði verið saknað eftir að fellibylurinn Katrín gekk yfir sunnanverð Bandaríkin.

Margir listamenn búa í New Orleans og þeirra á meðal er hinn 77 ára gamli Fats Domino, sem gerði garðinn frægan í árdaga rokksins. Eftir að óveðrið var um garð gengið lýsti umboðsmaður Dominos því yfir að hann hefði ekkert heyrt frá honum í nokkra daga. Í fyrrakvöld greindi Karen Domino White, dóttir kappans, frá því að hún hefði séð ljósmyndir af björgun föður síns og virtist ekkert ama að honum. „Okkur er mjög létt," sagði White í samtali við blaðamenn.

Nauðstöddum berst loks hjálp

„Riddaraliðið er komið," sagði hershöfðingi í bandaríska þjóðvarðliðinu sem kom loks með mikinn búnað til New Orleans í gær til að aðstoða svanga strandaglópa og koma á lögum og reglu.

HAMFARIR Fjórum dögum eftir að fellibylurinn Katrín gekk yfir Louisiana barst nauðstöddum á hamfarasvæðunum loks aðstoð í gær, þegar þúsundir liðsmanna bandaríska þjóðvarðliðsins, hlaðnir vopnum, búnaði og vistum, komust þangað. Aðalverkefni hermannanna var að koma á lögum og reglu, auk þess að aðstoða nauðstadda.

„Riddaraliðið er komið og það mun halda áfram að koma," hefur AP eftir einum hershöfðingjanum.

Herbílalestin óð í gegnum aurugt flóðvatnið á götum New Orleans og kom að ráðstefnumiðstöðinni þar sem 15.000-20.000 borgarbúar höfðust við, einangraðir, matarlitlir og örvæntingarfullir. Margir voru svo reiðir yfir ringulreiðinni og langri biðinni eftir aðstoð að andrúmsloftið var lævi blandið.

Opnir pallar herflutningabílanna voru hlaðnir hjálpargögnum. Hermenn með alvæpni sátu aftan á pöllunum.

Margir tugir hópflutningabíla fylgdu í kjölfar herbílalestarinnar og stefndu að Superdome-íþróttahöllinni, en fyrir utan hana biðu þúsundir flóðflóttafólks sem afbar ekki lengur fnykinn, hitann og skítinn inni í höllinni.

Gríðarleg óánægja kraumaði meðal fólksins sem hafði orðið innlyksa þarna. Borgarstjóri New Orleans og aðrir héldu því fram að alríkisyfirvöld hefðu spillt fyrir björgunarstarfinu og valdið því þar með að fjöldi fólks á flótta undan hamförunum veslaðist upp á yfirgefnum götum, matar-, vatns- og lyfjalaust.

Á fimmtudag lágu lík í skítnum kringum ráðstefnumiðstöðina og margir sem leitað höfðu skjóls þar kvörtuðu sáran yfir því að yfirvöld hefðu látið þá afskiptalausa. Eldar kviknuðu og slagsmál brutust út þegar fólk reyndi sitt ýtrasta til að komast um borð í rútur sem áttu að flytja það í aðra íþróttahöll í Houston í Texas. Skipulagið var þó ekki betra en svo að mörgum þeirra sem þó fengu far til Houston Astrodome-leikvangsins var vísað frá þar sem þá þegar hefðu of margir verið komnir þangað inn.

„Fólkið í borginni er á ystu nöf," sagði borgarstjórinn Ray Nagin í yfirlýsingu sem send var út á CNN-sjónvarpsstöðinni. „Tíminn er runninn út. Lifum við aðra nótt af? Á hvern getum við treyst? Það veit Guð einn," sagði hann.

audunn@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

NEYÐ Í NEW ORLEANS Slökkviliðsmaður veitir þriggja ára gömlum dreng fyrstu hjálp er unnið var að því að flytja burt allt fólkið sem leitað hafði skjóls í Louisiana Superdome-íþróttahöllinni í New Orleans.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BJARGARLAUS Melba Harris, 86 ára, lá bjargarlaus í vegkanti í tvo daga.

Samstaðan er lítil:

Gamla fólkið hjálparlaust

HAMFARIR Fellibylurinn Katrín hitti sennilega þá verst sem veikastir voru fyrir: sjúklinga, aldraða og fátæka. Raunir þessa fólks hafa verið ótrúlegar síðustu daga.

Lloyd Simmons, 68 ára, er einn þeirra sem ekki hafa átt sjö dagana sæla. Hann þjáist af lungnaþembu og þarf því að draga öndunarvél með sér hvert sem hann fer en rafmagnsleysið hefur vitaskuld valdið honum verulegum vandræðum. Hann stóð í marga klukkutíma í vegkanti og veifaði lögreglubílum en enginn stansaði. „Segið mér hvað ég á að gera og ég mun gera það. Ég sárbæni ykkur að segja mér hvar ég get fengið rafmagn fyrir öndunarvélina mína," sagði hann hásri röddu.

Ekki var betur komið fyrir Melbu Harris, 86 ára. Hún hafði legið án matar og vatns í tvo daga í kantinum á hraðbraut. Enginn veitti henni minnstu eftirtekt.

AFRÓ - AFRÓ - AFRÓ

AFRÓSKÓLI Sigrúnar Grendal

Hefurðu gaman af að dansa?

Gerðu líkamsræktina að þinni bestu skemmtun
Njóttu þess að hreyfa þig undir seyðandi trommuslætti
Láttu reyndan afrókennara leiða þig á vit ævintýrisins sem felst í því að upplifa magnaðar hreyfingar afródansins – finndu gleðina, frelsið og orkuna sem leysist úr læðingi

Án gríns. Afró er engu líkt. Afró er fyrir alla - líka þig!

8 vikna námskeið hefjast mánudaginn 5. september

Innritun í síma **561 5100**

Kennslustaðir: Baðhúsið í Reykjavík, Betrunarhúsið í Garðabæ og Sporthúsið í Kópavogi
Nánari upplýsingar: www.isf.is
Netfang: missgrendal@hotmail.com

ICELAND SPA & FITNESS

Kennararnir Sigrún og Cheick hafa stundað langt og strangt nám í afródönsum og trommuslætti í Gíneu, Vestur-Afríku. Þau hafa kennt afró um árabil og staðið fyrir ýmsum uppákomum bæði á Norðurlöndunum og í Afríku.

Bandaríkjamenn eiga vini víðar en marga grunar:

Fátækari þjóðir bjóða fram aðstoð

HAMFARIR Yfir fjörutíu lönd hafa boðið Bandaríkjamönnum aðstoð sína, meðal annars þau ríki sem verst urðu fyrir barðinu á flóðbylgjunni á öðrum degi jóla og önnur sem hingað til hafa ekki verið mjög elsk að ríkisstjórninni í Washington.

„Við ættum ekki að gera ráð fyrir aðþessari hamfarir séu eitthvað léttvægari þó að Bandaríkin séu ríkasta og voldugasta land veraldar," sagði John Howard, forsætisráðherra Ástralíu, í samtali við ástralska ríkisútvarpið í gær. Ástralir hafa lofað mestum peningum af þeim þjóðum sem búa í austurvegi, hálfum milljarði króna, en Japanar fylgja fast á eftir. Ríkisstjórn Singapúr hefur sent þrjár Chinook-þyrlur á vettvang. Fátækari þjóðir Asíu slá heldur ekki slöku við. Srí Lanka, sem varð illa úti í hamförunum 26. desember, hefur boðið tvær milljónir króna og ríkisstjórn Indónesíu, þar sem mannfallið var mest í flóðbylgjunni, er að hugleiða hvernig hún geti komið best að gagni.

Á meðal þeirra landa sem boðið hafa fram aðstoð eru Rússland, Kanada, Frakkland, Þýskaland, Venesúela, Bretland, Holland og Kína en einnig hefur Atlantshafsbandalagið sagst vera til þjónustu reiðubúið svo og Sameinuðu þjóðirnar. Meira að segja Kúbverjar segjast ætla að láta fé af hendi rakna. - shg

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ELSKAÐU ÓVINI ÞÍNA Hugo Chavez, forseti Venesúela (til vinstri), hefur boðist til að senda Bandaríkjamönnum hjálparstarfsmenn. Ekki er langt síðan Chavez sakaði bandarísku stjórnina um að sitja um líf sitt.

HÚSGÖGN

„MARK" TÖLVUBORÐ ÁÐUR ~~5.990,-~~ NÚ **3.990,-**
„DRAMMEN" BORÐ BÆSAÐ ÁÐUR ~~45.000,-~~ NÚ **24.900,-**
„MIRIAM" STÓLL ÁÐUR ~~6.990,-~~ NÚ **4.990,-**
„LIVING" KOMMÓÐA 6 SKÚFFUR ÁÐUR ~~9.990,-~~ NÚ **6.990,-**
SPEGLAR 65X120 OG 40X140 ÁÐUR ~~4.990,-~~ NÚ **3.990,-**
„DRAMMEN" STÓLL BÆSAÐUR ÁÐUR ~~8.990,-~~ NÚ **4.990,-**
„VALENS" STÓLAR BLÁR/PURPLE ÁÐUR ~~6.990,-~~ NÚ **3.990,-**
„VALETTA" BORÐSTOFUSTÓLAR ÁÐUR ~~12.900,-~~ NÚ **8.990,-**
SPEGLAR 40X80 OG 55X85 ÁÐUR ~~2.990,-~~ NÚ **1.990,-**

BARNAFÖT

BARNAINNISKÓR ÁÐUR ~~590,-~~ NÚ **99,-**
MOTTA BEY BLADE ÁÐUR ~~2.490,-~~ NÚ **499,-**
NÁTTKJÓLL TINKERBELL ÁÐUR ~~1.490,-~~ NÚ **290,-**
NÆRFÖT TINKERBELL ÁÐUR ~~1.690,-~~ NÚ **499,-**
SAMFELLUR 7 STK. ÁÐUR ~~1.290,-~~ NÚ **690,-**
REGNBUXUR ÁÐUR ~~990,-~~ NÚ **399,-**
REGNJAKKI ÁÐUR ~~990,-~~ NÚ **399,-**
STUTTERMABOLIR ÁÐUR ~~299,-~~ NÚ **99,-**

25-80% AFSLÁTTUR

KOMIÐ OG GERIÐ GÓÐ KAUP!

FATNAÐUR

"SUMMERTIME" SANDALAR ÁÐUR ~~399,-~~ NÚ **10,-**
ÍÞRÓTTASKÓR ALLAR STÆRÐIR ÁÐUR ~~990,-~~ NÚ **499,-**
FLÍSPEYSUR ÁÐUR ~~990,-~~ NÚ **690,-**
BAKPOKAR/SKÓLATÖSKUR ÁÐUR ~~990,-~~ NÚ **499,-**
REGNSLÁ ÁÐUR ~~1.490,-~~ NÚ **745,-**
FILA TENNISSOKKAR 3 STK. ÁÐUR ~~590,-~~ NÚ **399,-**

SMÁVARA

GLASASETT 6 STK. ÁÐUR ~~299,-~~ NÚ **99,-**
HNÍFAPARASETT 24 STK. ÁÐUR ~~1.490,-~~ NÚ **745,-**
BÚTASAUMSTEPPI ÁÐUR ~~5.990,-~~ NÚ **2.990,-**
STÁLHITABRÚSI ÁÐUR ~~790,-~~ NÚ **399,-**
HNÍFAPÖR Í BAKKA 24 STK. ÁÐUR ~~590,-~~ NÚ **295,-**
6 GLÖS ÁVAXTAMUNSTUR ÁÐUR ~~299,-~~ NÚ **99,-**

TILBOÐIN GILDA ALLA HELGINA!

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

FordMondeo

Veldu nýjan **Ford**

Nýtt tákn

Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

ESP stöðugleikastýrikerfi
TCS spólvörn
Tölvustýrð loftkæling með hitastýringu
16” Ghia álfelgur
Viðaráferð í innréttingu
Regnskynjari í framrúðu
Upphitanleg framrúða
Aksturstölva
Hraðastillir
Öryggispúðar að framan
Öryggispúðar í hliðum framsæta
Öryggispúðagardínur í hliðum
Stillanlegur hiti í framsætum
Baksýnisspegill með sjálfvirkri dimmingu
Rafknúnar rúður að framan og aftan
Hálshnykksvörn í framsætum
IPS öryggisbúnaður
ABS hemlakerfi
EBD hemlajöfnun
Fjarstýrð samlæsing
Þokuljós að framan
Rafdrifin hæðarstilling á ökumannssæti
Fjölstillanlegt stýri
Geislaspilari

Nýr Ford Mondeo Ghia: Lægra verð, meiri búnaður.*

Kaupverð	*Beinskiptur*	*Sjálfskiptur*
Ford Mondeo Ghia 4 dyra 2,0i	**2.290.000 kr.**	**2.430.000 kr.**
Ford Mondeo Ghia 5 dyra 2,0i	**2.350.000 kr.**	**2.490.000 kr.**
Ford Mondeo Ghia Wagon 2,0i	**2.410.000 kr.**	**2.550.000 kr.**



Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning 2004) og er Ford meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.

Hægt að fá aukalega:

Barnasetur í aftursæti
Leðuráklæði
Rafdrifin hæðarstilling á farþegasæti
DVD spilari og skjár
Rafdrifin sóllúga
Sony hljómflutningstæki
Upphitanlegt aftursæti
Xenon gasluktir
Þjófavörn
Bakkskynjari
Aðfellanlegir útispeglar
Dökklitaðar rúður að aftan
Leður/tau áklæði
Loftkælanleg framsæti

Spurðu um Ford Mondeo búin Common Rail dísilvél, 130 hestöfl og 330 Nm tog

Nýttu haustuppskeruna
Skoðaðu Ford Mondeo í bílaverslun Brimborgar

Ford Mondeo Ghia 4 dyra 2,0i sjálfskiptur
Kaupverð 2.430.000 kr.
Bílasamningur 25.270 kr.
Rekstrarleiga 45.160 kr.

Ford Mondeo Ghia 5 dyra 2,0i sjálfskiptur
Kaupverð 2.490.000 kr.
Bílasamningur 25.900 kr.
Rekstrarleiga 46.200 kr.

Ford Mondeo Ghia Wagon 2,0i sjálfskiptur
Kaupverð 2.550.000 kr.
Bílasamningur 26.520 kr.
Rekstrarleiga 47.250 kr.



Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð v

Komdu á frumsýningu Nýr Ford Mondeo í Brimborg

Komdu í dag og skoðaðu nýjan Mondeo í Brimborg Reykjavík, Akureyri og Reykjanesbæ.

Komdu og skoðaðu nýjan Ford Mondeo í Brimborg í dag. Opið frá kl. 12 til 17.

Komdu og fáðu þér heitar vöfflur og kaffi á Café Mondeo í Brimborg Bíldshöfða 6. Skoðaðu Mondeo. Opið frá kl. 12 til 17. Vertu með.

© © ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

um gæði

Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og frugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákn um gæði veldu Ford.

Veldu Mondeo Ghia í stað Avensis Sol

Nýtt útlit færir Ford Mondeo nær þeim glæsileika nafnið stendur fyrir. Eiginleikar Mondeo eru samræmi við vestræn gildi okkar Íslendinga. Hugmyndir okkar og ný tákn um lífsgæði; fegurð, styrk, ást og umhyggju fyrir hvort öðru kristallast hönnun á nýjum Mondeo. Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Öryggi Ford, styrkleikinn, mýktin, sportið og glæsilegt útlit Mondeo kallar á nýjan samanburð. Berðu saman Toyota Avensis Sol við Ford Mondeo Ghia. Skoðaðu staðalbúnaðinn, lið fyrir lið. Kynntu þér þjónustu Brimborgar og endursölu Ford. Þegar allt er tekið með og verð borið saman við gæði verður til nýtt leiðarljós fyrir val á rétta bílnum. Veldu Ford.

Staðalbúnaður Mondeo Ghia er ríkulegri en Avensis Sol: Þú færð 2,0 lítra, 145 hestafla Mondeo með 190 Nm togi. Einnig nýjasta öryggisbúnaðinn; IPS öryggiskerfið, hálshnykksvörnina, **ESP stöðugleikastýrikerfið** sem dregur úr líkum á að billinn skriki til, TCS spólvörn sem tryggir akstur úr kyrrstöðu í snjó og hálku. Gott fyrir íslenskar aðstæður. Á köldum vetri er ísing á framrúðu ekki heldur vandamál í Mondeo þar sem hún er öll upphitanleg.

Í náttmyrkrinu lýsa ljósin í hliðarspeglunum upp tilveruna þér til öryggis. Þú heldur þægilegum hraða með hraðastillinum, hækkar eða lækkar ökumannssætið eftir þörfum með rafdrifinni hæðarstillingu og bíður eftir að regnskynjarinn setji rúðuþurrkurnar af stað. Viðaráferð í innréttingu gefur stemningu ásamt krómi við skottopnun, afturljós, hliðarrúður og krómuðum hurðarhúnum. Berðu saman verð og gæði. Kynntu þér örugga þjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Vertu á Mondeo.

Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákn um gæði.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is

Mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

skoðun

SJÓNARMIÐ
SIGURJÓN M. EGILSSON

Komandi kosningar í Reykjavík eru þegar farnar að ógna vináttu og samvinnu innan stjórnmálaflokkanna.

Bræðravíg

Innanflokksátök vegna komandi prófkjara magnast dag frá degi. Þar sem mikið er undir, einkum hjá þeim sem ætla sér mesta vinningana, er ekki við öðru að búast en að átökin eigi eftir að harðna, versna og verða opinberari en nú er.

Enn er svo komið að frambjóðendur sýna hver öðrum kurteisi á yfirborðinu en um leið og tryggt er að ekki heyrist til þeirra kveður við annan og beittari tón. Tón sem á eftir að fljóta yfir varnargarðana. Þess vegna verður ekki séð hvernig sárin geta gróið á stuttum tíma, svo að flokksfélagar sem hafa tekist svo harkalega á eigi eftir að vinna náið og traust saman fáum mánuðum eftir vígin.

Það er þekkt að mörg þeirra sára sem þannig verða til gróa seint og þegar þau ná að gróa eitthvað gróa þau oft illa. Eftir verða sár.

Enn ber mest á átökum meðal Gísla Marteins Baldurssonar og Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar. Þeir hafa opinberlega bent á málstað hins, sjálfum sér til framdráttar. Þeir eiga eftir að vera áfram saman í flokki og ef þeir og þeirra nánustu stuðningsmenn eiga eftir að segja opinberlega allt það sem enn er hvíslað um verða átökin svo hörð að við sem stöndum utan eigum erfitt með að sjá að um heilt grói.

Samt er Steinunn Valdís Óskarsdóttir meistari óheppilegra orða, eða kannski hreinræktaðs klaufaskapar. Það var kostulegt þegar hún sagði Stefán Jón Hafstein hafa lengið gengið með borgarstjórann í maganum. Þó það nú væri, skárra væri það ef sá sem vann fínan sigur í síðasta prófkjöri Samfylkingarinnar ætlaði sér ekki áfram að leiða flokkinn í borginni og þá um leið að ætla sér sigur í kosningum og þá um leið að verða næsti borgarstjóri. Það er ekki eins og glæstir sigrar Steinunnar Valdísar hafi fært henni vegtylluna. Hana fékk Steinunn Valdís með sérstökum hætti, þótti minnst skaðleg fyrir Framsóknarflokk og Vinstri græna. Að halda að metnaður annarra sé annarlegur er fádæma dómgreindarbrestur.

Framsóknarflokkurinn á eftir að ganga í gegnum harða tíma. Alfreð Þorsteinsson ætlar að verja sína stöðu um leið og það er engin launung að innan flokks eru hópar sem geta ekki með nokkru móti sæst á að hann verði áfram í forystu. Þar á bæ er leitað frambjóðenda til að fara gegn Alfreð í prófkjöri. Björn Ingi Hrafnsson og Jónína Bjartmarz eru oftast nefnd. Framsóknarflokkurinn mun ekki sleppa við bræðravíg.

Vinstri grænir virðast ætla að sigla lygnan sjó, nema Björk Vilhelmsdóttir sækist eftir endurkjöri.

Hvað um það, flestir flokkarnir eiga eftir að fara í innanflokksátök og bræðravíg. Það er þekkt að mörg þeirra sára sem þannig verða til gróa seint og þegar þau ná að gróa eitthvað gróa þau oft illa. Eftir verða sár. ■

Austurver
Opið alla daga ársins til kl. 24
Mán.–fös. kl. 8–24
Helgar og alm. frídaga 10–24

JL-húsið
Mán.-fös. kl. 9–21
Helgar 10–21

Opið lengur

Lyf&heilsa

FRÁ DEGI TIL DAGS

Orðahnippingar
Það er ekki beint rífandi stemning innan R-listans eftir að flokkarnir ákváðu að bjóða fram undir eigin nafni í næstu kosningum. Össur Skarphéðinsson fullyrðir á heimasíðu sinni á netinu að Halldór Ásgrímsson hafi hafnað bæði Stefáni Jóni Hafstein og Degi Eggertssyni í stól borgarstjóra þegar Þórólfur Árnason hætti á sínum tíma. Þess vegna hafi Steinunn Valdís orðið fyrir valinu. Þessu neitar aðstoðarmaður Halldórs, Björn Ingi Hrafnsson, harðlega í pistli á heimasíðu sinni og hefur þung orð um Össur.

Svikabrigsl
Þessar orðahnippingar urðu til þess að Stefán Pálsson í flokki Vinstri grænna setti svohljóðandi athugasemd inn á síðu Össurar í gær:

„Halda Framsóknarmenn og Samfylkingarmenn virkilega að gagnkvæm svikabrigsl gömlu R-listaflokkanna komi til með að gagnast öðrum en íhaldinu? Það er barnalegt að halda að Reykvíkingar muni eftir níu mánuði kjósa eftir því hver bar mesta eða minnsta ábyrgð á endalokunum. Svona karp milli forystumanna er engum til gagns nema Vilhjálmi Þórmundi". Og Árni Þór Sigurðsson, leiðtogi VG í Reykjavík, bætir um betur á sömu síðu: „Tek undir með Stefáni Pálssyni. Þar að auki veit Össur greinilega ekkert hvað hann er að tala um, hann skrumskælir atburðarásina sem hann er að fjalla um og dregur allt of víðtækar ályktanir".

Lék sér í Brussel
Björn Ingi blandaði sér þá í umræðurnar að nýju: „Í síðustu viku var það Stefán Jón, nú er það Dagur og alltaf er stemmningin að kenna öðrum um. Er ekki augljóst að samstaða náðist um Steinunni Valdísi en ekki aðra? Tókst þú þátt í viðræðum milli flokkanna, Össur minn? Eða er ekki heilmikið til í því sem Árni Þór segir hér fyrir ofan?" Karl Sveinsson kemur þá Össuri til hjálpar: „Félagi Össur!
Láttu ekki menn sem Árna Þór sem tala um „ skrumskælingu", hafa áhrif á þitt mikla langlundargeð. - Gleymdu ekki að hann lét skattborgara okkar góðu höfuðborgar, greiða 10 milljónir - segi og skrifa - tíu milljónir - fyrir sig, eiginkonuna & krakkana til að leika sér úti í Brussel - já, í hálft ár!"

gm@frettabladid.is

Tvisvar verður gamall maður barn

UPP ÚR EINS MANNS HLJÓÐI

ELLERT B. SCHRAM

Á laugardagsmorgni, fyrir rúmri viku, vaknaði ég snemma og leit út um gluggann og leit þessa dýrðlegu stund í veðri og náttúru. Sólris, stillilogn, tært loft, spegilsléttur sjór. Ég upplifði sterkt þá tilfinningu að vera barn þessarar náttúru, barn aftur, og þakkaði fyrir að fá að vera til. Ennþá.

Eftir því sem lífið lengist, því styttra finnst mér það verða. Í þessu kann að leynast þversögn en samt er þetta satt. Það er í rauninni ógnvekjandi, hvað hratt líður stund, sumarið búið áður en maður veit af og svo kemur haustið og jólin eftir nokkrar vikur og heilt ár liðið „eins og það hefði gerst í gær".

Þegar ég var yngri var tíminn miklu lengur að líða. Maður beið eftir því að verða fullorðinn, beið eftir morgundeginum, helginni eða afmælinu, og þessi bið ætlaði aldrei að taka enda og silaðist áfram eins og heil eilífð. Nú renna dagarnir og árin framhjá með ógnarhraða og samferðarmennirnir hverfa af sjónarsviðinu einn af öðrum og hvenær kemur röðin að mér? Eins gott að njóta lifsins, nota dagana, nýta hverja stund, ekki satt, og maður keppist við.

En hvernig?

Sú var einmitt tíðin að maður vann og vann og kepptist við á framabrautinni og tók fullan þátt í kapphlaupinu um lífsþægindin til að eiga eitthvað eftir þegar ellin færðist yfir og maður beið eftir efri árunum til að njóta þeirra, hætta harkinu, hætta öllu puðinu og setjast í helgan stein.Og svo rennur þetta tímabil upp á ævi manns, þessi svokölluðu efri ár og maður stendur eins og illa gerður hlutur og veit ekki sitt rjúkandi ráð. Óttast tómarúmið. Hræðist að hafa ofan af fyrir sjálfum sér. Kann ekki að lifa lífinu. Þetta er flókin þraut og enn ein þversögnin.

Það er því miður ekki til nein formúla fyrir því hvernig menn eigi að verja tíma sínum og njóta lífsnautnarinnar. Sumir fá útrás með því að vinna, aðrir hamast við að skemmta sér eða ferðast eða taka til i garðinum eða sitja bara fyrir framan sjónvarpið og bíða eftir næsta þætti.

Það er því miður ekki til nein formúla fyrir því hvernig menn eigi að verja tíma sínum og njóta lífsnautnarinnar. Sumir fá útrás með því að vinna, aðrir hamast við að skemmta sér eða ferðast eða taka til i garðinum eða sitja bara fyrir framan sjónvarpið og bíða eftir næsta þætti. Lesa blöðin, kíkja í tölvuna (fyrir þá sem það kunna), láta sér leiðast, muna eftir afmælisdögum í fjölskyldunni og svo er auðvitað þetta algengasta, að takast á við veikindi. Slæmur í baki, með of háan blóðþrýsting, verður að gæta mataræðis og til er fólk sem situr heima og telur peningana sína og er enn að spara til elliáranna, þó þau séu löngu komin. Og deyr svo frá öllu saman.

Ég veit það ekki, það er vitaskuld undir hverjum og einum komið, hvað honum finnst lífsnautn, það sem mér finnst skemmtilegt finnst öðrum leiðinlegt en eftir því sem árin færast yfir, er mér í fyrsta lagi ljóst, hvað okkur er lítill tími skammtaður. Í öðru lagi að muna eftir því að dagurinn í dag er daguinn sem þú lifir, augnablikið í lífi þínu sem aldrei kemur aftur. Verðmætin liggja ekki í stöðutáknum, yfirlæti, veraldlegum auðæfum eða langri ferilskrá. Lífið gengur ekki út á að gera, heldur að vera. Vera til, gleðjast, njóta, vera ekki neitt nema þessi eini einstaklingur, barn náttúrunnar, barnið sem í þér býr og lifir og hefur hlotnast sú gæfa að fæðast inn í þennan heim. Í örskamma stund. Þú kemur og þú ferð. Og til hvers þá að spilla þessari stuttu dvöl með því að ergja sig út í aðra, fyllast reiði eða hatri eða belgja sig út af vandlætingu vegna þess að manni finnst að einhver hefði átt að gera eitthvað öðru vísi en þú vildir. Svo ekki sé nú talað um hégómann í lífi okkar sem ekki kemur að miklum notum þegar þú ert lagstur láréttur í kirkjugarðinn. Þar liggur allt það fólk, sem gekk þessa sömu götu og við, gerði samskonar mistök, hafði samskonar væntingar og þeir sem á undan komu og á eftir fóru og áttaði sig ekki á því, frekar en við, að ævin er of stutt, til að gera annað og merkilegra en það eitt að vera til.

Þegar sólin varpaði geislum sínum inn í svefnherbergiðg mitt þennan laugardagsmorgun fyrir rúmri viku, varð ég barn í annað sinn. Tvisvar verður gamall maður barn. Eins og lífið sjálft hefði staðið í stað. Það hefur allt breyst og þó hefur ekkert breyst. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

ÖLL Á SAMA STAÐ

Á ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐINNI Í ÞÍNU HVERFI!

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ

Í TILEFNI OPNUNAR ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR MIÐBORGAR OG HLÍÐA

Laugardaginn 3. september, kl. 14.00 - 16.00, Skúlagötu 21

- Borgarstjóri flytur ávarp
- Kór leikskólabarna í hverfinu
- Felix Bergsson skemmtir þeim yngstu
- Grillaðar pylsur
- Kaffi o.fl. o.fl.

ENNEMM / SÍA / NM17657

Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarður - Hjarðarhaga 45-47 • **Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða** - Skúlagötu 21
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis - Síðumúla 39 • **Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarður** - Langarima 21
Þjónustumiðstöð Breiðholts - Álfabakka 12 • **Þjónustumiðstöð Árbæjar** - Bæjarhálsi 1

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, **4 11 11 11**, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

VELKOMIN Í STÆRSTU HÚSGAGNAVERSLUN

Ævintýri á þremur hæðum

MÖPPUR Stærð A4 **140** verð áður 180	**MÖPPUR** Stærð A4 **190** verð áður 240	**ZONE** Reiknivél **2.390** verð áður 2.980	**ZONE** Vekjara-klukka **1.490** verð áður 1.980	**A4** Skrifbækur 6 munstur **390** verð áður 490	**TUBE** borðlampi **9.980** verð áður 11.980

MYNDAALBÚN 96 mynda **290** verð áður 380	**ZONE** Músamotta stál og svört **1490** verð áður 1.980	**SKRIFBORÐSSETT** 4 hlutir **990** verð áður 1.490	**A6** Skrifbækur 6 munstur **140** verð áður 180

KRÚS 4 áferðir **190** verð áður 290	**ZONE** ruslafata **1.980** verð áður 2.490	**OLÍULAMPI** á vegg **540** verð áður 695	**OLÍULAMPI** á standi **390** verð áður 490

OPIÐ ALLA DAGA Mánudaga - föstudaga 10-19 • Laugardaga 10-18 • Sunnudaga 12-18

Á ÍSLANDI

Tilboðin gilda aðeins um helgina

ZONE DENMARK

bodum

HÚSGAGNAHÖLLIN

25% AFSLÁTTUR

Tungusófi

59.980

verð áður 79.980

ARIZONA Tungusófi Camel B 229 x D 95/153 cm

28% AFSLÁTTUR

CELONA
3+2 sófasett
Svart leður
B 185-160 x D 89 x H 96 cm

99.980

verð áður 159.980

30% AFSLÁTTUR

40% AFSLÁTTUR

HIGHMORE
3+2 sófasett
Bycast leður
B 230-180 x D 93 x H 79 cm

149.980

verð áður 219.960

EVO
Eggstóll
svart áklæði

69.980

verð áður 119.890

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200

DV Helgarblað

Sjónvarpspulan sem fékk sjónina á ný

Eva Sólan í opinskáu Helgarblaðsviðtali þar sem hún ræðir meðal annars dauða föður síns, baráttu móður hennar við krabbamein og aðgerðina sem bjargaði sjóninni.

Hefur þú séð DV í dag

MAÐUR VIKUNNAR

Hress en fáorður um stefnumálin

GÍSLI MARTEINN BALDURSSON
BORGARSTJÓRAEFNI

TEIKNING: HELGI SIGURÐSSON – HUGVERKA.IS

Sjónvarpsstjarnan Gísli Marteinn Baldursson, sem keppir að því að verða oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn Reykjavíkur og jafnframt næsti borgarstjóri, hefur fengið byr í seglin að undanförnu. Flokknum hans er spáð meirihluta í borgarstjórn og samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins vill meirihluti borgarbúa að hann verði næsti borgarstjóri. Fjölmiðlar elta hann á röndum og keppast við að fjalla um hann. Í gær var hann í forsíðuviðtali við Sirkus og sama dag birtist heilsíðuúttekt á honum í Viðskiptablaðinu. Fréttablaðið slæst í hópinn og útnefnir Gísla Martein „mann vikunnar“.

Gísli er alinn upp í Breiðholtinu, sonur Baldurs Gíslasonar skólameistara og Elísabetar Jónu Sveinbjörnsdóttur. Ekki voru stjórnmálaumræður á heimilinu hvetjandi fyrir hann til að ganga í Sjálfstæðisflokkinn, því foreldrar hans voru bæði vinstrisinnuð. En Gísli Marteinn reyndist sjálfstæður í hugsun og fór sínar eigin leiðir. Hann fór í Verslunarskólann, þar sem hann varð hrókur alls fagnaðar í félagslífinu og gat sér orð fyrir ræðumennsku. Hann kaus að læra stjórnmálafræði við Háskóla Íslands og kynntist þar Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni prófessor, sem haft hefur mikil áhrif á hann. Eftir að hafa dvalist um hríð við framhaldsnám í Þýskalandi var hann ráðinn fréttamaður á Sjónvarpinu og síðan hefur sú stofnun verið vinnustaður hans. Þekktastur er hann fyrir spjallþættina á laugardagskvöldum þar sem hann hefur skapað sér ímynd hins hláturmilda og hressa sjónvarpsmanns.

Það er ekki nýtt, hvorki hérlendis né erlendis, að fjölmiðlastjörnur hasli sér völl í stjórnmálum. En það er ekki nóg að vera frægur og frískur; þegar nær dregur kosningum vilja menn vita fyrir hvað frambjóðendur standa. Sumum finnst það heldur óljóst hvað Gísli Marteinn ætlar að hafa á boðstólum nái hann oddvitasæti sjálfstæðismanna. Hann kallar sig frjálshyggjumann og talar mikið um aðdáun sína á Davíð Oddssyni. En það segir svo sem ekki mikið þegar kemur að borgarmálum. Ef menn halda að Gísli Marteinn vilji koma á víðtækri einkavæðingu í borgarkerfinu getur Davíð varla verið fyrirmyndin. Andstæðingar Gísla Marteins í vinstriflokkunum munu leggja sig í líma við að finna á honum snögga bletti og líklega telja þeir vænlegt til árangurs að tala um að hann ætli að selja skólana í borginni. Steinunn Valdís borgarstjóri var komin í þennan ham í sjónvarpinu í vikunni en náði einhvern veginn ekki að fylgja því eftir.

Eitt stefnumál Gísla Marteins er opinbert. Hann vill flytja Reykjavíkurflugvöll á brott og byggja í Vatnsmýrinni. Í samtali við Sirkus í gær vefst þetta gamla vandræðamál allra stjórnmálaflokkanna lítið fyrir honum: „Ef við kæmust að þá myndum við byrja á þessu daginn eftir“.

En hvað um önnur mál sem brenna á borgarbúum? Dagvistarmál, lóðamál, miðborgarmál, umferðarmál? Um þau hefur Gísli Marteinn verið fáorður en viðbúið að hann þurfi að vera tilbúinn að segja skoðun sína afdráttarlaust nú þegar prófkjörsbaráttan í Sjálfstæðisflokknum er að hefjast.

Sumum finnst Gísli Marteinn full ungur til að verða borgarstjóri. En það er kannski vegna þessa að hann lítur út fyrir að vera yngri en hann er. Gísli Marteinn er orðinn 33 ára og eins og hann hefur sjálfur bent á voru Bjarni Benediktsson og Davíð Oddsson báðir yngri en hann þegar þeir urðu borgarstjórar. Í viðskiptalífinu þykir það ekki tiltökumál að treysta ungum mönnum til ábyrgðarstarfa og sama hlýtur að gilda um stjórnmálin.

Sjálfstæðis- og framsóknarmenn tortryggja sjómenn

UMRÆÐAN
LEIGUKVÓTI

SIGURJÓN ÞÓRÐARSON
ALÞINGISMAÐUR

Er eitthvert vit í því að margfalt hærri upphæðir fari í eftirlit með duglegum sjómönnum en fara samanlagt í löggæslu með fíkniefnum og rannsókn á stærstu efnahagsbrotum þjóðarinnar?

Ég þáði það með þökkum þegar mér var boðið með í róður á línubát sem gerir að mestu út á leigukvóta frá Siglufirði. Það er mikils virði að kynnast af eigin raun þeirri hörðu vinnu sem sjómenn leggja á sig til þess að draga björg í þjóðarbúið. Sjálfstæðismenn og framsóknarmenn virðast tortryggja störf sjómanna svo mjög að flokkarnir hafa komið á víðtækasta og strangasta eftirlitskerfi sem nokkur stétt í landinu þarf að búa við. Sjálfstæðisflokkurinn hefur blásið út sérstaka eftirlitsstofnun með störfum sjómanna, Fiskistofu, þar sem megináherslan er lögð á að duglegir sjómenn svindli ekki. Miklu minna fer fyrir skynsamlegum áherslum á að tryggja aukin gæði og bætta meðferð á afla. Ekki er látið sitja við það eitt að nota eingöngu þær tæplega 700 milljónir sem renna árlega til að fylgjast með störfum sjómanna, heldur eru einnig starfsmenn hafna og Landhelgisgæslan á vaktinni til að tryggja að duglegir sjómenn standi ekki í einhverju svindli.

Auðvitað er þetta gífurlega eftirlit algjör áfellisdómur yfir vonlausu fiskveiðistjórnunarkerfi sem hefur skilað helmingi minni þorskafla á land en fyrir daga þess.

Er eitthvert vit í því að margfalt hærri upphæðir fari í eftirlit með duglegum sjómönnum en fara samanlagt í löggæslu með fíkniefnum og rannsókn á stærstu efnahagsbrotum þjóðarinnar?

Þó nokkrir sem stunda sjóinn eru á leigukvóta og stærsti hluti af aflaverðmætinu fer til einhvers sem er skráður fyrir kvótanum og kemur hvergi nærri veiðunum. Þetta er auðvitað skammarlegt óréttlæti og undarlegt að Íslendingar láti það viðgangast að fjöldi manna séu leiguliðar einhverra einstaklinga sem eru skráðir sem handhafar sameignar þjóðarinnar.

Ég var að hugleiða þessa stöðu sem sjávarútvegur landsmanna er kominn í þegar ég heyrði í einum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Guðlaugi Þór Þórðarsyni í útvarpinu. Hann var að ræða óljóst um eitthvert glerþak á greiðslum úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til þeirra sem verða þeirrar gæfu aðnjótandi að eignast börn. Á Guðlaugi Þór var að heyra að um eitthvert stórkostlegt ranglæti væri að ræða þegar ekki væri hægt að dæla endalaust af peningum úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Ég veit að honum og félögum hans í Sjálfstæðis- og Framsóknarflokknum þykir hins vegar mjög réttlátt og sanngjarnt að harðduglegir sjómenn þurfi að leigja til sín rétt til að nýta sameign Íslendinga háu verði og að leigan renni óskert til einhverra einstaklinga sem koma hvergi nálægt vinnunni og eiga ekki meira en hver annar af því sem þeir eru að leigja frá sér.

Vont er þeirra ranglæti en verra er þeirra réttlæti.

AF NETINU

Gott hjá Árna

Það var gott hjá Árna M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra að skrifa Campell umhverfisráðherra Ástralíu bréf og vekja máls á þeim dæmalausa tvískinnungshætti sem sú þjóð stundar varðandi nýtingu auðlinda. Ástralir drepa kengúrur og úlfalda, en eru svo uppi með derring vegna vísindaveiða okkar á sterkum sjávarspendýrastofni sem hrefnu.

Einar K. Guðfinnsson á ekg.is

Jónas og siðanefndin

Í DV fjallar Jónas Kristjánsson ritstjóri um tvo nýja úrskurði siðanefndar Blaðamannafélags Íslands gegn DV. Ritstjórinn segir í lok umfjöllunar sinnar: „DV mun fara eftir siðareglum sínum, þótt þær stangist í þessu atriði á við siðareglur Blaðamannafélagsins, sem er arfur frá vesælli tímum í blaðamennsku á Íslandi fyrir fjórum áratugum." Hvað ætli sami ritstjóri mundi segja, ef ráðherra ætlaði að fara að eigin reglum en ekki annarra, til dæmis lögum? Ætli Jónas mundi ekki öskra: Fasisti! Fasisti!

Björn Bjarnason á bjorn.is

Fléttulisti VG

Vinstri grænir ætla að viðhafa svokallaðan fléttulista í prófkjöri sínu fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. En fléttulisti er það fyrirbæri þegar skilyrt er að karl og kona skuli vera til skiptis í röðun á framboðslistanum. Árni Sigurðsson hefur beðið flokksmenn um að velja sig í annað sætið. Um leið hefur umræðan snúist um að kona verði að vera í fyrsta sætinu. Karlar hafa um leið verið dæmdir úr leik í umræðunni. En þetta þarf ekki að fara svo, fléttan er nefnilega skilyrt við efsta sætið en ekki það næst efsta. Segjum sem svo að Grímur Atlason sækist til að mynda eftir fyrsta sætinu og hafi sigur. En hann hefur farið hamförum í blaðaskrifum undanfarið svo ekki er fráleitt að hann bjóði sig fram. Þá verður að vera kona í öðru sæti. Ef svo fer er Árni Sigurðsson þar með dottinn niður í þriðja sæti í það minnsta.

Eiríkur Bergmann Einarsson á eirikurbergmann.is

Spænska veikin

Ég hef á tilfinningunni að á fréttastofum dagblaðanna og ljósvakamiðlanna hangi uppi minnisblað, þar sem fram kemur að fréttamönnum beri - ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði - að flytja fréttir af því að íslenskir fuglar séu sömu skepnur og erlent fiðurfé, sem þýði að þeir geti fengið fuglaflensu. Í kjölfarið á að hringja í Harald Briem sem segir að óumflýjanlegt sé að inflúensu-faraldur muni breiðast út um heiminn. Í lok fréttar skal svo sagt frá Spænsku veikinni sem drap sennilega u.þ.b. 50 milljónir á átján mánaða tímabili frá 1918.
Þessi eilífðarsamanburður á mögulegum flensufaröldrum og Spænsku veikinni er orðinn svo fastur liður að margir eru farnir að líta á það sem náttúrulögmál að farsótt sem drepi 50 milljónir hljóti að ríða yfir heimsbyggðina - þetta sé bara spurning um tíma.

Stefán Pálsson á kaninka.net/stefan/



KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

ICEX-15 4.640 **-0,22%** **Fjöldi viðskipta:** 407 **Velta:** 7.528 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
Flaga	+3,33%	**Icelandic Group**	-1,86%
Tryggingamiðst.	+2,17%	**Atlantic Petroleum**	-1,33%
Jarðboranir	+0,98%	**Actavis**	-0,96%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 41,30 -1,00% ... Bakkavör 43,60 -0,70%... Burðarás 17,90 -0,60% ... FL Group 15,20 -0,70% ... Flaga 4,03 +3,30% ... HB Grandi 9,00 +0,00% ... Íslandsbanki 15,20 0,70% ... Jarðboranir 20,70 +1,00% ... KB banki 596,00 -0,50% ... Kögun 56,10 -0,70% ... Landsbankinn 22,60 +0,40% ... Marel 62,80 +0,00% ... SÍF 4,83 +0,00% ...Straumur 13,25 -0,40% ... Össur 88,00 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn…

Lífeyrissjóðirnir og Robert Mugabe

Innan stjórnar Skandia, sem Burðarás á stóran hlut í, eru menn allt annað en kátir með tengsl suðurafríska tryggingafélagsins Old Mutual við ógnarstjórn einræðisherrans Roberts Mugabe í Simbabve. Stjórnarmenn hafa spurt sig hvort Old Mutual, sem á stóran hlut í stærsta dagblaði Simbabve, sem Mugabe handstýrir, sé heppilegur eigandi að Skandia. Meðal stærstu eigenda Skandia eru sænskir lífeyrissjóðir og eru menn allt annað en kátir við þá tilhugsun að sænskir peningar verði notaðir til að fjárfesta í áróðursvél Mugabes. Hluthafar í Skandia munu meðal annars fá bréf í Old Mutual í staðinn. Það væri saga til næsta bæjar ef íslensku lífeyrissjóðirnir, sem eru meðal eigenda í Burðarási, ættu með óbeinum hætti hluti í dagblaðinu hans Mugabe.

Ónákvæmar tilkynningar

Þeir sem fylgjast með tilkynningum útgefenda til Kauphallar Íslands hafa tekið eftir því undanfarna daga að oft þarf að leiðrétta fréttir sem þegar hafa birst í fréttakerfi kauphallarinnar. Var þetta áberandi í kringum tilkynningar Atorku Group í fyrradag og endurtekið í gær þar sem rangt var farið með staðreyndir og hlutfallstölur. Stundum er pínlegt að verða vitni að þessum mistökum – svo augljós eru þau – og greinilegt að nákvæm vinnubrögð víkja fyrir einhverju öðru. Þótt Kauphöllin birti þessar fréttir er það á ábyrgð forsvarsmanna félaganna að þær séu réttar. Tilkynningar til Kauphallarinnar þjóna þeim tilgangi að upplýsa þá sem fylgjast með markaðnum um tiltekin viðskipti. Á það að tryggja jafnræði meðal fjárfesta. Mistök af því tagi sem forsvarsmenn Atorku hafa gerst sekir um mega ekki verða viðtekin venja. Menn verða að vanda sig.

MARKAÐSFRÉTTIR...

Fiskeldi Eyjafjarðar tapaði 125 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Til samanburðar var tapið um 88 milljónir króna á sama tíma í fyrra.

Fjárfestingarfélagið Selsvör, sem er meðal annars í eigu Árna Haukssonar og Gunnars Smára Egilssonar, hefur keypt tæplega tveggja prósenta hlut í Og Vodafone.

Landsbankinn spáir því að stýrivextir Seðlabankans verði hækkaðir um 0,5 til 0,75 punkta í lok september. Bankinn gerir ráð fyrir því að Seðlabankinn láti ekki þar við sitja og hækki vextina frekar á árinu.

Um 34 milljarða halli var á vöruskiptum við útlönd á öðrum ársfjórðungi, samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabanka Íslands. Innflutningur á vöru var rúmum þrjátíu prósentum meiri en á sama tíma í fyrra en útflutningur tæpum tólf prósentum meiri.

Kaupa í gasleitarfélagi

Burðarás hefur eignast um tíu prósenta hlut í kanadíska orkufyrirtækinu Artumas Group, sem var nýverið skráð á norska hlutabréfamarkaðinn. Artumas sérhæfir sig í gasleit og rannsóknum í Tansaníu í samvinnu við þarlend stjórnvöld og leitar að fleiri tækifærum í Afríku.
Hlutur Burðaráss er um hálfs milljarðs virði en félagið seldi í vikunni hlut sinn í olíuleitarfélaginu Exploration Resources með góðum hagnaði. **- eþa**

VEÐJA Á GASIÐ Burðarás á orðið tíu prósent í kanadíska gasleitarfélaginu Artumas Group.

HAMPIÐJAN HAGNAST Hampiðjan jók hagnað sinn á fyrstu sex mánuðum ársins um helming þrátt fyrir hátt gengi krónunnar og minni sölu á veiðarfærum.

Hagnaður eykst um helming

Hampiðjan, sem rekur starfsemi í ellefu löndum, hagnaðist um 168 milljónir króna á fyrri hluta árs, þar af um 42 milljónir á öðrum ársfjórðungi. Hagnaður samstæðunnar er um 48 prósentum meiri en á sama tíma í fyrra.

Tekjur samstæðunnar námu um 2.100 milljónum króna og hækkuðu um 3,5 prósent milli ára.

Hampiðjan á um 10 prósenta eignarhlut í HB Granda og var hlutdeildarhagnaður félagsins um 64 milljónir króna.

Stjórnendur Hampiðjunnar segja að sala veiðarfæra hafi dregist saman vegna minni kolmunna- og karfaveiða. Einnig geri sterk króna innlendri veiðarfæragerð erfitt fyrir.

- eþa

Burðarás tekur tilboði Old Mutual

370 milljarða yfirtökutilboð í Skandia. Burðarás hefur hagnast yfir þrjá milljarða á fjárfestingunni.

„Okkur líst vel á tilboðið og ætlum að taka því. Það er í nokkuð góðu samræmi við það sem við reiknuðum með," segir Friðrik Jóhannsson, forstjóri Burðaráss. Suður-afríska fjármálafyrirtækið Old Mutual hefur lagt fram formlegt yfirtökutilboð í Skandia þar sem Burðarás á um 4,6 prósenta hlut.

„Í heildina litið kemur þessi fjárfesting mjög vel út fyrir okkur," bætir Friðrik við. Heildarfjárfesting Burðaráss í Skandia nemur nú um sautján milljörðum króna en hagnaður af fjárfestingunni er um þrír milljarðar. Miðað við tilboð Old Mutual verður hlutabréfaeign Burðaráss um tíu milljarðar í suður-afríska félaginu.

Old Mutual býður 43,6 sænskar krónur fyrir hvern hlut í Skandia, þar af um 40 prósent í peningum en restin verður greidd með nýju hlutafé. Markaðsvirði Skandia, sem er níunda stærsta fjármálafyrirtæki Norðurlanda, er um 370 milljarðar króna miðað við tilboðið. Hluthafar sænska fyrirtækisins munu eignast um 26 prósent í Old Mutual-samstæðunni. Tilboðið er háð því að stjórn Skandia fallist á það í síðasta lagi 23. september næstkomandi.

Telja verður mjög líklegt að aðrir stórir hluthafar í Skandia fallist á yfirtökuna, þar á meðal Cevian Capital og sænsku lífeyrissjóðirnir AP1 og AP2.

RISATILBOÐ Í SKANDIA Old Mutual hefur gert formlegt yfirtökutilboð í Skandia þar sem Burðarás er meðal stærstu hluthafa. Burðarás hagnast vel á fjárfestingunni.

„Með sameiningu þessara tveggja fyrirtækja verður til sterk samsteypa sem hefur mikil tækifæri til stækkunar en jafnframt minnkar áhættan í rekstrinum," segir í tilkynningu frá Jim Sutcliffe, forstjóra Old Mutual. Stjórnendur Old Mutual áætla að með yfirtökunni verði hægt að hagræða í starfsemi beggja félaga og skera niður kostnað um átta milljarða króna á ári.

Old Mutual skilgreinir sig sem fjármálafyrirtæki er sinnir tryggingastarfsemi, eignastýringu og einkabankaþjónustu. Helstu starfssvæði Old Mutual eru í Suður-Afríku, Bretlandi og Bandaríkjunum auk Namibíu og Simbabve. Fyrirtækið mun í framhaldinu skrá bréf sín í kauphöllinni í Stokkhólmi til viðbótar við London, Jóhannesarborg og fleiri staði. **eggert@frettabladid.is**

Útsala
opið í dag!
Laugard. 11-16
Sunnud. 13-16
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Kaffisala í Kalárseli
Árleg kaffisala verður haldin í Sumarbúðum KFUM og KFUK í Kaldárseli sunnudaginn 4. september kl. 14:00-18:00
Kaldársel er á fallegum stað í hrauninu ofan við Hafnarfjörð, skammt frá Helgafelli.
Minnst er farsæls 80 ára starfs sumarbúðanna á þessu ári.
Glæsilegt kökuhlaðborð - skoðunarferðir og hellaferðir í boði staðkunnugra.
Allur ágóði rennur til frekari uppbyggingar.
Allir velkomnir
STJÓRNIN.

FRAMLEIÐA FÓÐUR FYRIR KÝR Atorka hefur keypt stærri hlut í NWF Group, sem framleiðir fóður fyrir landbúnaðinn.

Atorka kaupir meira í NWF

Fjárfestingarfélagið Atorka Group hefur bætt við hlutabréfum í breska iðnaðarfélaginu NWF Group. Hlutur Atorku er orðinn tólf prósent, samkvæmt tilkynningu til bresku kauphallarinnar.
NWF Group er byggt upp á fjórum einingum: Flutningastarfsemi, fóðurframleiðslu fyrir landbúnað, einkum nautgriparækt, olíudreifingu og smásölu með garðvörur. Markaðsvirði þess er um fimm milljarðar. **- eþa**

Ólíkar stýrivaxtaspár

Greiningardeildir ósammála um áhrif erlendrar útgáfu skuldabréfa í krónum á stýrivexti.

Greiningardeild Landsbankans telur að útgáfa skuldabréfa erlendis í íslenskum krónum verði til þess að Seðlabankinn hækki stýrivexti sína meira en ella. Greining Íslandsbanka er þessu ósammála og telur bankann munu hækka vexti minna en annars hefði orðið.

Erlend útgáfa skuldabréfa í íslenskum krónum hefur styrkt gengi krónunnar að undanförnu og ekki sést fyrir endann á þeirri þróun. Íslandsbanki telur að Seðlabankinn muni horfa til þess að áhrif vaxtamunar milli innlendra og erlendra skammtímavaxta á krónuna sé meiri en reikna hafi mátt með, Bankinn hækki því líklega stýrivexti minna en ella.

Greiningardeild Landsbankans telur að sú skoðun að bankinn taki tillit til gengis krónunnar sé vaxandi á markaði og það grafi undan trúverðugleika peningastefnunnar. Landsbankinn telur því að bankinn noti tækifærið til að taka af öll tvímæli og hækki stýrivexti meira en ella hefði verið og spáir því að hækkunin verði á bilinu 0,5 til 0,75 prósent. Peningamál koma út 29. september og þá er búist við vaxtaákvörðun bankans.

- hh

SIEMENS

Braun rafmagnstannbursti fylgir með öllum þessum vörum*

Full búð af nýjum vörum
Uppþvottavélum, þvottavélum, þurrkurum, kæli- og frystiskápum

SIEMENS
KÆLING
99.900,-

KG33V390
Kælirými: 206 l
fjórar hillur, þar af þrjár stillanlegar, flöskuhilla grænmetisskúffa
Frystirými: 84 l
Sjálfvirk affrysting
Super Cooler og Super Freezer
Stærð: 175 x 60 x 65
Orkunotkun A
Hægri opnun, en hægt að snúa við

SIEMENS
UPPÞVOTTUR
89.900,-

SF25T552
3 þvottakerfi
5 hitastig: 55 - 65°, 50°, 45°, flýtikerfi og skol
49db
Orkunotkun: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni: A
45 cm breið, frístandandi stál, stillanleg efrihilla, barnalæsing

SIEMENS
UPPÞVOTTUR
69.900,-

SF24M255
3 þvottakerfi
1 hitastig
Hvít
52db
Orkunotkun: C
Þvottahæfni: B
Þurrkhæfni: C
45 cm breið

CONSTRUCTA
UPPÞVOTTUR
59.900,-

CG445S2
4 þvottakerfi
3 hitastig: 50°, 65°, 35°, flýtikerfi og skol
Stillanleg efrihilla, tímagluggi, tímastillir
Orkunotkun: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni: A
60 cm breið, frístandandi

Siemens í eldhúsið

SIEMENS
KÆLING
129.900,-

KG36P390
Kælirými: 227 l
Frystirými: 87 l
Sjálfvirk affrysting
Kælivifta
Stærð: 185 x 60 x 65
Orkunotkun A
2 pressur

SIEMENS
SOPINN
64.900,-

TK6000I
Breytir baun í kaffi framreiðir cappuccino og espresso
1300 wött
15 bör
Flóar mjólk í kaffið
sýður vatn í te
Tekur allt að 250 g af baunum
Tekur allt að 1,8 l af vatni
Verðlaunahönnun

SIEMENS
KRAFTUR
14.900,-

VS06G1800
1800 Watta kraftur
2 aukahlutir geymdir í sér hólfi í vélinni
Góður haus
Stillanlegt skaft
Hljóðlát
Stillanlegur kraftur

expert

Skútuvogi 2 - sími: 522 9000
Opið virka daga kl. 11.00 - 18.30 | laugardaga kl. 10.00 - 18.00 | sunnnudaga kl. 13.00 - 17.00

Birt með fyrirvara um villur.

* Gildir meðan birgðir endast

OLIVER CROMWELL (1599-1658)
lést þennan dag.

„Sá sem hættir að verða betri hættir að vera góður.“

Oliver Cromwell var enskur hershöfðingi og stjórnmálamaður. Hann réði yfir Englandi, Skotlandi og Írlandi frá 1653 til dauðadags.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST > 3. SEPTEMBER 1939

Bretar og Frakkar lýsa yfir stríði

Á þessum degi árið 1939 lýstu Bretar og Frakkar yfir stríði á hendur Þjóðverjum en tveimur dögum fyrr hafði þýski herinn ráðist inn í Pólland. Eftir stríðsyfirlýsinguna grandaði þýskur kafbátur breska farþegaskipinu Athenia, en skipstjóri kafbátsins taldi vopn vera um borð í farþegaskipinu. Rúmlega 1.100 farþegar voru um borð og létust 112 þeirra. Meðal hinna látnu voru 28 Bandaríkjamenn, en Roosevelt Bandaríkjaforseti lét þó ekki hvarfla að sér að lýsa yfir stríði vegna þess og Bandaríkin voru hlutlaus í tvö ár í viðbót. Fyrstu viðbrögð Breta voru að dreifa bæklingum í Þýskalandi með áróðri gegn nasistum. Þeir hófu hins vegar að ráðast á þýsk skip 4. september. Breska hernum var gefin sú skipun að hlífa óbreyttum borgurum en þýski herinn bjó ekki við slíkt taumhald.

FARÞEGASKIPIÐ ATHENIA

Frakkar hófu sókn á vesturlandamærum Þýskalands tveimur vikum eftir að hafa lýst yfir stríði. Það hamlaði för þeirra að bæði Lúxemborg og Belgía höfðu lýst yfir hlutleysi og gátu Frakkar því ekki farið yfir landamæri þeirra á leið til Þýskalands, heldur þurftu að feta sig eftir þröngri leið sem var þakin jarðsprengjum Þjóðverja.

MERKISATBURÐIR

1683 Tyrkir ráðast inn í Vínarborg.

1752 Bretar og Bandaríkjamenn taka upp gregoríska dagatalið.

1919 Flogið er í fyrsta sinn á Íslandi í Vatnsmýrinni í Reykjavík.

1924 Borgarastríð brýst út í Kína.

1948 Vladimír Gomulka er settur af sem formaður Verkamannaflokks Póllands.

1971 John Lennon flytur frá Englandi til New York. Hann sneri aldrei aftur heim.

1988 Brúin yfir ósa Ölfusár er formlega tekin í notkun.

2000 Li Peng, forseti kínverska þjóðþingsins, kemur í þriggja daga opinbera heimsókn til Íslands.

ANDLÁT

Jóhanna Svava Proppé lést á Landspítalanum þriðjudaginn 30. ágúst.

Björgvin Einar Guðmundsson, Faxabraut 27, Reykjanesbæ, lést á hjúkrunarheimilinu Garðvangi miðvikudaginn 31. ágúst.

Sigþór Hermannsson, Grænutungu 1, Kópavogi, lést miðvikudaginn 31. ágúst.

Steinunn María Steindórsdóttir, píanókennari, andaðist á líknardeild Landspítala Landakoti miðvikudaginn 31. ágúst.

Þorsteinn Lúðvík Þorsteinsson, Hagatúni 12, Höfn, Hornafirði, lést á hjúkrunardeild Heilbrigðisstofnunar Suð-Austurlands miðvikudaginn 31. ágúst.

Jón Sævar Jóhannsson, Kleppsvegi 76, Reykjavík, andaðist fimmtudaginn 1. september.

Friðmey Guðmundsdóttir frá Bíldsfelli, Grafningi, lést á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði að kvöldi fimmtudagsins 1. september.

JARÐARFARIR

14.00 **Dagbjört Sigurðardóttir** frá Stígshúsi, Stokkseyri, verður jarðsungin frá Stokkseyrarkirkju.

14.00 **Matthildur Kristjánsdóttir**, Sandholti 40, Ólafsvík, verður jarðsungin frá Ólafsvíkurkirkju.

14.00 **Stefán G. Guðmundsson** frá Vopnafirði verður jarðsunginn frá Vopnafjarðarkirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

AFMÆLI

Björn Th. Björnsson, listfræðingur og rithöfundur, er 83 ára.

Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur er 37 ára.

Rúnar Kristinsson knattspyrnumaður er 36 ára.

Guðmundur Benediktsson knattspyrnumaður er 31 árs.

Úlfur Eldjárn tónlistarmaður er 29 ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/LJÓSMYNDASTOFA HAFNARFIRÐI

BRÚÐHJÓN

Gefin voru saman hinn 6. ágúst árið 2005 í Kirkjuvogskirkju þau Dagfríður Pétursdóttir og Vésteinn Guðmundsson, af séra Hirti Hjartarsyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

FLUTT TIL EDINBORGAR Vilborg er nýflutt til Skotlands ásamt fjölskyldu sinni. Hún leggur nú lokahönd á skáldsögu áður en hún stingur sér á kaf í framhaldsnám í þjóðfræði.

VILBORG DAVÍÐSDÓTTIR RITHÖFUNDUR ER FERTUG:

Gefur sjálfri sér gjafir

„Sambýlismaður minn býr með yngri konu, hann verður ekki fertugur fyrr en í nóvember,“ segir Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur með hlátur í röddu en hún heldur upp á fertugsafmæli sitt í dag. Hún segir það skrítna tilfinningu. „Ég hef oft velt því fyrir mér hvort maður þroskist meira úr þessu eða hvort maður sé búinn að ná því sem fylgir því að vera fullorðinn,“ segir Vilborg kímin og ætlar að láta sambýlismann sinn vita á sunnudag hvort það breyti miklu að komast yfir þennan þröskuld. „Áður fyrr fannst mér allir kjánar sem voru undir þrítugu en kannski færi ég þau landamæri upp um áratug,“ segir Vilborg og skellihlær.

Vilborg er nýflutt til Skotlands ásamt fjölskyldu sinni. Þar ætlar hún að hefja framhaldsnám í þjóðfræði en sambýlismaður hennar fer í framhaldsnám í sálfræði. „Við erum í hjarta Edinborgar,“ segir hún og finnst borgin yndisleg. Vilborg hefur aldrei búið erlendis áður og þarf því að kynna sér margt nýtt.

Í tilefni dagsins ætlar Vilborg með fjölskylduna út að borða á fínu sjávarréttahúsi í gamla bænum. „Annars verður þetta bara dagur til að slaka á og hafa það gott,“ segir Vilborg, sem finnst voða gaman að halda upp á allt mögulegt, ekki bara afmæli. „Ég geri það reyndar oft með því að gefa sjálfri mér eitthvað,“ segir hún hlæjandi.

Einn minnisstæðasti afmælisdagur Vilborgar var fyrir fimm árum. „Þá hélt ég upp á afmælið mitt með því að fara til Grænlands,“ segir Vilborg, sem fannst það aðalveislan að vera í guðsgrænni náttúrunni og fara í gönguferð á stilltum haustdegi og skoða rústir norrænna manna. Vilborg er einmitt að fara yfir lokaprófork á næstu bók sinni, sem gerist á miðöldum á Grænlandi. Hún fjallar um inúíta á Norður-Grænlandi og byggðunum sem þar fóru í eyði á fimmtándu öld af ástæðum sem eru ókunnar. „Ég hef mínar kenningar um af hverju það var,“ greinir Vilborg frá en hún kemur til Íslands á bókmenntahátíð á næstunni til að lesa upp valda kafla úr sögunni. ■

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,afi og langafi,

Björgvin Einar Guðmundsson

Faxabraut 27, Reykjanesbæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Garðvangi miðvikudaginn 31. ágúst.

Jóhann Rúnar Björgvinsson
Guðmundur Björgvinsson
Magnús Ingi Björgvinsson
Eygló Rut Björgvinsdóttir
Sigurður Björgvinsson
Jóhanna Björgvinsdóttir
Björgvin Arnar Björgvinsson
Gréta Þóra Björgvinsdóttir
og fjölskyldur

Birna Jónsdóttir
Ásdís Kristjánsdóttir
H. Hjördís Guðjónsdóttir

Hildur Þóra Stefánsdóttir
Hannes L. Jóhannsson
Katrín M. Eiríksdóttir

Opið hús í Sjálandsskóla

Fyrsti áfangi skólabyggingar hins nýja Sjálandsskóla verður formlega tekinn í notkun í dag. Af því tilefni verður opið hús í skólanum frá klukkan hálf tvö til þrjú að lokinni stuttri athöfn klukkan eitt þar sem nemendur skólans afhjúpa listaverk sem þeir hafa unnið að.

Sjálandsskóli við Löngulínu í Garðabæ er nýr grunnskóli sem tók til starfa í haust. Hann er að ýmsu leyti óhefðbundinn en við hönnun hans var haft að leiðarljósi að húsnæðið styddi við einstaklingsmiðað nám og kennslu, frekar en nám í hefðbundnum bekkjardeildum. Til að mynda er tveimur árgöngum kennt saman á svokölluðu heimasvæði og bera einn til tveir kennarar ábyrgð á hverjum hópi. Helgi Grímsson skólastjóri segir skólastarfið fara mjög vel af stað. Hin nýja kennsluaðferð virðist einnig reynast vel. „Það er mikill vinskapur að myndast milli yngstu og elstu nemendanna og það skapast svona samfélag,“ segir Helgi, sem finnst mikill og góður menningarbragur á skólastarfinu. Skólasetning var 24. ágúst en í vetur munu um áttatíu nemendur stunda nám við skólann í 1. til 6. bekk. ■

SJÁLANDSSKÓLI Skólinn eins og hann mun líta út fullbyggður. Fyrsti áfanginn verður formlega tekinn í notkun í dag.



Barnastarf kirkjunnar - alla sunnudaga fyrir alla fjölskylduna!

Fjölmennum á morgun.

Reykjavík og Kópavogur

Árbæjarkirkja kl. 11:00

Áskirkja kl. 11:00 frá 18. september

Breiðholtskirkja kl. 11:00

Bústaðakirkja kl. 11:00

Digraneskirkja kl. 11:00

Dómkirkjan kl. 11:00

Fella- og Hólakirkja kl. 11:00

Grafarvogskirkja kl. 11:00
og í Borgarholtsskóla kl. 11:00

Grafarholtskirkja í Ingunnarskóla
kl. 11 frá 1. október n.k.

Grensáskirkja kl. 11:00

Hallgrímskirkja kl. 11:00

Háteigskirkja kl. 11:00

Hjallakirkja kl. 13:00

Kópavogskirkja kl. 12:30
í kirkjunni

Laugarneskirkja kl. 11:00

Langholtskirkja kl. 11:00

Lindasókn Kópavogi í sal
Lindaskóla kl. 11:00

Neskirkja kl. 11:00

Óháði söfnuðurinn
annan og fjórða sunnudag
mánaðarins kl. 14:00 frá 11. sept.

Seljakirkja kl. 11:00

Seltjarnarneskirkja kl. 11:00

Garðabær og Hafnarfjörður

Bessastaðasókn kl. 11:00 í sal
Álftanesskóla frá og með
18. september.

Vídalínskirkja kl. 11:00 frá
11. september

Hafnarfjarðarkirkja kl. 11:00
í kirkjunni og í Hvaleyrarskóla

Víðistaðakirkja kl. 11:00 frá
11. september

Fríkirkjan í Hafnarfirði kl. 11:00

Mosfellsbær og nágrenni

Lágafellskirkja
Fjölskylduguðsþjónusta 11. sept
kl 11:00, Sunnudagskólinn hefst í
kirkjunni 18. sept kl. 13:00

Brautarholtskirkja Kjalarnesi
Kl. 11 frá 18. september

einnig á virkum dögum fyrir eldri börn! – sjá nánar í kirkjustarfsdálki í Morgunblaðinu

ÓVENJULEGT HEIMSKORT UNDAN STRÖND DÚBAÍ Verið er að byggja 300 eyjur úti fyrir strönd Dúbaí-borgar. Eyjaklasinn mun mynda heimskort og þar verður til að mynda hægt að reisa lúxus-villu á Íslandi. Minnstu eyjurnar kosta um hálfan milljarð króna.

Ísland til sölu í Dúbaí

Uppbyggingin í furstadæminu Dúbaí á sér líklega engin fordæmi. Þar er hæsta hótel í heimi og verið er að byggja hæsta skýjakljúfinn. Landfyllingar undan ströndum Dúbaí-borgar eru súrrealískar svo ekki sé fastar að orði kveðið. Í gær var 42 stiga hiti í Dúbaí sem er kannski vel við hæfi því borgin er að verða einn heitasti lúxus-ferðamannastaðurinn í dag. *Trausti Hafliðason* skoðaði draumaveröld furstans í Dúbaí.

Við verðum að nálgast framtíðina í stað þess að bíða eftir henni. Ef ég sé eitthvað sem virðist ómögulegt að framkvæma þá langar mig að gera það mögulegt. Mér líkar áskoranir.“ Þessi orð Mohammed bin Rashed al-Maktum, furstans í Dúbaí og varaforseta Sameinuðu arabísku furstadæmanna, lýsa kannski best þeim gríðarlega uppgangi sem hefur verið í Dúbaí undanfarin ár.

Ekki eru mörg ár síðan fæstir vissu í raun nokkuð um þetta litla furstadæmi. Í dag vita hins vegar margir eitthvað um landið. Þeir sem fylgjast með ensku knattspyrnunni hafa væntanlega tekið eftir því Eiður Smári Guðjohnsen og félagar hans í Chelsea auglýstu flugfélagið Emirates um árabil. Flugfélagið er einmitt í eigu furstans í Dúbaí. Chelsea er reyndar hætt að auglýsa flugfélagið en furstinn sneri sér þá bara til Arsenal og ákvað að styrkja þá duglega. Nýi heimavöllur liðsins, sem verður tekinn í notkun á næsta ári, mun heita Emirates-völlurinn.

Ekki fylgjast allir með enska boltanum en líkur eru á að þeir sem hafi ferðast til einhverra stórborga Evrópu undanfarin ár hafi einnig rekist á veggspjöld á flugvöllum eða lestarstöðvum þar sem Dúbaí er auglýst sem vin í eyðimörkinni, perla hins sólþyrsta ferðamanns sem vill njóta alls hins besta í fríinu sínu. Slíkar auglýsingar eru einnig tíðar í erlendum glanstímaritum sem og á stóru fréttasjónvarpsstöðunum Sky og CNN.

Súrrealískt hugmyndaflug

Hvaða fyrirbæri er þetta eiginlega? Í hugum flestra er Arabíuskaginn kannski ekki sá staður sem kemur upp í hugann þegar hugsað er um lúxushótel og eftirsóttan áfangastað ferðamanna sem vilja sækja suður á bóginn í sólina. Það er hins vegar að breytast. Þökk sé furstanum í Dúbaí. Undanfarin ár hefur hann lagt ómælt fé í uppbyggingu ferðamannaiðnaðarins og viðskiptamiðstöðvar í miðri eyðimörkinni. Hugmyndaauðgi hans virðist ekki eiga sér nein takmörk. Nú er svo komið að stærsta hótel í heimi er að finna í Dúbaí, verið er að byggja stærsta skýjakljúf í heimi í borginni og stærstu verslunarmiðstöð (kringlu) utan Bandaríkjanna. Landfyllingar undan ströndum borgarinnar eru svo súrrealískar að maður trúir ekki að nokkrum manni detti í hug að leggja út svona framkvæmdir fyrr en maður sér myndir af þeim.

Risastórt segl í hafinu

Eitt þekktasta kennileiti Dúbaí í dag er Burj al-Arab-hótelið sem rís 321 metra upp úr hafinu skammt undan strönd Dúbaí-borgar, eins og risastórt segl. Hótelið, sem var tekið í notkun árið 1999, er sannkallað lúxushótel. Aðeins eru svítur á hótelinu og eru þær alls 202 talsins. Nóttin í ódýrustu svítunum kostar um 60 þúsund krónur en í fyrir nótt í þeim dýrustu verða gestir að reiða fram ríflega 300 þúsund krónur. Minnstu svíturnar eru 170 fermetrar en þær stærstu 780. Allar svíturnar eru á tveimur hæðum. Stærstu svíturnar eru með litlum bíósal, einkalyftu, bókasafni og í það minnsta tveimur baðherbergjum svo eitthvað sé nefnt. Já, og hverri svítu fylgir einkaþjónn. Burj al-Arab, sem þýðir arabíski turninn, er meðal stærstu bygginga í heiminum – aðeins fáeinum metrum lægri en Empire State-byggingin í New York. Turninn er holur að innan þannig að þegar staðið er í móttökunni á jarðhæð og litið er upp sést þakið á byggingunni.

Landfyllingar í líki pálmatrés

Byggingarkranar, sandflutningaskip og stórtækar vinnuvélar bera vitni um þær gríðarlegu framkvæmdir sem nú standa yfir í Dúbaí. Verið er að byggja fjölmörg háhýsi sem hýsa munu fjármálastofnanir og aðra starfsemi en furstinn hefur lýst því yfir að hann vilji byggja upp viðskiptamiðstöð í borginni. Stærstu verkefnin snúa samt að ferðamannaiðnaðinum.

TEYGIR SIG 800 METRA TIL HIMINS Dúbaí-turinn verður 800 metra hár sem er 300 metrum hærra en Taipei-turninn sem í dag er stærsti skýjakljúfur heims.

Þegar staðið er á ströndinni má sjá fjölmörg sandflutningaskip dæla sandi í sjóinn. Ástæðan – jú það er verið að stækka borgina með landfyllingum sem eiga sér engin fordæmi.

Fyrst ber að nefna landfyllingarverkefni sem gengur undir nafninu Pálmatrén (The Palm). Um er að ræða landfyllingar sem verða í laginu eins og pálmatré úti á hafinu. Verkefnið er komið töluvert langt á veg. Úti á fyllingunum mun rísa mörg þúsund manna byggð. Þar verða reist fjölbýlishús, lúxusvillur með einkabryggju fyrir snekkjuna, fimmtíu til sextíu hótel, skemmtigarður, verslunarmiðstöð og íþróttamiðstöð svo eitthvað sé nefnt.

Þetta er ekkert smá verkefni – þegar búið verður að ljúka því fullyrða hönnuðirnir að það sjáist utan úr geimnum. Ef gerður væri tveggja metra hár og hálfs metra breiður veggur úr öllu því efni sem notað er í landfyllinguna myndi veggurinn ná þrjá hringi í kringum jörðina. Þetta verður ein stærsta ef ekki stærsta landfylling sem gerð hefur verið í heiminum.

Ísland stærst Norðurlandanna

Oft er talað um lönd komi sér á heimskortið með einhverjum ákveðnum hætti. Eitt merkilegasta verkefnið í Dúbaí ber vott um að furstinn hafi verið orðinn úrkula vonar um að Dúbaí kæmist nokkurn tímann á heimskortið. Hann ákvað nefnilega að byggja sitt eigið heimskort.

ÍSLAND Á HEIMSKORTINU Hér má sjá upplýsingar um Ísland á heimskortinu í Dubaí.

Vissulega hafa Pálmatrén vakið athygli en þó ekki jafn mikla athygli og Heimurinn (The World). Ef þú átt sand af seðlum og langar að eignast þína eigin eyju, til dæmis Ísland, þá er Heimurinn kannski eitthvað fyrir þig. Heimurinn er líkt og Pálmatrén búinn til á landfyllingu út af strönd Dúbaí. Verið er að byggja 300 eyjur sem mynda heimskort úti á hafinu. Eyjurnar eru frá einum hektara upp í tæpa 4,5 að flatarmáli en samanlegt er eyjaklasinn sem myndar Heiminn níu kílómetrar að lengd og sex á breidd.

ÞEKKTASTA KENNILEITI DÚBAÍ Burj al-Arab-hótelið er líklega þekktasta kennileiti Dúbaí í dag en það á eftir að breytast. Nóttin kostar frá 60 þúsund krónum.

Eyjurnar eru seldar til einstaklinga eða fjárfesta sem vilja eignast sitt eigið „land“. Minnstu eyjurnar er hægt að fá fyrir litlan hálfan milljarð króna en þær stærstu kosta margfalda þá upphæð. Kaupendurnir ráða nokkurn veginn hvað þeir byggja á eyjunum en þar er gert ráð fyrir lúxusvillum, fjölbýlishúsum, hótelum og golfvöllum.

FURSTINN Í DÚBAÍ Það verður seint sagt um Mohammed bin Rashed al-Maktum að hann skorti metnað. Hann hefur reyndar sjálfur sagt að ef eitthvað virðist ómögulegt að framkvæmda þá vilji hann gera það mögulegt.

PÁLMATRÉ Í HAFINU Pálmatrén eða „The Palm“ er landfylling sem verður í laginu eins og pálmatré úti á hafinu. Þar mun rísa nokkur þúsund manna byggð.

En er virkilega hægt að kaupa Ísland? Gerðu skipulagssérfræðingarnir virkilega ráð fyrir þessari litlu eyju í norðri þegar þeir voru að hanna Heiminn? Svarið við þessum spurningum er já og já. Það er ekki nóg með að Ísland, sem fyrir þá sem hafa áhuga á að kaupa gengur undir heitinu E1 á heimskortinu, sé á kortinu heldur er Ísland ein stærsta eyjan eða um fjórir hektarar. Það kítlar

FETAÐ Í FÓTSPOR DÚBAÍ

PERLAN Í KATAR Ráðamenn í Katar eru að byggja 160 milljarða króna ferðamannastað skammt undan ströndum Doha, höfuðborgar landsins. Staðurinn hefur fengið nafnin Perlan.

Velheppnuð uppbygging ferðamannaiðnaðarins í Dúbaí hefur vakið nágrannaríkin upp af værum svefni. Nú er svo komið að Óman, Katar, Barain og Kúveit hyggjast öll feta í fótspor furstadæmisins. Í Katar er verið að byggja upp 160 milljarða króna eyju undan ströndum landsins sem mun svipa til landfyllinganna í Dúbaí og á að hýsa hótel, lúxusvillur og íbúðir. Einnig er verið að byggja nýjan alþjóðaflugvöll í Katar sem á að anna 60 milljón farþegum á ári árið 2020. Flugvöllurinn er talinn kosta um 350 milljarða króna. Í Óman er þegar hafin vinna við 60 milljarða króna landfyllingar skammt frá höfuðborginni Muscat og í hinu örsmáa ríki Bahrain er verið að byggja þrettán litlar eyjur þar sem til stendur að reisa hótel og íbúðir fyrir ferðamenn. Barain-verkefnið er metið á um 80 milljarða króna. Ráðamenn í hinu íhaldssama landi Kúveit, þar sem áfengi og diskótek er bannað samkvæmt lögum, virðast ætla að slaka aðeins á stefnu sinni í þeim málum. Á teikniborðinu er hundruð milljarða króna verkefni sem snýr að því að breyta Failaka-eyju, sem er um 20 kílómetrum norðaustur af landinu, í ferðamannaparadís.

SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN (LYKILTÖLUR)

Furstadæmin sjö eru: Abú Dabí, Dúbaí, Ajman, Sharjah, Umm al-Qaywayn, Ra's al- Khaymah og Al-Fujayrah.
Flatarmál: 82,880 ferkílómetrar
Sjálfstæði: 2. desember árið 1971 frá Bretum
Höfuðborg: Abú Dabí
Stjórnskipun: Furstadæmi (ættarveldi)
Náttúrulegar auðlindir: Olía og gas
Íbúafjöldi: 3,5 milljónir (árið 2002)
Meðalævilengd: 75,24 ár
Trúarbrögð: 96% múslímar, önnur trúarbrögð 4%
Tungumál: Arabíska
Lestrarkunnátta: 77,9%
Atvinnuleysi: 2,4% (árið 2001)
Hagvöxtur: 5,7% (árið 2004)
Fjöldi starfandi eftir atvinnugreinum: Þjónustugreinar 78%, Iðnaður 15% og landbúnaður 7%
Gjaldmiðill: Emirati dirham (tengdur við dollara síðan árið 2002)
Ljósvakamiðlar: 15 sjónvarpsstöðvar og 21 útvarpsstöð (árið 2004)
Meðalhiti: 24 gráður í janúar, 42 gráður í júlí

SJÁVARÞORP AÐ OLÍUVELDI

Dúbaí, sem er aðeins um 3.900 ferkílómetrar að flatarmáli, er eitt af sjö furstadæmum hinna Sameinuðu arabísku furstadæma.
Í raun má líkja furstadæmunum við Bandaríkin að því leyti að hvert furstadæmi hefur líkt og hvert ríki Bandaríkjanna ákveðna sjálfsstjórn, sína eigin dómstóla og höfuðborg. Stjórnskipunin er hins vegar með allt öðrum hætti en á Vesturlöndum. Ákveðnar ættir skipta með sér völdum og því er ekkert þjóðkjörið þing í landinu. Höfuðborg Dúbaí heitir Dúbaí. Þar býr um ein milljón manna og er borgin sú önnur stærsta í Sameinuðu arabísku furstadæmunum á eftir Abú Dabí.
Tiltölulega stutt er síðan raunveruleg byggð varð til í Dúbaí. Fyrsti vísirinn að borgarbyggð í Dúbaí varð árið 1799. Þá var Dúbaí, sem nú er nútímaleg stórborg, lítið sjávarþorp. Í kringum 1830 komst Maktoum-ættin til valda í Dúbaí og hefur hún haldið völdum þar allt síðan. Á nítjándu öldinni var Dúbaí fyrst og fremst fiskiþorp en þegar líða fór á öldina varð borgin mikilvæg miðstöð viðskipta, sérstaklega var mikið verslað með perlur og gull. Á þessum tíma settust fjölmargir Indverjar að í borginni og var töluvert um að gulli væri smyglað frá Dúbaí til Indlands.
Árið 1966 urðu vatnaskil í sögu Dúbaí þegar olía fannst undan ströndum landsins. Af furstadæmunum sjö sem mynda Sameinuðu arabísku furstadæmin ræður Dúbaí yfir um þriðjungi af allri olíunni sem fundist hefur. Abú Dabí ræður yfir mestu, eða nánast tveimur þriðju. Í kjölfarið á olíufundinum varð gríðarlega uppsveifla í efnahagsmálum Dúbaí sem ekki sér fyrir endann á. Þó er talið að olíubirgðirnir dugi ekki út þessa öld.
Líkt mörg nágrannaríki var Dúbaí undir hælnum á Breska heimsveldinu í ríflega eina öld. Ráðamenn í Dúbaí gerðu fjölmarga samninga Breta á 19. öld og voru utanríkis- og varnarmál landsins undir stjórn Breta allt þar til árið 1971 þegar Dúbaí öðlaðist sjálfstæði.

óneitanlega aðeins hégómagirndina að vita að Ísland er stærra en Svíþjóð, Noregur, Finnland og auðvitað Danmörk. Þá er Klakinn jafnstór og Þýskaland, Frakkland og Bretland. Það er spurning hvort það ætti ekki að veita Mohammed bin Rashed al-Maktum Fálkaorðuna fyrir hafa loks séð heiminn í réttu ljósi. Menn hafa nú fengið hana fyrir minni afreki en þetta. Bara svona svo það fylgi með þá kostar heimskortið furstann litla 130 milljarða króna; hann hefði getað keypt sér hundrað milljón nokkuð góðar Atlas landabréfabækur fyrir peninginn í netversluninni Amazon.

Hæsti skýjakljúfurinn

Á listanum yfir þrjátíu hæstu byggingar heims eru þrjár nú þegar í Dúbaí. Emirates-turninn, sem er skrifstofubygging, er 355 metra hár, Burj al-Arab-hótelið er 321 metri og Jumeirah-hótelið er 309 metra hátt. Furstinn í Dúbaí ætlar ekki að láta hér við sitja. Innan skamms mun Dúbaí eiga fjóra skýjakljúfa á þessum lista því verið er að byggja Dúbaí-turninn sem mun verða hæsta bygging í heimi.

Hæsti skýjakljúfur heims er Taipei-turninn í Taívan sem er 508 metra hár. Dúbaí-turninn, sem þegar er byrjað að byggja, mun teygja sig 800 metra til himins og verður því næstum 300 metrum hærri en Taipei-turninn. Grunnur byggingarinnar er fimmtíu metra djúpur og alls verða 160 hæðir í turninum sem mun hýsa skrifstofur, íbúðir, hótel og verslanir. Í kringum skýjakljúfinn verður tjörn.

Skíðabrekka í verslunarmiðstöð

Í lok þessa árs lýkur byggingu stærstu verslunarmiðstöðvar (kringlu) utan Bandaríkjanna. Hún nefnist „Mall of the Emirates" og er að sjálfsögðu í Dúbaí-borg. Alls verða 350 verslanir í kringlunni, bíó með fjórtán sölum, 500 sæta leikhús og skemmtigarður svo eitthvað sé nefnt. Þó er eitt sem mun skilja þessa kringlu frá öðrum frá öðrum verslunarmiðstöðvum. Ef gestirnir verða orðnir þreyttir á að rápa milli verslana geta þeir skellt sér á skíði. Á næsta ári mun risastórt innanhússskíðasvæði opna inni í kringlunni. Þar verður 400 metra löng skíðabrekka þar sem um 1.500 manns geta rennt sér á sex þúsund tonnum af gervisnjó.

ATHYGLISVERÐAR HEIMASÍÐUR UM DÚBAÍ:
http://www.thepalm.ae
http://www.theworld.ae
http://guide.theemiratesnetwork.com

EIN AF MÖRGUM

Í TÖLVULISTANUM ER MESTA ÚRVAL FERÐAVÉLA Á ÍSLANDI OG ER GATEWAY M360X AÐEINS EIN AF MÖRGUM

www.tolvulistinn.is

GATEWAY M360X FERÐATÖLVA

Glæsileg vél á einstöku verði með öflugum **1.7GHz** Intel Pentium M Dothan örgjörva, **512MB DDR** vinnsluminni, **60GB** harðdisk, **8xDVD±RW/DL** skrifara sem skrifar á DVD og CD-R geisladiska, **15,4"** WXGA WideScreen skjá, **64MB Mobile Intel Extreme Graphics 2** skjákorti, **10/100 base netkorti**, módemi, **þráðlausu neti** með loftnet innbyggt í skjá og Windows XP PRO stýrikerfi á **íslensku eða ensku**

EINSTAKT VERÐ AÐEINS 119.900

TÖLVULISTINN

Nóatúni 17 **Reykjavík** ☎ 562 6730 • Glerárgötu 36 **Akureyri.** ☎ 464 7400 • Hafnargötu 90 **Keflavík.** ☎ 534 7400

acer DELL Gateway hp invent MSI IBM SONY

3 DAGA AUGLÝ

TOSHIBA A3-S611

- Pentium M 730 1,6GHz Dothan (2MB flýtiminni)
- 15" xga TFT skjár (1024x768)
- 40 GB harður diskur 4200 rpm
- DVD combo drif CD/RW DVD
- 256MB vinnsluminni (stækkanlegt í 2GB)
- Þráðlaust tengi (W-Lan 802.11G)
- Modem, 10/100 netkortstengi
- Skjákort Intel GMA 900
- 2 USB port, Firewire tengi
- Li-ion battery 3.8 tíma ending
- Win XP Professional

89.900
Pentium M Dothan
4.203 kr. á mánuði
í 24 mánuði með tölvukaupaláni
7.958 kr á mánuði m/v 12 mán.

ASUS A6NE

- Pentium M 725 1,6GHz Dothan (2MB flýtiminni)
- 512 MB vinnsluminni
- 60 GB harður diskur
- 15,4" truebrite skjár
- DVD DL skrifari
- Wi-Fi
- 4 USB tengi og Firewire
- Innbyggð vefmyndavél
- Windows XP Professional
- Kortalesari og TV-out tengi
- Aðeins 3 kg, taska og mús fylgja

129.900
Innbyggð myndavél
6.072 kr. á mánuði
í 24 mánuði með tölvukaupaláni
11.499 kr á mánuði m/v 12 mán.

HEWLETT PACKARD DV-1000

- Pentium M 740 1,73 GHz Dothan (2MB flýtiminni)
- 14" Widescreen bright view
- 60 GB harður diskur og 512 MB vinnsluminni
- Modem 10/100 nettengi
- 3 USB port, Firewire tengi
- Minniskortalesari (6 í einum)
- Þráðlaus tengi (W-Lan 802.11B/G(54G))
- Intel 900 skjákort, S-Video out
- 2,1 kg, Win XP home
- 2ja ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

139.900
Aðeins 2,1 kg
6.540 kr. á mánuði
í 24 mánuði með tölvukaupaláni
12.384 kr á mánuði m/v 12 mán.

Packard Bell A7718

- Pentium M 715 1,5GHz Dothan
- 13" Skjár Diamond View
- 80 GB harður diskur
- 512 MB vinnsluminni (stækkanlegt í 2GB)
- Þráðlaust tengi (W-lan 802.11b/g (54g))
- DVD DL skrifari, modem 10/100 nettengi
- Intel 855 64MB skjákort, S-video out
- 3 USB port, Firewire tengi, kortalesari (SD)
- Win XP Home, aðeins 1,97 kg
- 2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

109.900
Aðeins 1,97 kg
5.138 kr. á mánuði
í 24 mánuði með tölvukaupaláni
9.729 kr á mánuði m/v 12 mán.

SONY S660/W

- Pentium M740 1,73GHz Dothan (2MB flýtiminni)
- 15,4" widescreen TFT skjár (1280x768)
- 80 GB harður diskur
- DVD +/- DL
- 1 GB DDR vinnsluminni (stækkanlegt í 2GB)
- Þráðlaust tengi (W-Lan 802.11G)
- Modem, 10/100 netkortstengi
- Skjákort NVIDIA GeForce 128 mb
- 2 USB port, Firewire tengi
- Li-ion battery 3.8 tíma ending
- Windows XP Home

169.900
Alvöru leikjatölva
7.942 kr. á mánuði
í 24 mánuði með tölvukaupaláni
15.040 kr á mánuði m/v 12 mán.

SONY VGN-S460 P/B

- Pentium M740 1,73GHz Dothan (2MB flýtiminni)
- 13,3" widescreen TFT skjár (1280x768)
- 80 GB harður diskur
- DVD combo drif CD/RW DVD
- 512MB vinnsluminni (stækkanlegt í 2GB)
- Þráðlaust tengi (W-Lan 802.11G)
- Modem, 10/100 netkortstengi
- Skjákort NVIDIA GeForce Go 6200
- 2 USB port, Firewire tengi
- Li-ion battery 3.8 tíma ending
- Windows XP Professional

179.900
Ein með öllu
8.410 kr. á mánuði
í 24 mánuði með tölvukaupaláni
15.925 kr á mánuði m/v 12 mán.

495
Ljósmyndapappír 20 blöð

395
Ljósritunarpappír 500 blöð

845
Blek í prentara

995
Vision DVD+R 10 stk.

2.995
Creative vefmyndavél

ÝSINGAVERND

Við eigum auglýstar vörur til í a.m.k 3 daga

Það er leiðinlegt að lenda í því að auglýstar vörur eru ekki til þegar þú mætir á staðinn. Hjá okkur er þetta ekkert mál. Við ábyrgjumst að eiga vörurnar í a.m.k. 3 daga frá birtingu auglýsingar. Ef varan verður uppseld á þeim tíma, þá útvegum við þér hana með eðlilegum afhendingartíma eða þá sambærilega eða dýrari vöru á sama verði. Á ekki við um vörur sem eru auglýstar í takmörkuðu magni.

ELKO ÖRYGGI

TOSHIBA *L10-192*

- Intel Celeron Mobile 1,5 GHz
- 15" TFT skjár
- 60 GB harður diskur
- 512 MB vinnsluminni
- I855 GME 64mb skjákort
- DVD DL skrifari
- 2.67 kg
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð
- XP home stýrikerfi

3.735 kr. á mánuði
í 24 mánuði með tölvukaupaláni
7.073 kr á mánuði m/v 12 mán.

79.900
60 GB - 512 MB
DVD DL skrifari

TOSHIBA *M40X-189*

- Intel Pentium Mobile 1,6 GHz
- 15,4" breiðtjalds TFT skjár
- 60 GB harður diskur
- 512 MB vinnsluminni
- I855 GME 64mb skjákort
- DVD DL skrifari
- 2.67 kg
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð
- XP home stýrikerfi
- 3 USB tengi, Firewire tengi
- Þráðlaust tengi W-Lan 802.11G

5.138 kr. á mánuði
í 24 mánuði með tölvukaupaláni
9.729 kr á mánuði m/v 12 mán.

109.900
Pentium M 1,6 GHz

9.995
Laserprentari

SAMSUNG

Laser prentari, ML1610. Prentar 16 bls á mín. Upplausn 600x600, tekur 250 bls. USB tengdur. Kemur með toner fyrir 1000 bls, 2Mb minni. Bæði með PC og Mac.

29.900
Lita laserprentari

HEWLETT PACKARD

Laser prentari, HPCL2550I. Nettur lita laser-prentari. Upplausn 600x600dpi í svörtu en 2400dpi í lit. Innan við 18 sek að skrifa út fyrstu síðu, allt að 19 bls á mín í svörtu, 4 bls í lit, tekur 125 bls, 64Mb minni

8.995
Prentar á diska

Canon

Prentari, IP3000. 4800x1200 punkta upplausn og 2pl Micro Nozzels, tveir pappírsbakkar, Duplex prentun, prentar á geisladiska, 4 hylkja kerfi, hraði allt að 22 bls. í svörtu og 15 í lit. 0,6 bls á mín í ljósmyndaprentun, vinnslustig 35dB.

ELKO

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

ELKO VIÐ SMÁRATORG OG SKEIFUNNI 7 – SÍMI 544 4000

OPIÐ ALLA DAGA
Einnig í Skeifunni

JAGGER OG WOOD Hljómsveitin The Rolling Stones var stofnuð í byrjun sjöunda áratugarins og virðist eiga nóg inni þrátt fyrir ófá ár í bransanum.

ÁTTA ÁRA BIÐ Á ENDA

Breska rokksveitin **The Rolling Stones** hefur verið starfrækt svo lengi sem elstu menn muna. Nýjasta plata sveitarinnar, A Bigger Bang, kemur út á mánudaginn og hinir fjölmörgu Stones-aðdáendur um heim allan bíða hennar að sjálfsögðu með mikilli eftirvæntingu.

A Bigger Bang er fyrsta hljóðversplata The Rolling Stone í átta ár, eða síðan Bridges to Babylon kom út 1997. Heiti plötunnar er rakið til áhuga sveitarinnar á vísindakenningunni um að heimurinn hefði orðið til í stórri sprengingu. Alls eru sextán lög á plötunni þar sem rokklög með blúsáhrifum eru sem fyrr í forgrunni. Þetta er jafnframt lengsta plata Stones síðan Exile on Main Street kom út árið 1972 við miklar vinsældir.

Fyrsta smáskífulag plötunnar er ballaðan Streets of Love. Á meðal fleiri laga eru Rough Justice, Laugh, I Nearly Died og Rain Fall Down. Einnig verða á plötunni lögin This Place in Empty og Infamy sem eru bæði sungin af gítarleikaranum Keith Richards.

Tónleikaferð The Rollings Stones um heiminn til að fylgja plötunni eftir hófst í Boston 21. ágúst og stendur yfir fram á næsta haust. Fyrst um sinn ferðast sveitin um Norður-Ameríku. Síðan liggur leiðin til Suður-Ameríku, Mið-Austurlanda, Nýja-Sjálands, Ástralíu og loks til Evrópu.

Töluverðar mannabreytingar

Mannabreytingar á The Rolling Stones hafa verið nokkrar, sem er kannski ekki skrítið þar sem sveitin hefur starfað í yfir fjörutíu ár. Stones kom fyrst fram opinberlega í Marquee-klúbbnum í London árið 1962. Á þeim tíma samanstóð sveitin af Mick Jagger, Keith Richards, Brian Jones, Ian Stewart, Mick Avory og Dick Taylor. Nokkrum vikum eftir tónleikana hætti Taylor og bassaleikarinn Bill Wyman kom í hans stað. Ekki leið heldur á löngu þar til Avory hætti í sveitinni og eftir stutt stopp Tony Chapman við trommusettið gekk Charlie Watts til liðs við Stones.

Ári síðar gerðist Andrew Looq Oldham umboðsmaður Stones og lagði hann mikla áherslu á að hljómsveitin liti út eins og hinn illi tvíburi Bítlanna. Sveitin gekk um í leðurjökkum, talaði hispurslaust í fjölmiðlum og spilaði ágengara rokk en Bítlarnir voru þekktir fyrir. Í framhaldinu var krafta Ian Stewart ekki lengur óskað í sveitinni þar sem hann þótti ekki henta nýrri ímynd sveitarinnar.

Þar með var komin hin rétta uppstilling Stones sem átti eftir að endast til ársins 1969 þegar Brian Jones ákvað að hætta. Mánuði síðar fannst hann látinn í sundlaug sinni. Mick Taylor hljóp í skarðið fyrir gítarleikarann Jones og var meðlimur Stones til ársins 1974. Þá var komið að Ron Wood, sem hafði áður spilað með Jeff Beck og Rod Stewart, að taka gítarinn í hönd og hefur hann gert það allar götur síðan.

Bill Wyman sagði skilið við Stones árið 1991 eftir útgáfu tónleikaplötunnar Flashpoint. Vegna sólóverkefna annarra liðsmanna var ekki ráðinn nýr maður í hans stað fyrr en 1994 þegar Darryl Jones, sem hafði áður spilað með Miles Davis og Sting, gekk til liðs við Stones.

Aðeins Mick Jagger og Keith Richards hafa verið í The Rolling Stones frá stofnun sveitarinnar. Þeir hafa límt hana saman með öflugri sviðsframkomu og fjölmörgum slögurum sem munu lifa um ókomin ár.

Umfangsmiklar tónleikaferðir

The Rolling Stones hefur alltaf lagt mikinn metnað í tónleikaferðir sínar. Fyrsta tónleikaferð Stones sem setti aðsóknarmet í Bandaríkjunum var World's Greatest Rock & Roll Band árið 1969. Á meðal fleiri stórra ferða sem sveitin hefur farið í eru Steel Wheels-tónleikaferðin sem sló fjölmörg aðsóknarmet og Voodoo Lounge sem gekk enn þá betur. Tónleikaferðin vegna útgáfu plötunnar Bridges to Babylon var einnig gríðarstór, auk þess sem sveitin fór í umfangsmikla ferð árið 2002 til þess að fylgja eftir safnplötu sinni.

Nýjasta tónleikaferð The Rolling Stones verður frábrugðin hinum á þann hátt að áheyrendum gefst nú kostur á að vera uppi á sviði með sveitinni. Nokkur hundruð sæti hafa verið smíðuð inn í sviðsmyndina til þess að aðdáendur Stones geti fengið forsmekkinn af því hvernig tilfinning það er að spila fyrir framan að minnsta kosti 50 þúsund manns. Stones spilar reyndar ekki eingöngu á stórum leikvöngum heldur einnig í smærri tónleikahöllum og í klúbbum.

Það verða engir aukvisar sem hita upp fyrir Stones. Nöfn á borð við Metallica, Pearl Jam, Beck, Black Eyed Peas, Alanis Morissette, Mötley Crüe, Maroon 5, Joss Stone og Wilco sjá um að hita lýðinn upp. Allir virðast vera tilbúnir til þess að stíga á svið á undan Stones enda um að ræða eina frægustu og áhrifamestu rokksveit allra tíma.

freyr@frettabladid.is

KEITH RICHARDS Richards syngur tvö lög á nýju plötunni, This Place is Empty og Infamy.

Hefur séð Stones 24 sinnum

Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, er vafalítið Stones-aðdáandi númer eitt á Íslandi. Hann sá bæði fyrstu og aðra tónleika Stones í nýju tónleikaferðinni sem voru haldnir á Fenway Park í Boston dagana 21. og 23. ágúst fyrir framan 35 þúsund manns.

„Þetta var ótrúleg upplifun," segir Ólafur. „Það kemur mér reyndar alltaf jafnmikið á óvart hvað þeir eru góðir. Þeir eru eiginlega betri en nokkru sinni fyrr og nýja platan þeirra, sem ég hef orðið svo heppinn að fá að heyra, er alveg afburða góð. Þar er horfið aftur til einfaldleikans og ég flokka hana með því besta frá þeim síðan þeir gáfu út Tattoo You árið 1981," segir hann.

„Þeir tóku fjögur lög af nýju plötunni og í laginu Back of My Hand sat Ronnie Wood fyrir framan trommusettið hjá Charlie Watts og rétti upp hendurnar á meðan Jagger spilaði fyrri partinn á gítarinn. Þeir taka vanalega eitt tökulag og þarna tóku þeir lagið The Night Time is the Right Time eftir Ray Charles. Það var heljarinnar stuð. Annars var það athyglisvert að það voru ekki nema fimm lög frá tímabilinu áður en þeir stofnuðu Rolling Stones Records árið 1971," bætir hann við.

Ólafur hefur nú farið á 24 tónleika með Stones og voru þeir fyrstu 21. ágúst árið 1989. Hann stefnir á að halda uppteknum hætti og sjá þá bæði vestanhafs og austan í þessari tónleikaferð. Líklega sér hann þá í Kaupmannahöfn og síðan koma borgirnar Glasgow og Newcastle einnig til greina.

ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON Ólafur Helgi er gríðarlegur Rolling Stones-aðdáandi. Hann er mjög hrifinn af nýjustu plötu sveitarinnar, A Bigger Bang.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	6.16	13.27	20.36
AKUREYRI	5.55	13.12	20.26

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

bílar o.fl.

HERBIE
Billinn sem varð kvikmyndastjarna. BLS 6

ferðir o.fl.

FÓTBOLTAFERÐIR
Hópferðir á leiki í ensku knattspyrnunni. BLS 6

Góðan dag!

Í dag er laugardagur 3. september, 246. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Gestgjafinn er sá sem gefur öllum gestunum gjafirnar í afmælinu sínu!

SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

visir

FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL BJARNASON

Gunnar treystir bílnum vel enda þekkir hann næstum hvert einasta stykki.

Stefnir á heimsmet á torfærutrölli

Gunnar Egilsson, eigandi Icecool á Selfossi, er að leggja lokahönd á sérútbúinn torfærubíl sem hann treystir til að komast á Suðurpólinn á mettíma.

Gunnar segir breska aðila hafa haft samband við hann í apríl síðastliðnum og beðið hann að breyta fjögurra hjóla Ford Econoline í sex hjóla bíl þannig að hann henti til ferðar á Suðurskautið. „Þeim hafði verið bent á okkur á Icecool-verkstæðinu," útskýrir hann. Sjálfur á hann bíl af þessari gerð sem hann breytti 1999 og hefur notað heilmikið á fjöllum með góðum árangri. „Ég bara klónaði hann. Þessi nýi er þó með stærri olíutanki, sem tekur 550 lítra. Samt dugar hann ekki, við verðum með meiri olíu með okkur. Svo setti ég frostþolnari slöngur í hann og olíufýringu. Við tókum skiptinguna í gegn og settum milligír og millikassa," lýsir hann en skyldi ekki hafa verið erfitt að útvega allt efnið? „Það tók sinn tíma og þetta var mikil vinna," svarar hann.

Gunnar er skipstjóri að mennt, búsettur á Selfossi, giftur og fjögurra barna faðir. Hann hefur ferðast mikið um hálendi landsins og jöklarnir eru í uppáhaldi. Síðasta vetur fór hann um tíu jökla á fimm dögum og gekk vel. Nú er hann að leggja af stað í pólferðina. „Ég fer með bílinn á Norrænu til Englands. Svo fer hann með skipi til Buenos Aires í Argentínu og þaðan keyrum við þrír saman, ég og tveir Bretar, um 3.000 kílómetra leið niður Suður-Ameríku. Síðan bætast aðrir þrír Bretar í hópinn og við ætlum að vera komnir á Suðurskautslandið í lok nóvember. Ég reikna með að verða 72 tíma að keyra frá strönd á pólinn og miða þá við fimmtán kílómetra meðalhraða. Það hefur aldrei verið gert en mun vekja athygli ef það lukkast," segir hann vongóður.

Gunnar tekur ýmsa varahluti með en treystir samt bílnum vel, enda þekkir hann næstum hvert stykki. „Billinn var allur tekinn í gegn. Í raun stóð bara undirvagninn og vélin eftir þegar við byrjuðum að byggja hann upp. Þetta er mikil smíði og mikil sérþekking sem við búum yfir hér á Íslandi. Útlendingar komast ekki með tærnar þar sem við höfum hælana."

gun@frettabladid.is

Ford Econoline

Framleiðsluland:	Bandaríkin
Árgerð:	2003
Vél:	7,3 l power stroke turbo diesel
Hestöfl:	300+
Dekk:	6x44" Trexus

LIGGUR Í LOFTINU

[BÍLAR - FERÐIR]

Bílaframleiðendur leggja til mikið fé og bílaflota til að hjálpa fórnarlömbum fellibylsins Katrínar, sem olli miklu tjóni og skildi marga eftir heimilslausa og billausa. GM hefur boðið fram fjárframlög, bifreiðar og ókeypis þjónustu úti á vegunum, Ford og Daimler Chrysler aðstoða fólk við greiðslur á bílalánum, Nissan hefur boðið fram bifreiðar og Honda rafgeyma. Bílaiðnaðurinn í Ameríku hefur með þessu lagst á eitt um að létta á hjá fórnarlömbunum.

Kúbuferðir hafa notið mikilla vinsælda hjá Heimsferðum og nú hefur ferðaskrifstofan bætt við aukaflugi. Heimsferðir fóru fyrr á þessu ári að bjóða vikulegt flug til Kúbu og hefur það notið mikilla vinsælda. Íslendingar hafa löngum verið hrifnir af Kúbu og þá sérstaklega vegna þess að hún hefur haldist óbreytt í fjöldamörg ár. Margir telja það tímaspursmál hvenær Fidel Castro fellur frá og Kúbu verður kippt inn í nútímann.

Mótorhjól hafa aldrei verið vinsælli en nú og virðist áhuginn fara vaxandi. Samkvæmt samantekt tímaritsins Bílar og Sport stefnir í nýtt met í bæði mótorhjólainnflutningi og tökum mótorhjólaprófa. Um miðjan ágúst voru næstum 1.400 mótorhjól komin til landsins frá áramótum en fyrir í landinu voru rétt um 3.000 hjól um áramót.

Himinn og haf-9040379

Hagstæð sumarhúsalán

60% veðsetningarhlutfall

Ertu að byggja, kaupa eða breyta sumarbústað? Þú getur auðveldlega samið um hagstætt sumarhúsalán hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum. Lánið getur numið allt að 60% af verðmæti eignar. Til framkvæmda er lánað allt að 75% af byggingarkostnaði.

Ráðgjafar Frjálsa fjárfestingarbankans veita allar nánari upplýsingar. Þú getur komið við í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á **frjalsi@frjalsi.is**.

Dæmi um mán. greiðslubyrði af 1.000.000 kr.*				
Vextir %	4,95%	5,50%	6,50%	7,00%
5 ár	18.850	19.100	19.560	19.800
10 ár	10.580	10.850	11.350	11.610
15 ár	7.880	8.170	8.710	8.990

* Lán með jafngreiðsluaðferð án verðbóta

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is

Hægri réttur
Er ekki löngu úrelt regla. Hún er alltaf við lýði og eins gott að vera dugleg/ur að líta þér á hægri hönd og athuga hvort einhver sé að koma...

Réttingaverkstæði Jóa ehf
Dalvegi 16a • 201 Kópavogur • Sími 564 5255
Fax 564 5254 • rettjoa@rettjoa.is • www.rettjoa.is
BÍLAMÁLUN RÉTTINGAR

AB-VARAHLUTIR ehf.
Varahlutir í Japanska og Evrópska bíla
Bíldshöfða 18 • 110 Rvk
Sími 567 6020 • Fax 567 6012
opið mán. - fös. kl. 8.00 - 18.00
www.abvarahlutir.is • ab@abvarahlutir.is
Betri vara - Betra verð

TRIO GOLFHJÓL
Partur–Spyrnan–Lyftarar
Eldshöfða 10
s. 585 2500 og 567 8757

Gabriel höggdeyfar, ASCO kúplingssett, Tridon spindilkúlur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós o.fl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, kerrubretti og nefhjól.
GSvarahlutir
Sími 567 6744 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík

BIFREIÐAVERKSTÆÐI FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU Þjónusta · HONDA Þjónusta · NISSAN Þjónusta

Smurstöðin KLÖPP
Þjónustumiðstöð við Vegmúla
Almenn smurþjónusta
Hjólbarðaþjónusta
Sjálfskiptingaþjónusta
Rafgeymaþjónusta
Ísetning bremsuklossa
Dempara – ísetningar o.fl.
Vegmúli 4 • Sími 553 0440

SMS Bílasprautun og réttingar
• Réttum og málum allar tegundir bíla
• Við vinnum fyrir öll vátryggingarfélögin
• Fljót og góð þjónusta
• Útvegum bílaleigubíla
• Yfir 20 ára reynsla
CABAS tjónamat
Smiðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautunsms@simnet.is
Sími 567 1101
Gsm 868 8317
Fax 567 1182

Allir bílar geta bilað þrátt fyrir að þeir verði stöðugt öruggari og tæknilega fullkomnari.

Dregur úr bilunum á flestum sviðum

Bilanir í fjöðrunarkerfi eru algengastar en verulega dregur úr vélarbilunum eins og bilunum á öðrum sviðum. Honda bilar sjaldnast en Hyundai hefur stystan viðgerðartíma og lægstan meðalkostnað á viðgerð samkvæmt könnun WhatCar?.

Kannanir sýna að bílar verða sífellt öruggari, áreiðanlegri og tæknilega fullkomnari. Engu að síður geta þó allir bílar bilað. Breska bílablaðið WhatCar? birti nýlega áreiðanleikakönnun sína fyrir árið 2005. Samkvæmt niðurstöðum hennar er allt að áttfaldur munur á bilanatíðni milli framleiðenda. Könnunin tekur einnig til meðalkostnaðar á viðgerð og þess hvað hver viðgerð tekur að meðaltali langan tíma en þessi atriði hafa sitt að segja því hár viðgerðarkostnaður eða langur viðgerðartími getur dregið talsvert úr ábatanum að því að eiga bíl með lága bilanatíðni. Að baki könnuninni eru viðgerðir á 31.000 bílum á árinu 2004 og 2005 og reyndust langflestar þeirra snúa að fjöðrunarkerfi eða búnaði því tengdu eða 46% allra viðgerða, sem er svipað hlutfall og í fyrri könnunum. Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að viðgerðum tengdum vélinni hefur fækkað verulega frá árinu 2003 eða úr tæplega fjórðungi viðgerða í 15%.

Bremsur reyndust einnig áreiðanlegri nú og fækkaði viðgerðum þar úr 14% í 9% miðað við sama tímabil og bilanir tengdar kælikerfum sömuleiðis úr 18% í 15% tilvika. Það sama á við um gírkassa en þar fækkaði viðgerðum úr 12% í 9%. Hlutur annarra bilana var óverulegur eða innan við 5%. Könnunin náði til samtals 30 framleiðenda og vekur athygli að það eru aðallega suður-kóresku bílaframleiðendurnir sem veita þeim japönsku samkeppni á topp 10 listanum, en framleiðendur frá þessum tveimur löndum raða sér í átta efstu sætin yfir lægstu bilanatíðnina.

Óska eftir stúdíó eða 2ja herb. íbúð. Reglusemi og skilvísi heitið. S. 869 1578.

3 reyklausir háskólanemar óska eftir 3ja-4ja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 822 0311.

Reykl. og reglus. par óskar eftir 2 herb. íbúð til leigu á sv. 101, 105 eða 112. Á verðb. 40-60 þ. Uppl. í s. 847 3109, e. kl. 17.

Óska eftir leiguhúsnæði sem fyrst. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. S. 899 4461 & 848 2822.

Íbúð óskast í Hafnarfirði
Fjölskylda óskar eftir 3ja-4ra herbergja íbúð í Lækjarskólahverfinu í Hafnarfirði. Meðmæli ef óskað er. Öruggum og skilvísum greiðslum heitið. Upplýsingar í síma 898 2181.

Tvær reglusamar ungar háskólastúdínur að vestan, bráðvantar 3ja herb. íbúð. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 868 6618 & 456 7414.

32 ára húsasmiður óskar eftir íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Verðh. 40-70 þús. Uppl. í s. 820 1025.

Einstaklingur óskar eftir 3-4 herbergja íbúð á höfuðborgarsv. Uppl. í s. 669 9374.

Fjölskylda óskar eftir 3ja-4ra herb. íbúð í Reykjanesbæ eða á Höfuðb. svæðinu. Uppl. í s. 848 1043.

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. Uppl. í s. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Upphitað geymsluhúsnæði á Suðurnesjum. Tek í geymslu tjaldvagna og fellhýsi í vetur. Uppl. í s. 865 1166 & 895 5792.

Hýsum tjaldvagna ódýrt í Mosfellsbæ. Vinsamlegast hafið samband, Bjarni 698 0906 & 820 0134.

Til leigu geymsluplass í upphituðu húsnæði í Hfj. fyrir tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla. Uppl. í s. 585 8200.

Upphitað geymsluhúsnæði 16m2 fæst leigt við Laugaveg. Verð kr. 18.000. Einnig ca. 6m2 geymsluhúsnæði á sama stað á kr. 6.000. Uppl. í s. 862 6051, 692 2444 & 698 7079.

Bílskúr

Bílskúr/geymsluhúsnæði. Upphitaður bílskúr til leigu í Garðabæ. S. 824 2122.

Gisting

Ódýr gisting í Kaupmannahöfn, miðsvæðis, LaVilla Uppl. s:0045 32975530 gsm:0045 28488905 www.lavilla.dk

Íbúð til leigu í Barcelona, Playa de Aro og Menorca. Uppl. í s. 899 5863.

Herbergi til leigu með aðgangi að salerni, eldhúsi og þvottaaðstöðu. S. 893 8839.

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 24609552

ATVINNA

Atvinna í boði

Hlutastörf við vörukynningar
Vegna aukinna verkefna leitar Fagkynning ehf. að starfsfólki í störf við vörukynningar í matvöruverslunum. Viðkomandi þarf að vera með aðlaðandi framkomu, söluhæfileika og reiðubúin(n) að veita framúrskarandi þjónustu. Í boði er fjölbreytt og skemmtilegt starf og sveigjanlegur vinnutími. Áhugasamir hafi samband við Vigdísi í síma 588-0779 á virkum dögum. Fagkynning ehf., Kleppsmýrarvegi 8, 104 Reykjavík. www.fagkynning.is

Veitingahúsavinna
Viljum bæta við okkur hressu og duglegu fólki í þjónustustarf. Dag- og kvöldvinna (vaktavinna)
Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is

Mosfellsbakarí
Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirfarandi störf: fyrir hádegi frá 6:30-13:00, virka daga og einn dag aðra hverja helgi eða eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi.
Nánari upplýsingar veitir Áslaug eða Linda í síma 566 6145.

Mosfellsbakarí
á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 13:00-18:30 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá 7:30-16:30.
Nánari upplýsingar veitir Ellisif í síma 553 5280 eða 660 2153.

Loftorka Reykjavík
Óskar eftir verkamönnum til jarðvinnuframkvæmda. Heimkeyrsla og matur í hádeginu.
Upplýsingar í síma 565 0877.

Leikskólinn Laugarborg.
Starfsmaður óskast sem fyrst í vinnu með börnum.
Upplýsingar gefur leikskólastjóri síma 553 1325

Ert þú á besta aldri? Hefur þú áhuga á vinnuhluta úr degi?
Óskum eftir starfsmanni til starfa utandyra 5 tíma á dag frá 8-13 á lifandi og skemmtilegum vinnustað miðsvæðis.
Upplýsingar hjá Hrafnhildi hjá ISS í síma 5800 600.

Ert þú ekki að fara í skóla?
Okkur vantar fleira gott fólk í fullt starf í vaktavinnu. Ef þú ert 17 ára og eldri, ert með góða ástundun í vinnu, vilt vinna í skemmtilegu vinnuumhverfi og dugleg/ur þá ert þú á réttum stað hjá okkur. Borgum góð laun fyrir gott vinnuframlag í skemmtilegu vinnuumhverfi.
Umsóknir á www.aktutaktu.is. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836.

Ert þú í leit að starfi?
Viljum bæta við jákvæðu og duglegu fólki á American Style. 100% starf í boði í vaktavinnu. Líflegur og fjörugur starfshópur á þremur stöðum Reykjavík / Kópavogi / Hafnarfirði. Æskilegur aldur 17 ára og eldri. Einnig lausar hád. vaktir alla virka daga frá 11-14.
Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836 einnig umsóknir á americanstyle.is.

Warehouse and price-labelling

Warehouse and price-labelling Hysing -warehouse seeks hard-working employees in price-labeling and handling. Hysing handles clothes, toys, shoes and kitchen utensils, and services its clients in fast and accurate ways by delivering fully processed goods in the right quantity and on time. Working hours are from 8-17 With a relatively new bonus system, employees can increase their salary by up to 20% pr. month. Further information is given by Julius Kristjansson, personnel manager, at Skutuvogur 9 Reykjavik or tel. 530 5697.

Lagerstörf og vörumerking

Hýsing -vöruhótel leitar að eljusömu og kraftmiklu starfsfólki í lagerstörf og vörumerkingu. Hýsing er þjónustufyrirtæki fyrir sérvöru sem veitir örugga og fljóta þjónustu til viðskiptavina sinna. Vinnutími er frá 8-17. Með nýlegu bónuskerfi geta starfsmenn náð allt að 20% launahækkun á mánuði. Nánari upplýsingar veitir Júlíus Steinn Kristjánsson á staðnum, að Skútuvogi 9, eða í s. 530 5697.

Ertu þú jákvæð/ur og eldri enn 25 ára ?

Þá höfum við vinnu fyrir þig! Við bjóðum góð laun og þjálfun vinnutími frá kl. 8-16 í 4-8 klst., á dag. Þarf að hafa bíl til umráða.
Ef þú uppfyllir þessi skliyrði þá endilega hafðu samband við okkur í síma 580 0600 og Hrafnhildur gefur þér nánari upplýsingar.

Veisluþjónusta Jóa Fel

Okkur vantar duglega manneskju í smurbrauð, pökkun og veisluþjónustu Jóa Fel. Vinnutími 06-13 virka daga.
Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 & Unni í s. 893 0076. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.

Furðufiskar ehf

sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni. Vantar fólk í eftirtalin störf: Við afgreiðslu í Osta- og sælkeraborðinu í Hagkaupum kringlunni. Vinnutími 11-19 virka daga og annanhvern laugardag frá kl 9-18. Viðkomandi þarf að hafa áhuga á sælkeramatvörum og mannlegum samskiptum.
Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík.

Breyttur opnunartími í afgreiðslu

Mán.-mið. 8.00 - 18.00
Fim. og fös. 8.00 - 19.00
Lau. 9.00 - 17.00 og sun. 11.00 - 16

Smáauglýsingasíminn er 550 5000
og er opinn alla daga frá 8.00 - 22.00

FRÉTTABLAÐIÐ birta DV Talstöðin visir

Furðufiskar ehf

sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni. Vantar eldra fólk til að sjá um kjöt og fiskborð í einni af verslunum Hagkaupa. Tveir aðilar geta skipt á milli sín einu stöðugildi. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi einhverja reynslu af matvælum. Einnig vantar fólk í afgreiðsu í fisk og kjötborð Hagkaupa seinnipart dags. Tilvalið fyrir skólafólk.
Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Efnalaug óskar eftir að ráða starfskraft. Um er að ræða fullt starf. Uppl. í síma 691 7878 eða 699 7878.

Aðalstarf / aukastarf. Þitt er valið. Góðir tekjumöguleikar. www.heilsufrettir.is/larus S. 898 2075.

Grillhúsið Tryggvagötu

Óskar eftir starfsfólki í sal frá 11-15 alla virka daga og starfsfólk í kvöld-og helgarvinnu. Upplýsingar á staðnum og í síma 696 8397, Brynja.

Sveðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi leitar að starfsfólki. Við störfum á stór höfuðborgarsvæðinu og á suðurnesjum. Frekari upplýsingar í síma 525 0900 eða á heimasíðunum www.smfr.is eða www.starfatorg.is.

Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Aldur 16+. Þarf að hefja störf sem fyrst. Góð laun í boði fyrir réttan mann. Umsóknir og umsögn berist til. sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

Kassastarfsmaður

Bónus vantar starfsmenn til afgreiðslu á kassa í verslunum fyrirtækisins í Smáratorgi, Skútuvogi, Faxafeni og Seltjarnarnesi. Áhugasamir geta sótt um í verslunum eða á www.bonus.is.

Kökuhúsið

Okkur vantar áhugasama starfskraft í afgreiðslu og til að útbúa gjafakörfur. Vinnutími 12-18.30. Uppl. gefur Örvar í s. 554 2707 & 693 9093.

Ræstingaþjónustan sf óskar eftir starfsfólki til starfa viðsvegar á höfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsingar í síma 587 3111, virka daga milli kl. 9-12.

Ræstingaþjónustan óskar eftir starfsfólki til starfa í teymisvinnu við hreingerningar og bónun. Mikil vinna og góð laun í boði fyrir réttan starfskraft. Nánari upplýsingar eru gefnar virka daga kl. 9-12 í síma 587 3111.

Símadömur! Símaþjónusta Rauða Torgsins leitar samstarfs við spennandi símadömur. Nánari uppl. á www.raudatorgid.is, og í s. 552 3349 og 899 7987.

Baðvarsla Árbæjarlaug.

Óskum eftir að ráða starfsmann á kvennaböð í Árbæjarlaug. Um er að ræða vaktarvinnu. Uppl. veitir forstöðumaður í s. 411 5200

Víkurvagnar óskar

eftir starfsmanni á verkstæði. Upplýsingar í síma 822 8808. Víkurvagnar ehf.

Blómaverslun til sölu. Mjög gott staðgreiðsluverð eða mjög góðir lána og greiðslumöguleikar. Uppl. í s. 694 4166.

Hafnarfjörður - verkamenn. Verkamenn óskast, framtíðarvinna, fríar ferðir og fæði. Uppl. í s. 892 5388.

Bifvélavirki, viðgerðarmenn og vélamenn óskast til vinnu á Árborgarsvæðinu. Upplýsingar í símum 865 3665 & 862 0727.

Ölstofa Kormáks og Skjaldar

Vantar vanan barþjón aðra hverja helgi og eitthvað á virkum kvöldum. Einnig vantar manneskju í sal og eldhús um helgar. Ekki yngri en 22 ára. Uppl. í s. 849 4355, Una.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn í framtíðar- og helgarstörf við áfyllingar í verslanir á Höfuðborgarsvæðinu. Leitað er að skilvirkum og ábyrgðarsömum einstaklingum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst og hafa bílpróf. Áhugasamir sendi umsóknir til Ölgerðarinnar merktar "Áfylling" eða á netfangið mikki@egils.is fyrir 12. sept n.k.

Lagtækir og sjálfstæðir menn óskast

í steypusögun og kjarnaborun. Mikil vinna, góð laun. Kristján s. 691 2930 eða Halldór 892 7544.

Lagtækur verkstæðismaður óskast

Sjálfstæður og verklaginn með ýmsa reynslu. Góð laun. Kristján s. 691 2930 eða Halldór 892 7544.

Sjómenn

Einn vanan háseta vantar á Eldhamar til netaveiða frá Grindavík strax. Uppl. í s. 894 2013.

Óskum eftir málurum eða vönum mönnum. Uppl. í síma 898 4782.

Nætur ræstingar

Vantar starfsmann í næturstarf við ræstingar á sv. 101. Nánari uppl. á www.osverktakar.is. Uppl. ekki gefnar upp í síma.

HIS-Steipusögun óskar eftir kraftmiklum starfsmanni, ekki yngri en 25 ára, með bílpróf. Pétur s. 893 4014.

Hellulagnir

Óskum eftir verkamönnum í vinnu strax, bílpróf æskilegt. Góð laun í boði. Næg vinna framundan. Uppl. í síma 898 4202 & 897 4583.

Óskum eftir fólki í ræstingar í 50 % & 75% stöður. Góð laun í boði. Uppl. í s. 561 8000 & 893 6552.

Kaffi Conditori

Okkur vantar duglegan starfskraft í afgreiðslustörffrá kl. 14.00-20.00. Uppl. gefur Tína í s. 588 1550 á milli kl. 9.00 & 15.00.

Gaukurinn óskar eftir barþjónum, fólki í sal og dyravörðum. Uppl. í s. 899 2480, arnold@gaukurinn.is

Byggingavinna!

Vantar sem fyrst smiði og verkamenn til vinnu á höfuðb. svæðinu. Frekari uppl. í s. 699 3366.

Hársnyrtinemi óskast

Hár gallerí óskar eftir að ráða hársnyrtinema. Uppl í s. 898 6850 Lilja.

Garðabær bakarí

Strafskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn. Uppl. í s. 891 8258, Þóra.

Snæland Mos. Starfsfólk óskast í dagvinnu. Upplýsingar gefur Ásta í síma 693 3782.

Vanur beitningamaður óskast, beitt í Þorlákshöfn. Uppl. í s. 893 1193 & 483 3733.

Sölumaður

Óskast til starfa í byggingarvöru verslun í vesturbæ R-vík. Unnið er á vöktum. Uppl. í s. 660 3048.

Red chili

Viljum bæta við okkur hressu og duglegu starfsfólki í sal. Vegna mikilla anna í vakta og kvöldvinnu. Umsóknir og upplýsingar á staðnum eða í s. 660 1855. Laugavegur 176.

Atvinna óskast

Kona óskar eftir vandaðri, vel launaðri atvinnu. Uppl. í s. 663 7569.

Handlaginn maður

vanur múrverki og fl. Vill vinna við múrvek sem sjálfstæður eða sem launþegi. Áhugasamir hafi samband í s. 899 0161 eða sendið e-mail á oskaxels@isl.is

Atvinnumiðlun býður upp á hæft starfsfólk frá Lettlandi, smiðir, verkamenn, bílstjórar ofl. S. 845 7158.

Byggingameistari óskar eftir vinnu. Mikil reynsla. Helst utan höfuðborgarsv. Uppl. í síma 692 8930.

26 ára stúlka óskar eftir dagvinnu sem allra fyrst, ekki lengur en til 5 á daginn. S. 894 4230.

Vanur maður óskast eftir að taka að ræstingu á stigagöngum. Uppl. í s. 844 7003.

Viðskiptatækifæri

Umboðsaðili óskast

Leitum eftir reynslumiklum umboðsaðila til að sjá um sölu og dreifingu á vönduðum kvenundirfatnaði, sokkabuxum, hárböndum o.fl.
Upplýsingar ffc.international@wanadoo.fr

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Týnd læða í Hafnarfirði!

Lítil 7 mánaða læða hefur verið týnd síðan 14. ágúst og er sárt saknað. Sóley er að mestu hvít að lit en með rauðbrúnum og gráum blettum hér og þar. Hún er til heimilis að Köldukinn 1 í Hafnarfirði og hafði aldrei farið í burtu nema í mesta lagi nokkra klukkutíma í einu áður en hún hvarf. Hún er mjög gæf og er með rauða rúskinns-ól sem hefur verið klippt í en ómerkt. Uppl. Hans í síma 822 0482.

Tilkynningar

Til sölu Papillon hvolpur.

Karlkyns, heilsufarsskoðaður. Áhugasamir geta fengið uppl. í s. 692 7949.

Ýmislegt

Getum bætt við okkur góðum söngröddum

Mörg spennandi verkefni framundan, m.a. verður farið á Sæluviku 2006, bjóðum upp á raddþjálfun, áhugasamir hafi samband við Björgvin í s. 861 1255 eða 553 6561.
Skagfiska söngsveitin í Reykjavík.

Einkamál

XXX DVD
BESTA VERÐIÐ
DVD frá kr. 1990 nýjar myndir
frá USA 2950, allar VHS á 1498.
grensasvideo.is
Grensásvegi 24 s. 568 6635
Opið 15.00 - 23.30

Ertu einmanna?

Til hvers, margir með svipuð áhugamál og skoðanir eru núna innskráðir á einkamal.is og bíða eftir að kynnast þér. Einkamal.is fyrir fólk eins og þig.

póst húsið

Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330.**

Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:

Á virkum dögum:

101-14 Hverfisgata
101-20 Framnesvegur
101-21 Blómvallagata, Brávallagata, Hringbraut, Ljósvallagata, Ásvallagata
101-22 Hávallagata, Túngata
101-24 Ránargata
101-27 Eggertsgata
101-37 Hólavallagata, Suðurgata, Túngata
101-39 Bjarkargata, Hringbraut, Suðurgata, Tjarnargata
101-44 Bræðraborgarstígur, Drafnarstígur
101-45 Blómvallagata, Brávallagata, Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata
101-46 Baldursgata
101-47 Laugavegur
101-49 Aðalstræti, Lækjargata, Pósthússtræti, Tryggvagata
101-51 Barónsstígur, Hlemmur, Hverfisgata, Snorrabraut
101-56 Brekkustígur, Holtsgata, Sólvallagata, Vesturvallagata
101-61 Fossagata, Skerplugata
103-03 Hvassaleiti
104-07 Langholtsvegur
104-08 Langholtsvegur
104-34 Dragavegur, Kleppsvegur, Norðurbrún
105-02 Flókagata, Hrefnugata, Kjartansgata
105-04 Háteigsvegur
105-06 Hjálmholt, Skipholt, Vatnsholt
105-07 Flókagata
105-12 Langahlíð, Skaftahlíð
105-13 Reynihlíð, Suðurhlíð, Víðihlíð
105-19 Drápuhlíð, Mávahlíð
105-21 Engihlíð, Miklabraut, Mjóahlíð
105-28 Hofteigur, Laugateigur
105-39 Blönduhlíð
105-40 Hamrahlíð, Stigahlíð
105-47 Flókagata, Skeggjagata
107-01 Hringbraut
107-04 Einimelur, Hofsvallagata, Melhagi
107-09 Grímshagi, Lynghagi, Starhagi
107-11 Fornhagi, Hjarðarhagi
107-12 Fornhagi, Kvisthagi, Neshagi
107-14 Faxaskjól, Sörlaskjól
107-21 Aflagrandi
107-23 Kaplaskjólsvegur, Reynimelur
108-06 Grensásvegur, Heiðargerði, Hvammsgerði
108-17 Hlíðargerði, Sogavegur
108-27 Hæðargarður, Hólmgarður
108-30 Grundarland, Haðaland, Helluland, Hjallaland
109-10 Engjasel
110-15 Fiskakvísl, Laxakvísl, Reyðarkvísl
110-17 Urriðakvísl, Álakvísl
110-22 Deildarás, Eyktarás
110-26 Seiðakvísl, Árkvörn
111-07 Vesturberg
112-06 Hverafold
112-36 Bakkastaðir
112-37 Bakkastaðir, Barðastaðir
112-50 Logafold, Reykjafold
113-02 Maríubaugur
113-05 Ólafsgeisli
170-05 Fornaströnd, Látraströnd, Víkurströnd
200-07 Kópavogsbraut, Sunnubraut, Þinghólsbraut
200-08 Kársnesbraut
200-26 Hvannhólmi, Starhólmi, Stórihjalli, Vallhólmi
200-48 Kársnesbraut, Litlavör
200-50 Hlaðbrekka, Nýbýlavegur, Þverbrekka
210-01 Haukanes, Þrastanes
210-02 Hegranes, Tjaldanes
210-04 Kríunes, Súlunes, Þernunes
210-18 Garðaflöt, Lindarflöt
210-22 Holtsbúð
210-24 Sunnuflöt
210-25 Asparlundur, Einilundur, Hvannalundur, Skógarlundur, Víðilundur
210-29 Hrísmóar, Kjarrmóar
210-32 Holtsbúð
220-03 Austurgata, Fjarðargata, Reykjavíkurvegur, Strandgata
220-08 Klettahraun, Smyrlahraun
220-12 Sólvangsvegur, Álfaskeið
220-26 Fagrakinn, Lækjarkinn
220-27 Háakinn, Kaldakinn, Stekkjarkinn
220-28 Lækjargata, Öldugata, Öldusló ð
221-03 Dofraberg, Fagraberg, Álfaberg
230-17 Faxabraut, Mávabraut
230-18 Eyjavellir, Freyjuvellir, Heimavellir, Norðurvellir, Óðinsvellir
240-05 Blómsturvellir, Efstahraun, Gerðavellir, Hólavellir, Höskuldarvellir, Iðavellir, Litluvellir, Sólvellir
245-01 Bjarmaland, Brekkustígur, Klapparstígur, Miðnestorg, Norðurgata, Tjarnargata, Uppsalavegur, Víkurbraut
250-05 Garðaveg, Garðbraut, Melabraut, Melteigur, Nýjaland-Kríuland, Skagabraut, Skólabraut
270-03 Barrholt, Bergholt, Njarðarholt, Urðarholt, Þverholt
270-06 Bjargartangi, Borgartangi, Bugðutangi
310-01 Arnarklettur, Austurholt, Fálkaklettur, Hrafnaklettur, Höfðaholt, Mávaklettur, Réttarholt
603-19 Háhlíð, Höfðahlíð, Langahlíð, Áshlíð
810-01 Kambahraun
810-05 Breiðamörk, Heiðmörk, Hveramörk, Reykjamörk

IKEA

Hlutastörf í boð.

Við leitum að starfsfólki í hlutastörf í verslun og lager, virka daga frá kl.16-20 sem og um helgar frá kl.10-18. Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, stundvís og þjónustulipur. Við bjóðum mjög sveigjanlegan vinnutíma og fjölbreytt vinnuumhverfi.

Umsóknareyðublöð er að finna á www.IKEA.is og þjónustuborði IKEA, tilgreina þarf starfið sem sótt er um.

IKEA býður upp á fjölbreytt og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki.

Pylsubarinn auglýsir eftir starfsfólki

Óskum eftir starfsfólki 18 ára og eldri á fastar vaktir og í aukavinnu. Um er að ræða fullt starf til frambúðar. Við leitum að lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund, góð laun í boði.

Nánari upplýsingar veitir Unnur í síma 864 9862

PYLSUBARINN
LAUGARDAL

Skjól

Hjúkrunarheimili,
Kleppsvegi 64,
104 Reykjavík

Hjúkrunarfræðingar !
Óskum eftir hjúkrunarfræðingum til starfa. Einkum vantar á kvöld- og helgarvaktir. Starfshlutfall samkomulag.

Sjúkraliðar.
Sjúkraliðar óskast til starfa í vaktavinnu
Sjúkraliðar óskast til starfa á næturvaktir.
Starfshlutfall samkomulag.

Starfsfólk í aðhlynningu.
Starfsfólk óskast við umönnun aldraðra, í fulla vinnu svo og í hlutastörf, einkum á næturvaktir.

Skjól er hjúkrunarheimili aldraðra þar sem hjúkrun er veitt í hlýlegu umhverfi. Að vinna við umönnun aldraðra er dýrmæt og góð reynsla. Góð starfsaðstaða.
Reyklaus vinnustaður.

Nánari upplýsingar veitir Aðalheiður Vilhjálmsdóttir hjúkrunarforstjóri (alla@skjol.is) virka daga í síma 522-5600

Atvinnuhúsnæði óskast til leigu

óskum eftir atvinnuhúsnæði með góðu aðgengi og tveimur til fjórum innkeyrsludyrum fyrir bifreiðaþjónustu.

Sími: 897 9612 Friðrik.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Netfang: fastmark@fastmark.is - http://www.fastmark.is

Vesturgata 44
Nýlega endurbyggt einbýlishús
Opið hús í dag frá kl. 15-17

Fallegt og vel skipulagt 151 fm einbýlishús á þremur hæðum í miðborginni. Húsið var endurbyggt árið 1989 og var m.a. skipt um allan við utan á húsinu, þak, gler og glugga og lagnir. Á aðalhæð eru forstofa, eldhús, borðstofa með útgangi á lóð, setustofa og eitt herbergi. Í risi eru rúmgott sjónvarpshol, tvö herbergi og baðherbergi og í kjallara eru forst., eldhús með nýrri innrétt., stórt opið rými (hægt að nýta sem stofu/herb.) auk geymslu og þvottaherb. Falleg gróin lóð. Sér bílastæði á baklóð. **Verð 37,9 millj. Húsið verður til sýnis í dag, laugardag, frá kl. 15-17. Baldur sýnir, s. 896-0010.Verið velkomin.**

Draumahús

Opið hús í dag frá kl 15–17

Hvassaleiti 16 – 103 Rvk

Verð 20.900.000
Falleg 4 herbergja 118,8 fm íbúð á 4. hæð þar af 20,3 fm bílskúr. Íbúðin er björt og falleg og er mikið endurnýjuð. Laus fljótlega. Sigurbjörn og Arna taka á móti gestum.

Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

ÞINGHOLT

Ella Lilja Sigursteinsdóttir
lögg. fasteignasali

BORGARTÚN 20 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 590 9500

Ella Lilja Sigursteinsdóttir
Lögg. fasteignasali

Þorarinn Kópsson
Framkv.stjóri

Kjartan Kópsso
Sölumaður

Sigríður Sigmundsdóttir
Sölumaður

Þorbjörn Þ. Pálsson
Sölumaður

OPIÐ VIRKA DAGA 9.00-17.00, SÍMAVAKT UM HELGAR

Æsufell
Frábær 3ja-4ra herb. 92 fm. íbúð á þriðju hæð í góðri og snyrtilegri lyftublokk með útsýni. Sameignarþrif innifalin í hússjóði.
Verð kr. 16.7 millj.

Galtalind
Skemtileg og sjarmerandi 3ja herb. 95 fm. íbúð á annari hæð í smekklegu fjölbýli. Eignin er ný standsett að mestu. Hús og sameign til fyrirmyndar. Stutt í alla þjónustu.
Verð kr.19.9 millj.

Auðbrekka
Gott skrifstofuhúsnæði. Um er að ræða 1468 fm. húsnæði á þremur hæðum.
Húsnæðið hentar vel undir ýmisskonar starfsemi. Næg bílastæði.
Nýtt deiliskipulag.
Verð kr. 160 millj.

Bær 3 - Drangsnesi
Sumarbústaðurinn er 41 fm. og er gistirými fyrir 10 manns, eldhús og bað. Einstakt útsýni, stutt í náttúruperlur Strandanna. Veiði er í Kjalarvatni og Bæjarvötnum.
Öll tilboð skoðuð.

Kiðjaberg Grímsnesi
Frábær 45 fm. vandaður sumarbústaður með verönd og frábæru útsýni yfir náttúruperlur suður Grímsnesins og Hvítá ásamt 18 holu gólfvelli í 5 mínútna göngufæri.
Öll tilboð skoðuð.

www.thingholt.is • thingholt@thingholt.is

Kólguvað og Krókavað

Vorum að fá í sölu efri og neðri sérhæðir í tvíbýlishúsum á frábærum stað við Kólguvað og Krókavað í Norðlingaholtinu. Neðri hæðirnar eru 127,5 fm 4ra herbergja og efri hæðirnar eru 4ra herbergja 164,9 fm þar af 37,4 fm bílskúr. Húsin eru með góðu útsýni og skilast tilbúin að utan og tæplega tilbúin til innréttingar að innan, þ.e.a.s. allir úttveggir íbúðar eru múrhúðaðir svo og í bílageymslu. Engir innveggir verða komnir. Þak íbúðarhúss er einangrað og plastað. Þak bílageymslu er einangrað að ofan Húsið er hitað með vatnsofnum og verða allir ofnar uppsettir fyrir utan þá ofna er koma í innveggi en þeir fylgja. Að utan eru hús múrhúðað og steinað í ljósum lit. Lóð tyrfð og hellulagt bílaplan og með snjóbræðslu.. Að öðru leyti skilast eignin skv. skilalýsingu byggingaraðila.
Afhending eigna er frá september til desember 2005

Til að skoða nánar má fara á vefslóðina *www.husid.is/krokavad2*

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
533 4300

Salómon Jónsson löggiltur fasteignasali
Vilhjálmur Bjarnason löggiltur fasteignasali

SMÁRINN
FASTEIGNASALA
564 6655

DRAUMAHELGIN



Gói vill helst hafa nóg að gera um helgar.

Fimm leiksýningar og ball

Guðjón Davíð Karlsson leikari hefur lítinn áhuga á að slaka á yfir draumahelgina.

Það er ekki auðvelt að ná í Guðjón Davíð Karlsson, nýútskrifaðan leikara, enda er hann greinilega með mörg járn í eldinum. Hann gefur sér samt tíma til að segja blaðamanni frá því hvernig hin fullkomna helgi myndi líða í hans huga. „Ég sé helgina fyrir mér hefjast þannig að ég vakna snemma á laugardagsmorgni, á notalega stund og fæ mér staðgóðan morgunverð," segir Guðjón. „Svo mæti ég í leikhúsið um hádegið til að undirbúa tvær barnasýningar sem ég leik yfir daginn. Um kvöldið leik ég svo leikrit fyrir fullorðna og að því loknu skelli ég mér á einhvern frábæran skemmtistað með hljómsveitinni minni Hollywood sem leikur tónlist frá árabilinu áttatíu og fimm til níutíu og fimm. Við höldum uppi trylltri gleði fram undir morgun og allir dansa og skemmta sér. Svo vakna ég vel á sunnudagsmorgninum, fer kannski í messu og leik svo barnasýningu og aftur sýningu um kvöldið. Ég nota svo mánudaginn til að slaka á og hugleiða þessa góðu helgi, mæti kannski á eina góða æfingu milli tíu og fjögur. Ég held að svona helgi væri fullkomin fyrir nýútskrifaðan leikara," segir hann að lokum. Hver veit nema þessi draumur rætist hjá Guðjóni Davíð, eða Góa, eins og hann er kannski betur þekktur, í það minnsta er hann rokinn á æfingu um leið og samtalinu er lokið.

SVIPMYND

EYRARBAKKI

Eyrarbakki: Kauptún í Flóanum, skammt fyrir austan ósa Ölfusár.
Upphafið: Eyrarbakka er oft getið í fornsögum og þangað var siglt frá upphafi Íslandsbyggar. Þangað var siglt með vörur allt fram yfir síðari heimsstyrjöld.
Skólinn: Barnaskóli Eyrarbakka var fyrsti barnaskóli landsins, stofnaður 1852.
Þáttur í sögunni: 1602 var ein af höfnum einokunarverslunarinnar á Eyrarbakka.
Íbúatala nú: 575
Hús: Húsið á Eyrarbakka er byggt 1765 og er enn í dag eitt af reisulegustu og fegurstu húsum staðarins. Það hýsir byggðasafn og heimilislegar stofur þess eru oft notað fyrir minni samkomur.
Frægir: Þekktir einstaklingar sem fæðst hafa á Eyrarbakka eru meðal annars Sigfús Einarsson tónskáld, Sigurjón Ólafsson myndhöggvari og Ragnar kenndur við Smára. Meðal þeirra sem þar kjósa að dvelja eru skáldið Sjón og kona hans, Ásgerður Júníusdóttir söngkona.
Gott að vita: Rauða húsið á Eyrarbakka er vinsælt veitingahús.

LANGUR LAUGARDAGUR
15% TAX-FREE
afsláttur af NÝJUM vörum
á Laugavegi í dag

ATH. ÚTSÖLUHORN 70% AFSLÁTTUR
galleri sautján
gs skór
Kjallarinn
sautján
jeans
LAUGAVEGI 89-91 www.ntc.is

Langur Laugardagur
nýjar fallegar haustvörur
Gerard Darel - DKNY - **Nicole Farhi** - Paul et Joe
IKKS - Kristensen du Nord - **Bruuns Bazaar**
Vent Couvert - **Nougat** - Now - **Seller**
útsöluhorn: 70% afsláttur
eva
opið 11-17
laugavegi 91
s.512 1715 www.ntc.is

VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Er rökkvun raunverulegt vandamál?

Endurskin og deyfing stuttbylgjugeislunar frá sól hafa áhrif á orkubúskap við yfirborð jarðar og hafa áhrifin í heild verið nefnd rökkvun. Rökkvun er viðvarandi hluti orkukerfis lofthjúpsins og er því ekki vandamál sem slík, heldur er fremur að breytingar á henni geti talist það, rétt eins og gróðurhúsaáhrif eru viðvarandi og gera jörðina byggilega, en breytingar á þeim kunna að skapa vanda.

Sjónvarpsþáttur frá BBC

Í nýlegum sjónvarpsþætti frá BBC sem sýndur var í RÚV í júlí, var því haldið fram að rökkvun hefði aukist á undanförnum áratugum og hefði nú þegar haft þau áhrif að dregið hafi úr uppgufun og þar með úrkomu víða um heim. Tvær meginástæður aukinnar rökkvunar voru nefndar. Annars vegar mannfjölgun og aukin eldsneytisnotkun í Asíu og víðar, en hins vegar aukin flugumferð. Eldsneytið er aðallega brennt í vondum ofnum sem gefa frá sér mikinn reyk sem veldur mistri í andrúmsloftinu og þar með aukinni deyfingu sólarljóss. „Óæskilegur“ skógur og gróður á ræktunarsvæðum er einnig brenndur. Aukin flugumferð stuðlar að aukinni rökkvun vegna myndunar flugslóða í háloftum.

Í þættinum var einnig bent á að aukin rökkvun vinni gegn vaxandi gróðurhúsaáhrifum. Ráðstafanir gegn rykmengun og flugslóðum valdi því að gróðurhúsahlýnun muni aukast verulega og þá kæmi í ljós að hún væri meiri en menn hefðu gert sér grein fyrir. Ekki kæmi til greina að auka rykmengun til að draga úr hlýnun því menguninni fylgdu bæði súrt regn sem spillir gróðri og uppskeru og aukning lungnasjúkdóma sem væri óviðunandi. Niðurstaða þáttarins var sú að mannkyn væri í eins konar sjálfheldu sem óhjákvæmilega leiddi til mikilla hörmunga innan þriggja til fimm áratuga.

Réttar grunnstaðreyndir

Flestar grunnstaðreyndir sem hafðar voru eftir vísindamönnum í þættinum eru réttar. Aukin rökkvun af mannavöldum hefur átt sér stað, einkum þó svæðisbundið, og er talið að hún hafi að meðaltali dregið úr hlýnun af völdum gróðurhúsaáhrifa. Aukning á rykmengun í hitabeltinu og nálægum svæðum er raunveruleg. Flugslóðir hafa mælanleg áhrif á dægursveiflu hita og auka rökkvun.

Af hverjum 100 einingum sólgeislunar sem til jarðarinnar koma, endurkastast tæpar 30 út í geiminn aftur og nýtast ekki varmabúskap jarðar. Þetta nefnist endurskin. Ský endurkasta langmestu, um 20 einingum, yfirborð jarðar um 4 og lofthjúpurinn sjálfur, agnir hans og smásæir dropar um 6. Af þeim 70 einingum sem eftir eru komast 51 til yfirborðs, en lofthjúpurinn, ský hans og efnisagnir gleypa 19. Deyfing af þessu tagi nefnist ísog eða gleyping og er hlutur skýja í því um 3 einingar, en vatnsgufa, koltvísýringur og agnir af ýmsu tagi gleypa um 16 einingar.

Heildaráhrif rökkvunar ofmetin í sjónvarpsþættinum

Sé sólgeislun við útmörk lofthjúpsins dreift á allt flatarmál jarðar koma 342 W í hlut hvers fermetra. Endurskinið er um 100 Wm^2 og deyfing um 65 Wm^2. Heildaráhrif rökkvunar eru því um 165 Wm^2. Breytingar á henni frá upphafi iðnbyltingar eru í mesta lagi 4 Wm^2 (um 2,5%), en í minnsta lagi rétt rúm 0%. Í sjónvarpsþættinum voru miklu hærri tölur nefndar, 12% til 20% og mátti skilja að það ætti við heiminn allan, en það á að réttu aðeins við ákveðin svæði, til dæmis þéttbýlustu svæði SA-Asíu.

Ar eða agnúði

Í lofthjúpnum má, auk loftsameinda af ýmsu tagi og vatnsdropa, finna mikið magn örsmárra rykagna og dropa sem auk vatns innihalda efnasambönd af ýmsu tagi, til dæmis saltlausnir og brennisteinssýru. Sameiginlega nefnast agnir og dropar **ar** eða agnúði (e. aerosol). Á hverju ári berast að meðaltali 3,5 milljarðar tonna af ari í lofthjúpinn frá jörð og falla aftur til jarðar. Af mannavöldum berast um 390 milljónir tonna í lofthjúpinn, eða um 11% af heildarmagninu. Um 1,5 milljarðar tonna eru jarðvegsryk og um 1,3 milljarður tonna sjávarsalt, hvort tveggja borið til lofts af vindi. Um helmingur afgangsins

Jörðin og skýjafar séð utan úr geimnum.

er súlföt, sem aðallega koma úr sjó, mest afurðir plöntusvifs.

Geislunareiginleikar ars eru mjög misjafnir eftir eðli þess, til dæmis felst hlutur sjávarsalts fyrst og fremst í því að auka endurskin jarðarinnar, svartar sótagnir endurkasta litlu en þær gleypa sólargeisla og skyggja á yfirborð. Svo vill til að deyfingaráhrif þess hluta arsins sem orðinn er til af mannavöldum eru talsvert meiri en efnismagnið gefur til kynna. Í margnefndum sjónvarpsþætti var ekki gerður greinarmunur á geislunaráhrifum svarts sóts og annars ars. Sótið eykur gróðurhúsaáhrif og flýtir fyrir snjóbráðnun, minnkun þess myndi því draga úr hlýnun.

Bein tengsl úrkomufars og rökkvunar vafasöm

Óbein áhrif ars eru óviss. Ljóst er þó að það auðveldar myndun skýjadropa og lengir líftíma þeirra. Aukning skýja eykur endurskin jarðar og úrkomuferli geta raskast á ófyrirséðan hátt, aukning sóts dregur úr endurkasti íss og snævar og flýtir fyrir bráðnun á vorin. Aukning á skýjum og önnur deyfing á sólarljósi veldur því að dægursveifla hita minnkar, sem kann að hafa áhrif á uppgufun og varmaskipti henni tengd. Mjög vafasamt er að tengja ákveðnar breytingar á úrkomufari beint við aukna rökkvun eins og gert var í sjónvarpsþættinum.

Auking í magni gróðurhúsalofttegunda veldur ein og sér aukningu á gróðurhúsaáhrifum og hlýnun, aukning flestra argerða veldur hins vegar auknu endurkasti sólargeisla og þar með kólnun. Svo virðist sem iðnaðarlosun frá um 1950 og fram á áttunda áratuginn hafi aukið endurskin vegna brennisteinsmengunar og þar með dregið úr hlýnun af völdum aukningar gróðurhúsalofttegunda á tímabilinu. Líkanreikningar sem taka tillit til ars virðast staðfesta þessi áhrif.

Sú hugmynd að auka armengun til að vinna gegn aukningu gróðurhúsaáhrifa er mjög vafasöm, ar stendur stutt við í lofthjúpnum, en langflestar gróðurhúsalofttegundir eru þar lengi. Auk þess er minnkun sótmengunar talin draga úr gróðurhúsaáhrifum eins og áður var nefnt.

Svarið er lítillega stytt og verður birt í fullri lengd með heimildaskrá á vefnum.

Trausti Jónsson veðurfræðingur.

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

Fréttablaðið
- stærsta bílasala landsins?

Á HVERJUM DEGI FÆRÐ ÞÚ EINA AF STÆRSTU
BÍLASÖLUM LANDSINS INN UM BRÉFALÚGUNA ÞÍNA!
SPARAÐU TÍMA OG FYRIRHÖFN MEÐ ÞVÍ AÐ FINNA BESTA
BÍLINN Á MEÐAN ÞÚ SVOLGRAR Í ÞIG MORGUNKAFFIÐ.

FRÉTTABLAÐIÐ
– SMÁAUGLÝSINGAR SEM ALLIR SJÁ
Fíton/SÍA F1013901

KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!
Hér &nú

TARANTÚLAN Þessi var flutt til landsins í filmuboxi en hefur vaxið og dafnað síðan. Hún skiptir reglulega um ham og vex og dafnar í búrinu sínu. Skordýr eru uppáhaldsmaturinn hennar.

SKJALDBÖKURNAR Ekki er æsingnum fyrir að fara á þessum bænum. Skjaldbökurnar komu til landsins í hvor í sínum buxnavasanum.

BJALLA

FISKUR

EÐLAN Umhverfi hennar minnir á þær aðstæður sem er að finna í hitabeltislöndunum, enda upprunnin frá Kúbu.

SLANGAN Hún er smá en kná og liggur hreyfingarlaus í búrinu sínu lungann úr deginum. Músaungar eru það besta sem hún fær að éta.

TRJÁBUKKNI

Dýragarður í Vesturbænum

Í húsi einu í Vesturbæ Reykjavíkur búa ekki aðeins menn heldur líka nokkrir málleysingjar. Slanga, skjaldbökur, tarantúla, eðla og fiskar lifa þar hvert í sínu búrinu undir vökulum augum páfagauksins Hansínu.

Mörgum hrýs hugur við skepnum á borð við þær sem búa í húsinu í Vesturbænum og sjálfsagt hefðu fæstir áhuga á að hafa slík dýr á heimilum sínum. Öðru máli gegnir um húsráðandann, sem annast þau með sama hætti og bestu og mestu hundavinir hugsa um hvuttana sína. Lögum samkvæmt er óheimilt að flytja dýr sem þessi til landsins en eigandinn hefur borið þau flest með sér í vösunum í gegnum græna hliðið í Leifsstöð. Sum þeirra eru keypt í Danmörku og Þýskalandi þar sem hægt er að kaupa þau í hefðbundnum gæludýraverslunum en flest rekja uppruna sinn til fjarlægari landa. Munnar þeirra og magar eru smáir og því ekki ýkja dýrt að halda þau. Músaungar, skordýr og kál eru helsta fæða þeirra og almennt lifa þau hljóðlátu og rólegu lífi. Við látum myndirnar tala sínu máli.

bjorn@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

PÁFAGAUKURINN HANSÍNA Eina dýrið á heimilinu sem lætur í sér heyra. Hansína heldur sig samt yfirleitt á mottunni enda hefur henni aldrei tekist að fá sambýlinga sína í samræður.

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝTT!

THE AMAZING RACE

Kapphlaupið mikla hefst þriðjudaginn kl. 20:30

GOTT FÓLK McCANN

1000 kr rábært verð á dömu skóm

DONNA CHRISTINA

1000 kr
verð áður 6.999-

Stígvél stretch
svört, st. 36-41

1000 kr
verð áður 5.999-

Netaballerína
svart,hvítt st. 36-40

1000 kr
verð áður 5.999-

Ökklaskór m/belti
svartir st. 36-40

1000 kr
verð áður 2.999-

Mokkasína m/hæl
svartir st. 36-40

1000 kr
verð áður 3.999-

Spariskór támjóir
margir litir st. 36-40

1000 kr
verð áður 3.999-

Spariskór
svart,hvítt,drapp st. 36-40

1000 kr
verð áður 4.999-

Mokkasínur
drapp,bleikt st. 36-40

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

GUÐMUNDUR PÁLL ÓLAFSSON „Maðurinn þarf á jörðinni að halda en jörðin þarf ekki á manninum að halda. Við höfum ekki erft jörðina heldur höfum við hana í láni frá komandi kynslóðum, það eru kynslóðirnar sem á eftir okkur koma sem þetta snýst allt saman um."

ATT ÚT Í KRÍUGER „Dóttursonur minn Rökkvi Steinn var til í að fara út í kríuvarpið í Flatey en ég setti á hann hjálm svo kríurnar meiddu hann ekki því þær geta verið aðgangsharðar. Minn maður stóð sig eins og hetja þótt hann væri dálítið óttasleginn."

Fuglar eru *tilfinningaverur*

Í nýrri og glæsilegri bók *Fuglar í náttúru Íslands* fjallar náttúrufræðingurinn **Guðmundur Páll Ólafsson** um fjölbreytt fuglalíf Íslands og þá ógn sem fuglum landsins stafar af manninum og náttúrunni. Guðmundur segir hér *Inga F. Vilhjálmssyni* frá hátterni fugla, ást sinni á þeim og hugmyndum sínum um náttúruvernd.

Guðmundur Páll Ólafsson var að senda frá sér fallega og fróðlega bók um fugla landsins. Bókin heitir **Fuglar í náttúru Íslands** og er ný og endurbætt útgáfa bókar sem kom út fyrir 18 árum.

Að mati Guðmundar er fuglalíf á Íslandi fjölskrúðugt og óvenjulegt en að fuglum stafi hætta af ágangi mannsins og hann lýsir furðu sinni á því hve margir stjórnmálamenn landsins taka lítið tillit til náttúrunnar en hann telur náttúruvernd eitt mikilvægasta málefni heimsins í dag.

Fuglar eru tilfinningaverur

„Allt atferli fugla snýst um hjartansmál þeirra ef svo má segja, um það hvernig fuglar haga sér gagnvart nágranna eða maka. Fuglar eru í stöðugum og nánum samskiptum sín á milli og það sérðu þegar þú flettir þessari bók. Ungar flórgoða, himbrima og lóms eru að meira eða minna leyti á baki foreldra sinna fyrstu vikurnar og er það ekki bara vegna þess að þeir vita að þar er í senn öryggi og hlýja heldur er sterkt tilfinningasamband milli foreldra og unga. Ég held að við séum dálítið sljó fyrir þessu og ofmetum mannlegar tilfinningar, einföldum um of og tengjum tilfinningar við ást manna á milli eða ást manns á náttúrunni, en tilfinning getur rétt eins verið skynjun á hættuástandi eða hvar gott er að vera. Fuglar hafa ríka tilfinningu fyrir þessum þáttum þótt þeir iðki ekki rökhugsun eins og maðurinn. Þeir hafa hvorki tíma né efni á slíkum vangaveltum og því er það svo að um leið og þeir skynja hættuástand forða þeir sér. Hátterni fugla virðist ganga fyrir þessari næmni eða tilfinningu," segir Guðmundur Páll.

Maðurinn þarf að ganga betur um náttúruna

Í bókinni er gegnumgangandi stef að maðurinn eigi að umgangast náttúruna og fuglana á betri hátt en hann gerir.

„Það hefur verið fylgst betur með fuglum en mörgum öðrum lífverum jarðar og vitað að þeim fer fækkandi um allan heim og hefur verið ástand síðustu alda. Helstu ástæðurnar eru eyðilegging búsvæða fugla en þar er öryggi, skjól og fæða. Ofnýting svo sem veiðar hafa líka leikið tegundir grátt, til dæmis geirfuglinn. Okkur Íslendingum þykir afar vænt um fugla en samt höfum við tekið þátt í búsvæðaeyðingunni í blindni með framræslu votlendis, vegagerð, hamslausri skógrækt, ofnýtingu náttúru og stórvirkjunum. Allar þessar misráðnu ákvarðanir hafa verið teknar á Alþingi en það ætti að vera skilyrði fyrir setu manna á þingi að þingmenn skilji stafróf náttúrunnar og sé annt um hana, ekki síst fugla. Það dugar skammt að ætla sér að vernda eða friða einhvern fugl en spilla síðan búsvæði hans. Einn þingmaður bar fram frumvarp um að friða allar endur á Íslandi en sá hinn sami hafði árum saman lagt sig í líma að vernda hagsmuni kísilverksmiðju sem gekk þvert á hagsmuni andfuglanna á Mývatni, en vatnið er heimsþekkt uppeldisstöð andarunga. Í þessu sem öðru eru það verkin sem tala en ekki yfirlýsingar hvort menn þykjast vera umhverfissinnar eða ekki," segir Guðmundur Páll.

„Það þrengir enn að fuglum vegna hamagangs mannsins og löngu tímabært að við snúum dæminu við og vöndum verkin okkar og byrjum á Alþingi. Við getum gert miklu betur en verkin sanna, við kunnum það og höfum efni á því, og það sem er ekki minna um vert er að það mun skila sér til landsins okkar. Fuglar eru ómetanleg auðlind þó ekki sé til annars en að horfa á þá og njóta þeirra. Við eigum að vanda til samskipta okkar við náttúruna því maðurinn getur ekki hjarað á jörðinni nema vistkerfi hennar séu heilbrigð, svo einfalt er það, og fuglar eru vísbending og mælikvarði á heilbrigði náttúrunnar. Maðurinn þarf á Móður Jörð að halda en hún getur lifað án hans og mun gera það sjái hann sér ekki um hönd. Eins og segir í gömlu spakmæli frá Kasmír þá höfum við ekki erft jörðina heldur höfum hana að láni frá komandi kynslóðum. Það eru ávallt kynslóðirnar sem á eftir okkur koma sem þetta snýst allt saman um," segir Guðmundur Páll.

> **„Það dugar skammt að ætla sér að vernda eða friða einhvern fugl en spilla síðan búsvæði hans."**

FRÉTTABLAÐIÐ/GPÓ

„EILÍFÐARSTARFIÐ" Í bók Guðmundar eru margar myndir sem sýna tilfinninga- og tilhugalíf fuglanna. Hér má sjá óðinshana sinna „eilífðarstarfinu" eins og hann kallar það.

Ástríki álftarinnar og gæsarinnar

„Það er ákaflega misjafnt hversu tryggglyndir fuglar eru, sennilega eru fáir fuglar eins tryggglyndir og álftin og gæsin sem taka sér langan tíma í að velja sér maka. Tryggglyndið hefur ekkert með siðferði að gera enda er siðferði uppfinning mannsins og er óþarft í villtri náttúrunni, heldur er tryggglyndi ákveðið fyrirkomulag sem hentar einni tegund en ekki annarri. Falli maki frá hjá þessum tryggglyndu fuglum getur það tekið eftirlifandi maka langan tíma að bæta skaðann, líkt og sorgin hafi sest að. Við vitum lítið um sorg fugla en sennilega eru það tónar og taktar makanna sem tekur langan tíma að stilla saman. Vissulega er vandað til makavals hjá þessum tegundum og það er óneitanlega heillandi," segir Guðmundur Páll.

„Ef fylgst er vel með álftinni kemur maður auga á hversu mikið ástríki er í lífi hennar og allt í kringum hana. Hún ver ungana sína af einurð og ræðst á þær hættur sem að steðja og reynir að bægja þeim frá og fyrir kemur að hún fórni sér. Ungahópurinn er samstilltur, alltaf virðist gaman hjá þeim og saman fara ungar og foreldrar á vetrarstöðvarnar. Fjölskyldan fylgist að allan veturinn og fer oftast saman heim að vori. Þetta eru fyrirmyndarfjölskyldur þar sem ást og umhyggja er í fyrirrúmi."

Þjórsárver eru lykilsvæði heiðagæsarinnar

Í bók Guðmundar Páls er nokkur umfjöllun um Þjórsárver og segir hann þau lykilsvæði heiðagæsar. Hann segir að færð hafi verið gild rök fyrir því að án Þjórsárvera kynni heiðagæsastofninn að fjara út. Guðmundur Páll segir að slík rök ein og sér vera nægileg til að vernda svo mikilvægt búsvæði einnar fuglategundar því náttúran eigi líka að njóta vafans, en Þjórsárver búa yfir miklu meiri auðæfum í dýralífi, gróðri og vatnafari. Samt virðist það ekki duga til.

„Ég skil ekki ásókn Landsvirkjunar og íslenskra yfirvalda í Þjórsárver. Verin eru á heimsminjaskrá yfir mikilvægustu votlendissvæði jarðar, Ramsarskránni, og við eigum að sjá sóma okkar í því að láta svo merkilegt svæði í friði, sýna Þjórsárverum metnaðarfulla virðingu og leyfa náttúrunni þar að yrkja sín stef í friði í stað þeirrar andlegu lömunar að hugsa fyrst og síðast um rafmagn og fjarlæga álgróðavon og hafa síðan náttúruvíg á samviskunni þegar við deyjum? Er ekki komið nóg af þeim?"

Með því að vernda Þjórsárver, segir Guðmundur Páll, leggjum við örlítið af mörkum til þess að vernda manninn, fuglinn á öræfum en líka fiskinn í sjónum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GPÖ

hjá óðinshana og þórshana. Þar sér karlfuglinn um útungun og uppeldi en kerlan finnur sér nýjan karl.“

Guðmundur Páll segir kollur glysgjarnar og það bendi til þess að þær hafi í gegnum tíðina valið sér skrautlega blika til undaneldis. „Steggur sem er litskrúðugur, ber sig vel og lætur drýgindalega, er efnilegur til undaneldis og því hefur þetta glysgjarna val kollanna átt þátt í ræktun skrautlegra blika, að talið er.“

Fuglaskoðun verði að þjóðaríþrótt

„Ég gæli við þá hugmynd að fuglaskoðun verði þjóðaríþrótt Íslendinga og bókin er framlag mitt til þess. Við eigum að líta til fugla himinsins og segja hvert öðru sögur af þeim. Fuglaskoðun á að kenna strax í leikskólum og skipulagsmál bæja og borgar eiga taka mið af þessum auðæfum þannig að við elliheimili og leikskóla ættu ávallt að vera hannaðar tjarnir og runnar svo ungir og aldnir geti fylgst með fuglum alla daga,“ segir Guðmundur Páll.

„Steggur sem er litskrúðugur, ber sig vel og lætur drýgindalega, er efnilegur til undaneldis og því hefur þetta glysgjarna val kollanna átt þátt í ræktun skrautlegra blika, að talið er.“

„Verði fuglaskoðun að þjóðaríþrótt munu áherslur breytast fuglum og umhverfi í hag,“ að áliti Guðmundar Páls, „því þá átta flestir sig á heildarsamhenginu, jafnvel þingmenn. Fuglar eru stórkostlegar verur sem ber að vernda og þeir tengja manninn við náttúruna.“ „Það er kominn tími til að huga að velferð sálarinnar og um það hvað veitir okkur raunverulega ánægju í tilverunni og hvílum okkur á verðbréfum, framkvæmdahamagangi og gengdarlausri peningahyggju. Engu líkara er en að sálarháski sé lífsstíll okkar og það stefnir í að við verðum apar af aurum; glötum því sem máli skiptir fyrir athafnafíknina,“ segir Guðmundur Páll.

„Ég veit að fuglar gera fólki gott, það hafa allir gaman að fuglum því sennilega höfða engin villt dýr meira til mannsins en fuglar. Við eigum líka eftir að skilja svo margt sem fuglar gera og af hverju þeir gera það,“ segir Guðmundur og lýsir þeirri skoðun sinni að bók hans sé fyrst og síðast hvatning að kynnast fuglum og leiðsögn hvernig eigi að njóta þess að þekkja fugla og skilja betur lífheim þeirra og þarfir.

„Ég held að það væri stórkostlegt ef til kæmi þjóðarátak í fuglaskoðun, það myndi hafa mjög víðtæk og varanleg áhrif, ekki bara á umhverfið sjálft heldur líka jákvæð áhrif manna á milli. Að kenna fuglaskoðun er eitt það besta sem við getum gert til að sameina og þroska fólk, eins svífandi og hugmyndin virðist vera. Fuglaskoðun er mannbætandi líkt og öll náttúruskoðun er, hún er líka spennandi, menn gleyma sér og dagsins amstri og stressi, fá sálarfrið og njóta þess að hugsa og ræða um fugla,“ segir Guðmundur Páll.

ingi@frettabladid.is

koma í Þjórsárver er stórgt því svæðið er lifandi veröld og víða dásamlegur garður á öræfum. Það er nanlegt og því skiptir það ðina miklu að til séu svona sem fái að vera í friði, og l ef við erum svo sjálfumgoðverur að álíta að hagsmannsins séu það eina sem kipti í veröldinni þá verndð hagsmuni hans einungis ví að vernda heilbrigt og umhverfi hans sem aftur verfi annarra lífvera.“

fáir stjórnmálamenn mikilvægi náttúruverndar

ræðunni um virkjanaframdir hefur þótt afskaplega að segja að tilfinningarök leg rök gegn stóriðju, en málsins er að líf án tilfinner einskis vert því ef við m tilfinningar okkar ekki hugsunina þá erum við örga á villigötum,“ segir Guðir Páll.

lt of fáir stjórnmálamenn ekið ábyrga afstöðu til stórgrar náttúru Íslands og eru ður fjarri því að skynja eitt ægasta málefni heimsins ssar mundir. Almenningur betur að sér en þeir. Þetta i ósvipað stjórnmálaflokki efur ekki heilbrigðismál eða amál á stefnuskrá sinni. uvernd er hluti af heilsmálum, menntun, menngog atvinnumálum og sá málaflokkur sem tekur ekki afstöðu með náttúruvernd leita sér að jákvæðari og tari forystu. Þjóð verður að tt landið sitt í friði fyrir málamönnum og hamagangþeim.“

iðugir blikar heppilegir laneldis

nni eru ítarlegar lýsingar á alífi og hátterni margra egunda.

ugt við gæsirnar eru hjú andanna oftast vorlangur temmri, fullur af ærslum, um en stundum ofbeldi. n eða steggurinn er oftast á þegar að ungarnir byrja að sér. Kvenfuglinn sinnir og umönnun unga en á meða steggirnir sér og eru ekki a fjölina felldir, leita á nýjðir og halda síðan í karlann til að fella fjaðrir. Hlutn er hins vegar öfugt farið

Canon mv750i, stafræn videovél
- Lítil og nett videovél með kyrrmyndum
- 22 x optískur og 440 x stafrænn aðdráttur
- Hristivörn og óendanlegir tengimöguleikar
- Fullt verð: ~~54.900~~ kr
- Útsöluverð: 29.900 kr
45% afsláttur

Kodak EasyShare LS755
- 5 milljón pixla
- 3 x optískur og 5 x stafrænn aðdráttur
- Lithium Ion hleðslurafhlaða og tengistöð fylgir
- Fullt verð: ~~34.900~~ kr
- Útsöluverð: 22.900 kr
35% afsláttur

Kodak EasyShare CX7330
- 3 milljón pixla
- 3 x optískur og 3,3 x stafrænn aðdráttur
- Tekur video með hljóði
- Fullt verð: ~~14.900~~ kr
- Útsöluverð: 9.900 kr
35% afsláttur

ÚTSALA

SAMSUNG U-CA5
- 5 milljón pixla - MPEG 4 video með hljóði
- 3x optískur og 4 x stafrænn aðdráttur
- Lithium Ion hleðslusett fylgir
- Fullt verð: ~~29.950~~ kr
- Útsöluverð: 19.950 kr
33% afsláttur

Stafrænar myndavélar frá 6.900 kr

SAMSUNG V700
- 7 milljón pixla - MPEG 4 video með hljóði
- 3 x optískur og 10 x stafrænn aðdráttur
- Lithium Ion hleðslusett fylgir
- Fullt verð: ~~39.950~~ kr
- Útsöluverð: 29.950 kr
25% afsláttur

EPSON stylus C46
- 2880 dpi prentupplausn
- USB tengi
- Einfaldur í notkun
- Fullt verð: ~~8.900~~ kr
- Útsöluverð: 5.900 kr
33% afsláttur

ÚTSALAN er á Laugavegi 178

OPIÐ
Föstudagur 09 - 19
Laugardagur 10 - 17

HANS PETERSEN
Sími: 570 7500

FRÉTTABLAÐIÐ/GPÖ

„Að koma í Þjórsárver er stórkostlegt því svæðið er lifandi vatnaveröld og víða dásamlegur skrúðgarður á öræfum. Það er ógleymanlegt og því skiptir það framtíðina miklu að til séu svona staðir sem fái að vera í friði, og jafnvel ef við erum svo sjálfumglaðar goðverur að álíta að hagsmunir mannsins séu það eina sem máli skipti í veröldinni þá verndum við hagsmuni hans einungis með því að vernda heilbrigt og óspillt umhverfi hans sem aftur er umhverfi annarra lífvera.“

Allt of fáir stjórnmálamenn skilja mikilvægi náttúruverndar

„Í umræðunni um virkjanaframkvæmdir hefur þótt afskaplega snjallt að segja að tilfinningarök séu léleg rök gegn stóriðju, en kjarni málsins er að líf án tilfinninga er einskis vert því ef við tengjum tilfinningar okkar ekki við rökhugsunina þá erum við örugglega á villigötum,“ segir Guðmundur Páll.

„Allt of fáir stjórnmálamenn hafa tekið ábyrga afstöðu til stórkostlegrar náttúru Íslands og eru því miður fjarri því að skynja eitt mikilvægasta málefni heimsins um þessar mundir. Almenningur er mun betur að sér en þeir. Þetta er ekki ósvipað stjórnmálaflokki sem hefur ekki heilbrigðismál eða menntamál á stefnuskrá sinni. Náttúruvernd er hluti af heilbrigðismálum, menntun, menningu og atvinnumálum og sá stjórnmálaflokkur sem tekur ekki skýra afstöðu með náttúruvernd ætti að leita sér að jákvæðari og upplýstari forystu. Þjóð verður að geta átt landið sitt í friði fyrir stjórnmálamönnum og hamaganginum í þeim.“

Litskrúðugir blikar heppilegir til undaneldis

Í bókinni eru ítarlegar lýsingar á tilhugalífi og hátterni margra fuglategunda.

„Öfugt við gæsirnar eru hjúskapur andanna oftast vorlangur eða skemmri, fullur af ærslum, látalátum en stundum ofbeldi. Blikinn eða steggurinn er oftast á förum þegar að ungarnir byrja að bjarga sér. Kvenfuglinn sinnir ásetu og umönnun unga en á meðan leika steggirnir sér og eru ekki við eina fjölina felldir, leita á nýjar slóðir og halda síðan í karlaklúbbinn til að fella fjaðrir. Hlutverkum er hins vegar öfugt farið hjá óðinshana og þórshana. Þar sér karlfuglinn um útungun og uppeldi en kerlan finnur sér nýjan karl.“

Guðmundur Páll segir kollur glysgjarnar og það bendi til þess að þær hafi í gegnum tíðina valið sér skrautlega blika til undaneldis. „Steggur sem er litskrúðugur, ber sig vel og lætur drýgindalega, er efnilegur til undaneldis og því hefur þetta glysgjarna val kollanna átt þátt í ræktun skrautlegra blika, að talið er.“

Fuglaskoðun verði að þjóðaríþrótt

„Ég gæli við þá hugmynd að fuglaskoðun verði þjóðaríþrótt Íslendinga og bókin er framlag mitt til þess. Við eigum að líta til fugla himinsins og segja hvert öðru sögur af þeim. Fuglaskoðun á að kenna strax í leikskólum og skipulagsmál bæja og borgar eiga taka mið af þessum auðæfum þannig að við elliheimili og leikskóla ættu ávallt að vera hannaðar tjarnir og runnar svo ungir og aldnir geti fylgst með fuglum alla daga,“ segir Guðmundur Páll.

> **„Steggur sem er litskrúðugur, ber sig vel og lætur drýgindalega, er efnilegur til undaneldis og því hefur þetta glysgjarna val kollanna átt þátt í ræktun skrautlegra blika, að talið er.“**

„Verði fuglaskoðun að þjóðaríþrótt munu áherslur breytast fuglum og umhverfi í hag,“ að áliti Guðmundar Páls, „því þá átta flestir sig á heildarsamhenginu, jafnvel þingmenn. Fuglar eru stórkostlegar verur sem ber að vernda og þeir tengja manninn við náttúruna.“ „Það er kominn tími til að huga að velferð sálarinnar og um það hvað veitir okkur raunverulega ánægju í tilverunni og hvílum okkur á verðbréfum, framkvæmdahamagangi og gengdarlausri peningahyggju. Engu líkara er en að sálarháski sé lífsstíll okkar og það stefnir í að við verðum apar af aurum; glötum því sem máli skiptir fyrir athafnafíknina,“ segir Guðmundur Páll.

„Ég veit að fuglar gera fólki gott, það hafa allir gaman að fuglum því sennilega höfða engin villt dýr meira til mannsins en fuglar. Við eigum líka eftir að skilja svo margt sem fuglar gera og af hverju þeir gera það,“ segir Guðmundur og lýsir þeirri skoðun sinni að bók hans sé fyrst og síðast hvatning að kynnast fuglum og leiðsögn hvernig eigi að njóta þess að þekkja fugla og skilja betur lífheim þeirra og þarfir.

„Ég held að það væri stórkostlegt ef til kæmi þjóðarátak í fuglaskoðun, það myndi hafa mjög víðtæk og varanleg áhrif, ekki bara á umhverfið sjálft heldur líka jákvæð áhrif manna á milli. Að kenna fuglaskoðun er eitt það besta sem við getum gert til að sameina og þroska fólk, eins svífandi og hugmyndin virðist vera. Fuglaskoðun er mannbætandi líkt og öll náttúruskoðun er, hún er líka spennandi, menn gleyma sér og dagsins amstri og stressi, fá sálarfrið og njóta þess að hugsa og ræða um fugla,“ segir Guðmundur Páll.

ingi@frettabladid.is

FRÁBÆRT VERÐ!

deildu tilboðunum

HLEÐSLUTÆKI FYLGIR

Canon mv750i, stafræn videovél
- Lítil og nett videovél með kyrrmyndum
- 22 x optískur og 440 x stafrænn aðdráttur
- Hristivörn og óendanlegir tengimöguleikar
- Fullt verð: ~~54.900~~ kr
- Útsöluverð: 29.900 kr
45% afsláttur

Kodak EasyShare LS755
- 5 milljón pixla
- 3 x optískur og 5 x stafrænn aðdráttur
- Lithium Ion hleðslurafhlaða og tengistöð fylgir
- Fullt verð: ~~34.900~~ kr
- Útsöluverð: 22.900 kr
35% afsláttur

Kodak EasyShare CX7330
- 3 milljón pixla
- 3 x optískur og 3,3 x stafrænn aðdráttur
- Tekur video með hljóði
- Fullt verð: ~~14.900~~ kr
- Útsöluverð: 9.900 kr
35% afsláttur

ÚTSALA

SAMSUNG U-CA5
- 5 milljón pixla - MPEG 4 video með hljóði
- 3x optískur og 4 x stafrænn aðdráttur
- Lithium Ion hleðslusett fylgir
- Fullt verð: ~~29.950~~ kr
- Útsöluverð: 19.950 kr
33% afsláttur

Stafrænar myndavélar frá 6.900 kr

SAMSUNG V700
- 7 milljón pixla - MPEG 4 video með hljóði
- 3 x optískur og 10 x stafrænn aðdráttur
- Lithium Ion hleðslusett fylgir
- Fullt verð: ~~39.950~~ kr
- Útsöluverð: 29.950 kr
25% afsláttur

EPSON stylus C46
- 2880 dpi prentupplausn
- USB tengi
- Einfaldur í notkun
- Fullt verð: ~~8.900~~ kr
- Útsöluverð: 5.900 kr
33% afsláttur

ÚTSALAN er á Laugavegi 178

OPIÐ
Föstudagur 09 - 19
Laugardagur 10 - 17

HANS PETERSEN
Sími: 570 7500

Stærstu mistökin fyndnust

Þeir **Snorri Engilbertsson** og **Gunnar Björn Guðmundsson** hafa í sumar flakkað um landið á gömlum tékkneskum Skoda með heilt leikhús í farteskinu. Þeir hafa slegið í gegn á landsbyggðinni með Dauða og jarðarber, frumsamda trúðaspunasýningu í leikstjórn Ágústu Skúladóttur. ***Þóra Karítas*** hitti drengina, sem eru nú komnir aftur á mölina.

SNORRI OG GUNNAR BJÖRN Hafa átt skrautlegt sumar í trúðalegum sígaunastíl.

Ferðalagið um landið var eiginlega alveg í stíl við trúðinn og leiksýninguna," segir Snorri en hann og Gunnar hafa í sumar sýnt grínharmleikinn Dauða og jarðarber í helstu plássum landsins og stefna á fjórar lokasýningar í Möguleikhúsinu við Hlemm. „Við keyrðum á milli staða á nóttunni í einhverju stórfenglegasta landslagi sem til er í heiminum og sáum því ekki neitt. Vitneskjan um fegurðina sem faldist þarna í myrkinu var grátbrosleg."

Sýningin Dauði og jarðarber fjallar um tvo sígaunabræður sem hafa búið hjá ömmu sinni alla ævi. Amman hefur reynt að bæla niður listræna hæfileika bræðranna en ævintýrið hefst þegar amman deyr.

„Við vorum bara eins og sígaunar, ferðuðumst um í Bónusbíl með allt í bílnum, alla leikmyndina, stangir, ljós og hljóðútbúnað og svo ömmu gömlu," en amman í Dauða og jarðarberjum er leikin af sérþjálfaðri gínu. „Hún endaði í öreindum því hún tók svo mikið pláss í bílnum. Til að koma ömmu greyinu fyrir þurftum við að slíta hana í sundur. Nú er hún laus við báðar axlir og mjaðmirnar eru farnar í sundur."

Charlie Chaplin flottasti trúðurinn

Aðspurðir um hvað það sé sem heilli við trúðaformið segir Snorri: „Ég verð að viðurkenna að ég bar ekki mikla virðingu fyrir trúðnum áður en ég fór á námskeið hjá Ágústu Skúladóttur og sá ekki fyrir mér að ég hefði áhuga á þessu," en Snorri hefur greinilega breytt um skoðun því um miðjan september heldur hann til Frakklands í níu mánaða trúðanám í skóla Philippe Guillier.

„Ég sá upphaflega fyrir mér trúð með rautt nef og hárkollu eða McDonald's-trúðinn sem bindur saman blöðrur. Ég er ekki að fara að læra neitt slíkt en til að fólk fatti um hvernig leikstíl er verið að ræða bendi ég oftast á Charlie Chaplin. Hann er flottasti trúður sem til er."

„Það er alltaf eitthvað nýtt að gerast hjá trúðnum og hver sýning er breytileg eftir áhorfendum," segir Gunnar. „Það er nóg að einhver í salnum hlæi á fyndinn hátt, þá er það orðið góður brandari."

„Í Dauða og jarðarberjum erum við að vinna með dramatískan trúð og segjum mjög sorglega sögu á mjög fyndinn hátt," segir Snorri. „Það er fyndið að sjá hvernig trúður höndlar dramatískar aðstæður því trúðurinn hef-

FÉLAG FLÓNA Fjórar lokasýningar á Dauða og jarðarberjum verða í Möguleikhúsinu við Hlemm á næstu dögum.

ur svo stuttan athyglisþráð. Hann er opinn fyrir öllu utanaðkomandi áreiti, til dæmis ef síminn hringir í áhorfendasalnum tekur trúðurinn eftir því og spilar á það."

„Einlægnin í trúðnum er líka svo skemmtileg," segir Gunnar Björn. „Hjá trúðnum kemur allt frá hjartanu. Ef það eru mistök reynum við ekki að líta framhjá þeim heldur viðurkennum við þau og reynum að nota þau á góðan hátt."

Kastaði upp pönnuköku í miðri sýningu

Nóg hefur verið um mistökin á sýningarferðalagi þeirra sígaunabræðra og hafa þau mörg hver valdið kátínu áhorfenda. „Bestu brandararnir komu oftast þegar einhver mistök urðu. Ef eitthvað hrundi niður á sviðinu eða einhver datt."

Þegar drengirnir rifja upp misheppnuð uppátæki kemur pönnukökugerð fyrst upp í hugann. „Snorri þarf alltaf að baka pönnuköku fyrir sýningar og áður en við lögðum af stað í landshornaflakkið keyptum við þessa fínu teflonpönnu," segir Gunnar Björn. „Það er hins vegar sorglegt að segja það að eftir 24 sýningar hefur Snorra enn ekki tekist að ná völdum á pönnukökutækninni og það tekur hann allt upp í klukkutíma að baka eina pönnuköku. Á Egilsstöðum fékk hann þá frábæru hugmynd að kaupa burrito-böku til að nota í staðinn fyrir pönnukökur en í einu atriði í sýningunni þarf hann að gleypa pönnuköku með jarðarberjum og rjóma í heilu lagi. Í miðju atriði kom svo í ljós að nýja bakan var ekki alveg jafnmjúk og góð og nýbökuð pönnukaka svo hún stóð eitthvað í Snorra og endaði með því að hann þurfti að hlaupa út af sviðinu til að kasta henni upp," segir Gunnar og það er greinilegt að strákunum finnst atriðið ennþá fyndið í minningunni. „Ég stóð eftir einn á sviðinu og sá rassinn á Snorra bak við tjaldið þar sem hann hallaði sér slefandi fram af sviðinu. Svo kom hann til baka með rjóma úti um allt andlit. Þó atriðið hafi líklega aldrei verið jafnfyndið ákváðum við að halda okkur við pönnukökubaksturinn í framtíðinni."

„Einhvern tíma skoppaði líka hausinn af ömmunni inn á svið," segir Snorri og þeir félagarnir skella upp úr. „Það gerðist í rosalega dramatísku atriði þar sem amman er látin og borin út af sviðinu. Yfirleitt er ömmunni skutlað baksviðs en í þetta sinn losnaði hausinn frá og skoppaði inn á sviðið. Þá sprakk salurinn úr hlátri og við áttum í miklum vandræðum með okkur."

Skilja eftir sig sviðna jörð

Sýningu Snorra og Gunnars Björns var vel tekið í sumar og hafa þeir fengið lofsamlega dóma frá leikhúsgagnrýnendum og áhorfendum. „Við frumsýndum í Gúttó í Hafnarfirði en síðan höfum við keyrt rúmlega þrjú þúsund kílómetra og sýnt 24 sýningar um allt land. Við vorum að koma á marga staði í fyrsta sinn á ævinni og hluti af skemmtuninni var að koma í nýtt húsnæði og breyta því í leikhús."

Drengirnir segja að sérstaklega hafi verið gaman að skemmta á Sólheimum í Grímsnesi og að koma á Bakkafjörð. „Á Bakkafirði fengum við 35 áhorfendur um mitt sumar á stað þar sem íbúafjöldi er 130. Það er ágætis prósentutala og við gerum kröfur á Reykvíkinga á að ná sams konar hlutföllum í mætingu," segir Gunnar Björn. „Í anda trúðanna auglýstum við okkur samdægurs á hverjum stað, dreifðum bréfum í hvert hús á litlu stöðunum, sýndum verkið og skildum svo eftir okkur sviðna jörð," segir Snorri að lokum en búast má við að í framtíðinni verði meiri trúðalæti í þeim félögum því í samstarfi við Ágústu Skúladóttur hafa þeir stofnað trúðaleikfélagið Félag flóna.

Hringtúr Félags flóna endar í þetta sinn með fjórum lokasýningum á Dauða og jarðarberjum í Möguleikhúsinu við Hlemm. Sú fyrsta verður annað kvöld klukkan 21.00 en einnig verður verkið sýnt á sama tíma 7., 9. og 10. september.

Innköllun

Stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hefur ákveðið að stofnfjárbréf í sparisjóðnum verði tekin til rafrænnar skráningar í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Rafræn skráning tekur gildi mánudaginn 3. október 2005 kl. 9.00 árdegis. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu stofnfjárbréf í sparisjóðnum í samræmi við heimild í ákvæði til bráðabirgða nr. II í lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2000 um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum og reglugerð nr. 397/2000 um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð.

Stofnfjárhlutir í SPRON eru 43.440 en þar af hafa 14.480 verið gefnir út í pappírsformi. Nafnverð hvers stofnfjárhlutar er 25.000 kr. og allir hlutir eru í sama flokki. Stofnfjárbréf útgefin í pappírsformi, 14.480 talsins ógildast, er rafræn skráning tekur gildi skv. framansögðu, en óútgefnir hlutir alls 28.960 sem stofnað var til með útboði sem stóð 9.–23. maí 2005 verða frumútgefnir rafrænt á sama tíma.

Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra stofnfjárhluta í SPRON, sem telja einhvern vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá SPRON, að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til Jóhannesar Helgasonar, fulltrúa framkvæmdastjórnar SPRON, á skrifstofu hans Ármúla 13a í Reykjavík, sími 550 1294 eða á netfangið johannes@spron.is. Komi í ljós að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart sparisjóðnum innan þriggja mánaða frá 2. birtingu innköllunar þessarar í Lögbirtingablaðinu, sem var þann 15. júní síðastliðinn.

Ennfremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra stofnfjárhluta, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri innan sömu tímamarka við ofangreindan fulltrúa framkvæmdastjórnar í höfuðstöðvum sparisjóðsins að Ármúla 13a í Reykjavík eða á netfangið.

Við rafræna útgáfu stofnfjárbréfanna verður nafnverð þeirra skráð með sama hætti og áður þ.e. hver hlutur er 25.000 kr. að nafnverði.

Sparisjóðsstjórnin

Himinn og haf / SÍA

spron

Ný safnplata frá Lennon

Safnplatan Working Class Hero – The Definitive Lennon kemur út 3. október en 9. október næstkomandi hefði Lennon orðið 65 ára.

Auk útgáfu safnplötunnar verður sýnd heimildarmynd um Lennon á bresku sjónvarpsstöðinni BBC. Einnig verður efnt til endurútgáfu á tveimur plötum Lennon; Walls and Bridges og Some Time In New York City.

Alls er 38 lög að finna á safnplötunni, sem verður tvöföld. Þar verða öll helstu smáskífulög Lennon og önnur þekkt lög. Hafa þau öll verið endurhljóðblönduð til að ná fram sem bestum gæðum. Á meðal þeirra eru (Just Like) Starting Over, Imagine, Jealous Guy, Stand By Me, Woman og Give Peace a Chance. Plötufyrirtækið Parlophone og Yoko Ono, ekkja John Lennon, standa að útgáfunni.

„Margir hafa spurt mig hvort þetta ár sé ekki sérstakt fyrir mig vegna 65 ára afmælis John og vegna þess að 25 ár eru liðin frá þessum hræðilega degi. Það líður ekki dagur án þess að ég hugsi um John," sagði Yoko. „Það er líka athyglisvert að hugsa um John sem 65 ára mann og hvað hann væri að gera núna ef hann væri á lífi. Ég er handviss um að hann væri mjög reiður yfir því sem er að gerast í heiminum í dag. Ofbeldi, aukinn yfirgangur stórfyrirtækja og lygar. Hann vildi að heimurinn yrði fallegur staður fyrir okkur öll. Svo virðist sem það sé ennþá langur vegur í það."

JOHN LENNON Bítillinn fyrrverandi hefði orðið 65 ára á þessu ári hefði hann ekki verið myrtur fyrir aldarfjórðungi.

27

MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

5 5 5 5 5

Nú er potturinn fimmfaldur!

Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is fyrir kl. 18.40 á laugardag – þú gætir unnið 27 milljónir.

Það getur allt gerst.

Lottó

ENNEMM / SÍA / NM17918

Cosmo 40 ára

Þú getur allt, jafnvel þótt þú sért kona.

Tímaritið Cosmopolitan kom fyrst út fyrir 40 árum síðan eða árið 1965 undir stjórn Helen Gurley Brown. Tímaritið var fyrst og fremst hugsað fyrir ungar konur til þess að hjálpa þeim við að efla öryggi sitt og sjálfstæði. Það innihélt ýmis ráð um nýjustu tísku, fegurð, sambönd, heilsu, skemmtun og auðvitað karlmenn. Cosmopolitan sagði konum að vera óhræddar við að lifa lífinu og skilaboðin voru skýr – „Þú þarft ekki mann til að hjálpa þér að fá það sem þú vilt út úr lífinu. Þú getur gert þetta sjálf“. Með öðrum orðum þú getur allt, jafnvel þótt þú sért kona. Á þessum árum komu þessi skilaboð eins og þruma úr heiðskíru lofti. Loksins var kominn fjölmiðill sem sagði einfaldlega „gerðu hlutina“. Brown sá um að stýra Cosmopolitan í 32 ár eða til ársins 1997. Við tók Bonnie Fuller, en þó aðeins í 18 mánuði. Ritstjóri blaðsins í dag er Kate White, hún hefur nú verið ritstjórinn í um sjö ár. „Þetta tímarit er vinsælt vegna þess að við höfum ekki breytt stefnu okkar í 40 ár,“ segir Kate. Að sjálfsögðu hefur blaðið breyst að einhverju leyti, en stefna Cosmopolitan hefur alltaf verið sú sama, að hjálpa konum að finna aukið öryggi og að vera sjálfstæðar. En hvað er að því að vera líka falleg, kynæsandi og að kunna á karlmenn.

Cosmopolitan hefur verið bannað í Singapore en er annars gefið út í 52 löndum á borð við Taíland, Króatíu, Ísrael og Kenýu. Forsíðustúlkurnar hafa verið æði margar og til dæmis hefur fyrirsætan Cindy Crawford verið á alls sautján forsíðum fyrir blaðið. Beverly Johnson var fyrsta svarta konan til að sitja fyrir hjá Cosmopolitan árið 1976. Eflaust eiga næstu kynslóðir einnig eftir að njóta góðs af tímaritinu Cosmopolitan því það er aldrei hægt að fá nóg af góðum ráðum.

Námskeið

ReykjavíkurAkademíunnar
- stutt, fróðleg, skemmtileg og ódýr.

Þrjú kvöld í viku. Mánudagskvöld verða kvikmyndanámskeið, á miðvikudags- og fimmtudagskvöldum menning og mannlíf. Hvert námskeið stendur í 3 kvöld. Þátttökugjald er 6.900 krónur. Frábærir fyrirlesarar í ßJ-L húsinu, Hringbraut 121, 4 hæð. Þau hefjast öll klukkan 20:00 og standa til klukkan 22:00.

Mánudagsmyndir:

Kvikmyndabylgjan í Asíu. 26. sept. 3. okt. og 10. okt.
Umsjón: Emiliano Monaco kvikmyndafræðingur.

Elísabeth Taylor. 17. okt., 24. okt. og 31. okt.
Umsjón: Hilmar Oddsson kvikmyndaleikstjóri.

Almodovar. 7. nóv., 14.nóv. og 21. nóv.
Umsjón: Hilmar Oddsson kvikmyndaleikstjóri.

Myndir og matur. 28.nóv., 5.des. og 12. des.
Umsjón. Hilmar Oddsson kvikmyndaleikstjóri.

Miðvikudagskvöld. Menning og mannlíf:

Borgarþrenna. 28. sept, 5. okt. og 12. okt.
28. sept. Kraká. Umsjón: Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur.
5. október. Istanbúl. Umsjón: Jón Björnsson sálfræðingur.
12. október. Ljúblíana. Umsjón: Hallmar Sigurðsson leikstjóri.
Hægt er að velja einungis eitt kvöld og kostar það 2.500 krónur.

Afi og amma á 21. öld. 19. okt., 26.okt. og 2. nóvember.
Umsjón: Jón Björnsson sálfræðingur.

Í sviðsljósinu. 9. nóv. - 23. nóv.
Jórunn Sigurðardóttir bókmenntafræðingur fjallar um leiksýningu að eigin vali.

Ljóðaperlur. 30. nóv., 7. des. og 14. des.
Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur fjallar um ljóð þekktra íslenskra ljóðskálda.

Fimmtudagskvöld. Mannlíf:

Að tala fyrir framan hóp. 29. sept., 4.okt. og 6. okt.
Margrét Pálsdóttir málfræðingur veitir tilsögn og þjálfun.

Tangó, dans dansanna. 20. okt., 27. okt. og 3. nóv.
Umsjónarmenn eru tangókennararnir Bryndís Halldórsdóttir og Hany Hadaya.

Stjörnurnar okkar. 10. nóv., 17. nóv. og 24. nóv.
Vilhelm Sigmundsson stjarneðlisfræðingur og Snævar Guðmundsson stjörnuljósmyndari.

Trú nemur land. 1.des., 8. des. og 15. des.
Clarence E. Glad guðfræðingur fjallar um Búddatrú, grísku rétttrúnaðarkirkjuna og kaþólska trú.

REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

GÖTURNAR Í LÍFI MÍNU >
GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR RITHÖFUNDUR

GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR Guðrún hefur búið á mörgum stöðum í Reykjavík frá því að hún kom í heiminn árið 1976. Um þessar mundir býr hún í Grófinni í miðbæ Reykjavíkur.

Bjó á hávaðasamasta horni Reykjavíkur

Guðrún man meðal annars eftir túttubyssustríðum, Garði í Gerðum, einmanaleikanum og klingjandi kirkjuklukkum frá götunum sem hún hefur búið á síðustu þrjátíu árin.

Rauðilækur 33, Reykjavík, 1976-1976
Var aðallega buslandi í eldhúsvaskinum af myndum að dæma.

Miklabraut 58 og Framnesvegur 42, Reykjavík, 1976-1978
Þar bjó ég með mömmu og Hildu frænku og fressinu Napóleon. Þær klæddu okkur Napóleon í eins hettupeysur. Við höfðum það alveg ágætt.

Ásvallagata 17, Reykjavík 1978-1980
Bakgarðar og kettir, vingjarnlegir listmálarar og hrekkjusvín.

Bræðraborgarstígur 5, Reykjavík 1981-1982
Man eftir fyllibyttunum sem rúlluðu frá Naustinu, móðir mín varaði mig mjög við þeim og svo voru líka köngulær í garðinum og gamaldags handknúin vinda í kjallaranum.

Arnartangi 55, Mosfellssveit, 1982-1985
Þetta er eitt af viðlagasjóðshúsunum sem voru byggð handa fólkinu úr Vestmannaeyjum eftir að eldfjallið þeirra sprakk framan í þau. Endaraðhús og þess vegna með extra-stórum garði. Túttubyssustríð á haustin, skrímsli í Esjunni, fyrsti kærastinn sem hét Baldvin, fjöruferðir, lærði að hjóla, mikil hamingja.

Brattholt 2b, Mosfellssveit, 1985-1986
Óeftirminnilegur tími, held ég hafi aðallega hangið inni við að læra að spila Tunglskinssónötuna eftir eyranu. Nú er ég búin að gleyma henni.

Klausturvegur 6, Kirkjubæjarklaustri, 1986-1987
Þetta var eiginlega Edduhótelið á Kirkjubæjarklaustri. Við bjuggum í tveimur hótelherbergjum, öðru baðherberginu breytt í eldhús. Seríósið og hrísgrjónin geymd í sturtubotninum. Mjög bóhemskt.

Skaftárvellir 15, Kirkjubæjarklaustri, 1987-1988
Alvöru finnskt bjálkahús með garði og þar sem garðurinn endaði byrjaði tún með ótrúlega dekoratífum bolakálfum. Góður staður, Kirkjubæjarklaustur.

Skagabraut 21, Garði í Gerðahreppi, 1988-1992
Garður í Gerðum er 1200 manna þorp, en samt er það eiginlega bara ein gata með talsverðum vegalengdum milli húsa. Garður breytti mér í mikinn göngugarp. Í fjörunni, sem er allt um kring, er hvítur skeljasandur. Garður á örugglega eftir að breytast í ferðamannaparadís með sólhlífum og kokteilum.

Óðinsgata 5, og Amtmannsstígur 2, Laugavegur 27b og Laugavegur 84, 1992-1996
Menntaskólaárin. Nenni ekki að fara með klisjurnar um Þingholtin. Ég var í skólanum á daginn og afgreiddi brennivín á kvöldin.

Café Meltemis, Hania, Grikklandi, 1996-1997
Þetta var svona manndómsvígsluferð. Vann á ótrúlega sóðalegri brennivínsbúllu og þóttist vera að skrifa skáldsögu en var samt aðallega einmana.

Laugavegur 20, Reykjavík, 1997-2002 og einn vetur við Sassenheimstraat í Amsterdam
Hornið á Laugavegi og Klapparstíg er örugglega það hávaðasamasta á Íslandi. Sassenheimstraat er í samanburðinum eins og hljóðlátur og dumbungslegur draumur.

Njálsgata 62, Reykjavík, 2002-2004
Þegar ég var búin að kveða niður drauginn reyndist þetta ágætur staður. Sundhöllin hér um bil í bakgarðinum og blessaðar kirkjuklukkurnar. Skil ekki af hverju alltaf er verið að amast við þeim.

Grófin 1, Reykjavík, 2004-2005
Hér bý ég núna, með Borgarbókasafnið norðan megin og Fríðu frænku sunnan megin. Út um gluggann sé ég hlemminn sem á stendur Miðja Reykjavíkur. Þetta er kyrrlátari staður en margan myndi gruna.

Rauðilækur
Miklabraut
Framnesvegur
Ásvallagata
Bræðraborgarstígur
Arnartangi
Brattholt
Klausturvegur
Skaftárvellir
Skagabraut
Óðinsgata
Amtmannsstígur
Laugavegur
Hania
Laugavegur 20,
Sassenheimstraat
Njálsgata
Grófin

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3891

Sektarkennd?

Umferðarlagabrot	
*Ölvun við akstur	kr. 294.000
Ökuskírteini útrunnið	kr. 5.000
Bílbelti ekki spennt	kr. 5.000
samtals	kr. 304.000

* Ökumaður sviptur ökuskírteini í 6 mánuði.

Umferðarlagabrot á borð við hraðakstur og akstur undir áhrifum áfengis og annarra vímuefna eru alvarleg afbrot og viðurlögin háar sektir og svipting ökuréttinda. Þetta eru þó smámunir í samanburði við aðrar mögulegar afleiðingar slíkra brota: limlestingar, ástvinamissi, dauða.

Öflugri löggæsla á vegum landsins.

Eftirtaldir aðilar hafa tekið höndum saman um að auka löggæslu á þjóðvegum landsins um 100% næstu mánuðina. Þetta er gert í forvarnarskyni og til að stuðla að því að þeir sem brjóta af sér þurfi einungis að glíma við fjárhagslegt tjón, en sleppi við aðrar og alvarlegri afleiðingar.

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

VEGAGERÐIN

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

UMFERÐARSTOFA

Drjúg mið óákveðinna

Eins og fram hefur komið í skoðanakönnunum sem **Fréttablaðið** hefur birt í vikunni hafa rúmlega 34 prósent Reykvíkinga ekki gert upp hug sinn fyrir næstu borgarstjórnarkosningar. ***Svanborg Sigmarsdóttir*** leit því yfir tölurnar til að skoða í hvaða hverfi stjórnmálamenn ættu helst að stefna til að sveigja óákveðna til liðs við sig.

Í þeim skoðanakönnunum sem Fréttablaðið hefur birt í vikunni kemur í ljós að stjórnmálaskoðanir Reykvíkinga geta verið mismunandi eftir hverfum borgarinnar.

Flestir virðast til að mynda óákveðnir sem búa í póstnúmeri 107, tæplega helmingur íbúanna. Tæplega helmingur íbúa póstnúmers 108 segist hins vegar myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn ef boðað yrði til kosninga nú.

Hlutur óákveðinna eftir hverfum er misjafn og ekki þótti úr vegi að skoða á hvaða mið stjórnmálaflokkarnir ættu helst að sækja til að veiða þá sem ekki hafa enn gert upp hug sinn.

Þessir útreikningar eru þó meira til gamans gerðir en að sýna stöðu mála í hverfum, þar sem fáir einstaklingar eru á bak við þær tölur sem hér birtast. Tölur um fylgi miðast við alla svarendur, en ekki bara þá sem tóku afstöðu.

Könnunin var gerð dagana 27. og 28. ágúst. Hringt var í 800 Reykvíkinga, skipt jafnt milli kynja og valið af handahófi úr þjóðskrá. Spurt var: „Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga nú?“



107 KR-hverfið; Vesturbærinn að Seltjarnarnesi. Þarna býr háskólaliðið í bland við blokkirnar úti á Granda. Vinsæl hús við Ægisíðuna og Sörlaskjólið og ekki hefur verið óvinsælla að flytja í skeljasandshús á Melunum með grónum garði. Hér ættu allir að koma sér upp kosningamiðstöð og varla kæmi það að sök að gera tilraun á næsta aðalfundi til að taka yfir stjórn KR. 46 prósent svarenda í þessu hverfi hafa ekki ákveðið sig hvaða flokk þeir vilja kjósa og eru engir íbúar hverfis í Reykjavík jafn óákveðnir og KR-ingar. Sjálfstæðismenn hafa mestan stuðing einstakra flokka (26%), og eins og í öllum öðrum hverfum er Samfylking í öðru sæti. Þau eru þó fá hverfin þar sem jafn fáir gefa sig út fyrir að styðja Samfylkingu (14%). Tvö prósent styðja Frjálslynda, sem og Framsóknarflokk, en helmingi fleiri hafa hjörtu sem slá í takt við vinstri græna. Sex prósent kjósa ekki eða skila auðu.

101 Hérna halda „miðbæjarrotturnar“ sig. Fólk sem hefur það orð á sér að fara helst aldrei út fyrir miðbæinn og stundum er sagt um þessa einstaklinga að þeir telji sig vera komna upp í sveit þegar þeir nálgast Kringluna. Ekkert er fullyrt um það hér hvað sé rétt í því máli. Stuðningur við Frjálslynda flokkinn (2,6%), Samfylkinguna (22,1%) eða Vinstrihreyfinguna – grænt framboð (11,7%) er hvergi meiri en meðal íbúa í póstnúmeri 101. Í engu póstnúmeri er stuðningurinn minni við Sjálfstæðisflokkinn (23,4%), en flokkurinn hefur þar samt mest fylgi stjórnmálaflokkanna. Tæp 34 prósent segjast óákveðin og tæp fjögur prósent segjast ekki ætla að kjósa, skila auðu eða neita að svara. Allir flokkar ættu því að hlúa að íbúum í 101, því atkvæðin gætu fallið á hvaða veg sem er.

105 Norðurmýrin, Holt og Hlíðarnar, sker meðal annars miðbæinn frá Kringlunni. Fáir eru jafn óákveðnir og íbúar þessa póstnúmers. Rúm 37 prósent eru enn í pottinum, 42 prósent með þeim sem neita að svara. Stuðningur við Sjálfstæðisflokk er í minna fallinu í þessu póstnúmeri, sé miðað við önnur hverfi, en rúm 24 prósent segjast myndu kjósa þann flokk. Tæp 20 prósent styðja Samfylkingu og rúm níu prósent Vinstri græna. Engin stuðningsmaður Frjálslyndra gaf sig fram í Norðurmýrinni en rúm tvö prósent vilja Framsókn til valda. Á þessi mið er gott að sækja, hvort sem er með því að dreifa bæklingum á Hlemmi eða hitta rétta fólkið í galakvöldverð í Kringlunni.

104 Laugardalurinn er nokkuð stórt hverfi, þar sem bæði má finna Laugarásinn og Vogana. Í eina tíð var talað um Laugarásinn sem snobbhæð Reykjavíkur, hvað sem það nú er. Í Vogunum aftur á móti ólust upp sumir af núlifandi menningarvitum sem hallast frekar til vinstri í stjórnmálum eins og Einar Már, Einar Kára, Friðrik Þór, Bubbi Morthens og bróðir hans Tolli. Enda kemur í ljós að skoðanir íbúa 104 eru frekar skiptar. Tæp 26 prósent styðja Sjálfstæðisflokkinn, rúmt 21 prósent leggst á sveif með Samfylkingu, en tæp 32 prósent eru óákveðin. Aðrir flokkar eru minni spámenn í hverfinu. Tæp átta prósent segjast myndu kjósa Framsóknarflokk, enginn lýsti sig stuðningsmann Frjálslyndra og eitt og hálft prósent sagði vinstri græna vera sína menn. Rúm tólf prósent ætla að kjósa eitthvað annað, ætla ekki að kjósa eða neita að svara. Margir eru óákveðnir, en líkur eru á að flestir velji á milli Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar.

112 Grafarvogurinn hefur haft það orð á sér að vera skjól sjálfstæðismanna í borg sem stjórnað hefur verið af Reykjavíkurlistanum í ellefu ár. Rúmt 31 prósent íbúanna stendur enn undir því nafni og segist styðja Sjálfstæðisflokkinn. Tæp 17 prósent styðja Samfylkingu, rúm þrjú prósent styðja Vinstri græna og tæp þrjú prósent styðja Frjálslynda flokkinn. Ekki nema tæpt prósent sér framtíðina í Framsókn. Ellefu prósent kjósa ekki eða neita að svara. Flokkarnir vilja þó líklega helst finna þessi rúmu 33 prósent sem eru enn óákveðin. Sagan segir að það hafi ekki bara sjálfstæðismenn flutt í hverfið síðustu árin.

108 Fossvogurinn er traustur og að því er virðist blár. Tæp 45 prósent segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, en rétt tæp tólf prósent eru fylgjandi Samfylkingu. Framsókn og Frjálslyndir fá eitt prósent hvor. Eina ljósglætan í myrkrinu fyrir aðra flokka en Sjálfstæðisflokk er að það eru rúm 31 prósent enn óákveðin og rúm sjö prósent ætla ekki að kjósa eða neita að gefa upp hvað yrði kosið. Fyrir þá flokka sem vilja spila taktískt og hafa ekki úr miklu að spila yrði betra að einbeita sér að öðrum hverfum og spara kraftana.

109 Selja-hverfið er einbýlishúsahverfi Breiðholtsins. Vissulega eru fjölbýlishús inni á milli, en hvar annars staðar í Breiðholtinu yrðu íbúarnir æfir yfir hugmyndum um að tengja hverfið betur við Smáralindina? Eða að reisa fjölbýlishús? Í 109 eru einnig Bakkarnir, undarleg blanda stórra blokka og virðulegra raðhúsa. Stærsti íbúahópurinn er óákveðinn, tæp 39 prósent. Rúmt 31 prósent styður Sjálfstæðisflokk og tæp þrettán prósent Samfylkingu. Jafnmargir, eða rúmt prósent, segjast styðja Framsóknarflokk eða Vinstri græna, en enginn gefur sig fram sem styður Frjálslynda. Einhver óánægja virðist vera í þessu hverfi, því hvergi eru þeir fleiri sem segjast ekki ætla að kjósa eða skila auðu (11,3%). Tæp fjögur prósent neita að svara.

103 Lítið hverfi við Kringluna, þar sem fáir búa. Því tóku mjög fáir frá þessu hverfi þátt í könnuninni. Kringlusvæðið vill oft gleymast í umræðunni og sumir telja jafnvel að þarna sé ekkert nema verslanir, skólar og skrifstofur. Þó að það selji alltaf að kynna sig í verslunarmiðstöðinni sjálfri má ekki gleyma íbúunum. Flestir úr hverfinu segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn (30,8%) en næststærsti hópurinn er óákveðinn (23,1%). Enginn úr þessu hverfi játaði á sig að vilja kjósa Framsóknarflokk eða Frjálslynda flokkinn og þyrftu þeir tveir hópar því verulega að bretta upp ermarnar í 103. Rúm fimmtán prósent segjast myndu kjósa Samfylkingu og tæp átta prósent Vinstri græna. Rúm 23 prósent segjast hins vegar ekki ætla að kjósa, skila auðu eða neita að svara. Sjálfstæðisflokkurinn virðist hafa nokkuð forskot á aðra flokka í þessu hverfi.

„HVAÐA LISTA MYNDIR ÞÚ KJÓSA EF BORGARSTJÓRNARKOSNINGA NÚ?“



Danskennsla
Dansdeild ÍR,
Skógarseli 12, 109 R.
Barnadansar,gömludansarnir,
tískudansar og samkvæmisdansar.
Börn, unglingar og fullorðnir,
Byrjendur + framhald.
Dansráð Íslands
Skoðið heimasíðu okkar
www.ir-dans.com
Símar 662-6900/ 587-7080

110 Árbærinn þótti eitt sinn vera úthverfi Reykjavíkur. Það var fyrir tíma Grafarvogs og Grafarholts. Í Árbænum og uppi við Rauðavatn dreifast kjósendur meira en í flestum öðrum hverfum. Þar ættu því allir flokkar að hafa möguleika á að hala inn eitthvað aukreitis af þeim rúmu 36 prósentum sem eru óákveðin. Rúm 28 prósent segjast styðja Sjálfstæðisflokk, tæp 14 prósent Samfylkingu og tæp níu prósent Vinstri græna. Framsóknarflokkurinn er yfir meðallagi með rúm þrjú prósent og Frjálslyndir sömuleiðis með tæp tvö prósent. Tæp níu prósent kjósa ekki eða neita að svara.

113 Grafarholtið er nýja hverfið í bænum. Hingað til hefur verið nokkuð óljóst hvert hugur hverfisins liggur. Nú er hægt að upplýsa að í engu öðru hverfi segjast fleiri kjósa Framsóknarflokkinn (11,1%). Stærsti hópurinn er fylgjandi Sjálfstæðisflokknum (38,9%). Tæp tvö prósent styðja Vinstri græna, sem og Frjálslynda, og rúm 20 prósent segjast kjósa Samfylkingu. Þó svo að þetta hverfi sé það yngsta í borginni eru íbúarnir ákveðnastir. Einungis rúm 20 prósent hafa ekki gert upp hug sinn. Rúm fimm prósent segjast ekki ætla að kjósa eða neita að svara.

111 Það hefur löngum verið orð á Efra Breiðholti að þar búi villingarnir. Sérstaklega í Fellunum, þó svo að einn og einn hafi svo sem komið frá Hólunum líka. Enginn úr Efra Breiðholti virðist það mikill villingur í pólitík að styðja minni framboðin í borginni, eins og Vinstri græna, Framsóknarflokk eða Frjálslynda. Hvað þá að þeir kjósi eitthvað annað. 30 prósent gefa sig út fyrir að vera sjálfstæðismenn, 15 prósent segjast kjósa Samfylkingu og 20 prósent kjósa ekki eða vilja ekki svara. 35 prósent hafa ekki gert upp hug sinn enn sem komið er og bíða átekta eftir því hvað verður í boði.

ENGIÐ YRÐI TIL

Könnun Fréttablaðsins 27. og 28. ágúst.



ÁHRIFAVALDAR BRYNDÍS ERNSTSDÓTTIR HLAUPARI

Bæði fyrirmyndir og andfyrirmyndir

„Ef ég á að nefna áhrifavald kemur mamma mín fyrst upp í hugann," segir hlauparinn Bryndís Ernstsdóttir. „Hún hefur komist yfir alla erfiðleika í lífinu og verið mér svo góð fyrirmynd í því að maður getur gert það sem maður vill með þrautseigju. Mamma er svo dugleg og fær sínu framgengt hægt og hljótt án þess að troða á öðrum. Ef hún ákveður eitthvað er hún ekkert að básúna það út en einn góðan veðurdag fattar maður að það hefur gerst. Það finnst mér frábær eiginleiki." Fleiri í fjölskyldunni hafa haft áhrif á líf Bryndísar. „Martha systir mín hefur náttúrlega verið mér mikil fyrirmynd. Ég hef elt hana inn í tvær íþróttagreinar. Hún var farin að æfa bæði sund og frjálsar á undan mér og ég hefði ekki valið þessa leið nema af því að hún var mér fyrirmynd. Þar sem íþróttirnar eru nú svo risastór hluti af lífi mínu er óhætt að fullyrða að Martha hafi haft mikil áhrif."

BRIAN TRACY Bryndís tekur hvorki fyrirlesarann Brian Tracy né Barböru Cartland sér til fyrirmyndar.

„Svo er til fólk sem hefur haft anti-áhrif á mann," segir Bryndís. „Til dæmis Barbara Cartland. Hún er erkióvinur allra hamingjusamra sambanda og það fær mig til að snúa mér í hina áttina. Brian Tracy er líka anti-fyrirmynd því hann fékk mig til að átta mig á því að það væri í alvörunni til fólk sem héldi að það öðlaðist hamingju í gegnum peninga og völd," en þegar Bryndís forgangsraðar setur hún fjölskylduna í fyrsta sæti og segir hvorki peninga né völd skipta máli.

FYRIRMYNDIR Í FJÖLSKYLDUNNI Bryndís Ernstsdóttir segir mömmu sína og Mörthu systur vera áhrifavaldar í hennar lífi.



Hátíska, lúxus & arabískar prinsessur

Sautján daga gamalli var **Helgu Björnsson** gefið nafn um borð í skipi á leið til Noregs, þar sem faðir hennar vann við íslenska sendiráðið. Á sama tíma sat afi hennar Sveinn Björnsson á Bessastöðum sem fyrsti forseti lýðveldisins. Utan átta ára viðkomu á Íslandi bjó Helga til fullorðinsaldurs í íslenskum sendiráðum, en seinna varð hún aðalhönnuður tískukóngsins Louis Féraud. ***Þórdís Lilja Gunnarsdóttir*** hitti Helgu í árvissri sumarheimsókn hennar til föðurlandsins.

Á steingráu gólfi Kjarvalsstaða stendur glæsileg Parísardama og dáist að fögrum skúlptúrum. Hún er fínleg, grönn og stelpuleg; íklædd hvítum, svörtum og appelsínurauðum klæðum og frá henni leggur angan af dýru frönsku ilmvatni. Samt svo alíslensk að sjá, enda Íslendingur fyrst og fremst.

„Þegar ég sé landið birtast úr háloftunum finn ég væntumþykjuna streyma um hjarta mitt því Ísland er fjölskyldan mín," segir Helga, sem á hér ættingja og margar góðar vinkonur síðan úr barnæsku.

„Ég var fjórtán ára þegar pabbi tók við embætti í Lundúnum og fimm árum síðar var hann sendur til Parísar, þar sem ég hef búið allar götur síðan," segir Helga en faðir hennar Henrik Björnsson starfaði sem sendiherra í Englandi og Frakklandi og Belgíu síðar.

„Fyrstu fimm árin bjó ég í Noregi og París, en ólst svo upp hér heima á mótandi þroskaárum, sem gerði mig að Íslendingi. Það skipti máli að í útlöndum bjó ég alltaf á íslenskum heimilum þar sem töluð var íslenska, og varð því hvorki Englendingur né Frakki," segir Helga, sem á sínar fyrstu minningar tengdar bernskuárunum í Frakklandi.

„Þegar ég kom aftur þekkti ég strax lyktina og andrúmsloftið. Öfugt við Lundúnir varð ég strax ástfangin af París. Því má segja að pabbi og mamma hafi farið frá mér en ég ekki frá þeim þegar barnsskónum sleit, því ég vildi njóta þess að standa á eigin fótum í heimsborginni þegar þau héldu til Íslands á ný."

„It-girls" Lundúna

Á Englandi eyddi Helga unglingsárunum, á þeim mikla gróskutíma sem Bítla- og blómatímabilið var. Þar vöktu athygli innfæddra glæsilegar íslenskar sendiherradætur fyrir fallegan klæðaburð og framkomu, en Helga og Níní systir hennar voru það sem kalla má „it-girls" Lundúna á sjöunda áratugnum.

„Ætli við höfum ekki vakið mesta athygli fyrir að vera íslenskar en Ísland var sjaldan nefnt á þessum árum. Við vorum vissulega uppteknar af nýjustu tísku og gengumst svolítið upp í því að vera áberandi," segir Helga og skellir upp úr en myndir af þeim systrum birtust oftar en ekki á síðum Lundúnablaðanna.

„Þetta var dásamlegur tími og mikil eftirsjá að fara frá London til Parísar þegar allt var að gerast; Bítlarnir að slá í gegn, Carnaby Street orðið mekka tískunnar og andrúmsloftið hlaðið spennu og fjöri. Bítlarnir bjuggu skammt frá íslenska sendiráðinu og fyrir utan ríkti látlaust brjálæði; æpandi stúlkur og ágengir aðdáendur. Ég fór á tónleika með Bítlunum þegar þeir stóðu á þröskuldi frægðarinnar, en sá þeim annars ekki bregða fyrir í götunni," segir Helga, sem varð æ uppteknari af tískunni þegar á leið.

„Við systurnar vorum duglegar í búðunum, en vorum líka klæddar upp í nýjustu tísku fyrir tímaritin Harpers & Queen þar sem hinn frægi ljósmyndari Norman Parkinson tók af okkur myndir í tískuþátt. Það var eftirminnilegt, en ég átti mér alls enga fyrirsætudrauma," segir Helga. Örlögin ætluðu henni engu síður að setja mark sitt á hátískuna þegar fram liðu stundir. Bara með allt öðrum hætti.

Í sloti Einars Jónssonar

Helga var nítján ára þegar hún hóf nám í innanhússarktektúr og teikningu í París. Fyrir hönd íslenska ríkisins hafði Henrik faðir hennar keypt glæsihöll á Avenue Foch þar sem fjölskyldan undi við líf og störf. Listagenin eru Helgu meðfædd en ömmubróðir hennar var meistari Einar Jónsson, mestur íslenskra myndhöggvara.

„Ég man vel eftir Einari og Önnu mágkonu, eins og amma kallaði hana, en þau heimsóttum við oft í listasafnið og sumarhús þeirra á Galtafelli í Árnessýslu, þar sem þau amma voru fædd og uppalin. Húsin voru tvö, kölluð Slotið og Kotið, en annað var svefnhús og hitt eldhús og stofa. Einar teiknaði þau sjálfur og í Kotinu var lokrekkja sem mig dreymir enn um að sofa í, luktum tjöldum," segir Helga, sem í tvö sumur var send í sveit austur í Hreppa, ásamt systur sinni Níní.

„Við vorum voðalega litlar sveitastelpur í okkur og vorum mest í því að læra nöfn blómanna með ömmu, en hefði þótt meira gaman ef við hefðum fengið að mjólka kýrnar og raka túnin. Okkur þótti spenvolg mjólkin vond og vistin ekki skemmtileg. Höfum líklega verið of mikil borgarbörn í okkur, þótt ég unni náttúrunni heitt og finnist yndislegt að njóta hennar á minn hátt," segir Helga, sem kann best við sig í kjörnum stórborga, enda uppalin við heimsmenningu í túnfætinum heima.

„Auðvitað voru árin í sendiráðunum hálfgert hefðarlíf og mikill lúxus þegar maður lítur til baka. Maður hafði það gott og oft mjög gaman í boðunum sem við systkinin vorum látin sitja, en aðallega leið manni svo vel með þabba og mömmu," segir Helga og brosir blítt.

Andagift Louis Féraud

Í arkitektúrnáminu leiddist Helgu fljótt að teikna beinar línur og sitja við útreikninga. Í módelteiknun undi hún sér best og fór að dunda við að klæða nakin módelin í hvers kyns fatnað á pappírnum.

„Upp frá því valdi ég fatahönnun sem sérgrein, en þar sem mér hefur aldrei þótt gaman að sauma sleppti ég námi í saumi og sniðum. Meðan ég var í námi var mér fyrir tilviljun komið í samband við Louis Feraud. Ég þekkti þá aðeins stóru nöfnin: Dior og Chanel, en hafði ekki hugmynd um þennan mikla tískukóng Frakka. Bíðandi eftir atvinnuviðtali sat ég og vænti þess að vera boðið inn í konungleg salarkynni þar sem tískukóngurinn sæti, en á meðan sveimaði einhver karl í kringum mig og vildi ólmur að ég sýndi honum möppuna mína. „Ég er að bíða eftir Louis Feraud," sagði ég og greip enn fastar um möppuna mína. Þá fór hann að hlæja og ég skildi að karlinn væri Feraud sjálfur," segir Helga og hlær að minningunni.

Louis Feraud réði Helgu á staðnum, fyrst til reynslu en þegar yfir lauk hafði Helga starfað í tvo áratugi fyrir þennan meistara hátískunnar, lengst af sem hans aðalhönnuður og andagift.

„Ég hannaði fatnað, skartgripi og fleira undir merki Louis Feraud og hafði afar frjálsar hendur. Feraud var ekki hönnuður sjálfur en með fagurt auga fyrir listum og tísku. Því skapaði hann ekkert sjálfur en dró að sér fólk sem honum líkaði við til að skapa tískuna. Þannig hafði hann auga með hlutunum án þess að skipta sér mikið af," segir Helga, sem varð vel til vina við tískukónginn.

„Mér þótti afar vænt um hann og við vorum mjög góðir vinir; alltaf betri og betri með árunum. Hann skildi mig vel og ég skildi hann stundum. Hann var sérstakur og einn af þeim afar fáu í þessum bransa sem ekki eru fyrir karlmenn. Feraud var mjög mikil manneskja og þægilegur yfirmaður sem leyfði fólki að njóta sín. Það var því ekki að ástæðulausu sem ég ílengdist hjá honum, en eftir að hann lést 1999 hætti ég í kjölfarið," segir Helga alvarleg í bragði.

Kjólar á arabískar prinsessur

Síðan Louis Feraud lést hefur tískuveldi hans hnignað hratt en fjölskyldan seldi merkið aðilum sem kunnu lítt til verka í fræðum hátískunnar. Sjálf hefur Helga fengist við margvíslega hönnun á eigin forsendum og er með margt í deiglunni.

„Núna er ég að vinna að tískulínu fyrir New York ásamt indverskri konu sem ég starfaði með í Indlandi fyrir Feraud. Þar blandast saman íslensk, frönsk og arabísk áhrif. Þá er ég að hanna borðbúnað og hef mikinn áhuga á slíkri hönnun, en hjá Feraud fékkst ég einnig við slíkt. Ég hef alltaf hannað mikið af skartgripum og undanfarið unnið skartgripi og boli fyrir Gerðarsafn í Kópavogi," segir Helga, sem einnig sér um fataskápa kvenfólks í sádi-arabísku konungsfjölskyldunni.

„Ég hanna kjóla fyrir arabískar prinsessur, sem er framhald af hátískunni. Þá gerum við nákvæmlega eins, notum sama fólkið til að sauma og hanna skartgripi og fylgihluti, eins og fyrir tískusýningar. Prinsessurnar hafa efni á að kaupa sér fokdýra hátískuvöru, en vilja ekki alltaf versla við dýru tískuhúsin. Þetta hefur verið ögrandi og skemmtilegt verkefni; þær eru ekki allar í vextinum eins og ofurfyrirsætur, sumar breiðar og feitlagnar, en þeim mun meiri verðlaun að sjá þær alklæddar fallegri hönnun og líta glæsilega út," segir Helga, sem hannar brúðarkjóla í eigin nafni.

Ástin og lífið

Helga býr í 8. hverfi Parísar, sem er rétt hjá Elysee-forsetahöllinni. Hún er í eðli sínu bóhem, eilítið uppreisnargjörn og hefur alltaf farið eigin leiðir. Dótturina Gígju eignaðist hún í sambandi sem ekki var dæmt til að endast, en hún hefur aldrei giftst.

„Ástina finnur maður ekki í tískubransanum því þar eru flestir karlmenn hýrir og veruleikinn oft yfirborðslegur, en ég held að það sé erfitt að finna ástina yfirleitt. Kannski hef ég ekki leitað nóg, eða leitað að einhverju sem ekki er til. Ég er þakklát að hafa orðið barns auðið því það er öllum mikilvægt að eignast sína eigin fjölskyldu, auk þess sem maður fær nóg af því að hugsa alltaf og eingöngu um sjálfan sig," segir Helga brosmild, en Gígja dóttir hennar er mikill Íslendingur þótt hún hafi aldrei búið hér heima.

„Okkur langar báðar að vera hér á Íslandi og ég hef mikinn áhuga á að vinna meira hér heima. Uppáhaldið mitt er búningahönnun, en síðast vann ég að slíku fyrir Þjóðleikhúsið. Mér fannst það æðislegt því stemningin minnir á tískusýningarnar í París þar sem ríkir spenningur og tímapressa, en ég er dæmigerður Íslendingur að því leyti að þrífast best þegar ég þarf að keppa við klukkuna og vinna dag og nótt. Í leikhúsi, líkt og á tískusýningum, þarf að huga að hári, förðun, skarti, sviði og leiktjöldum, en einnig sögu, persónum og leikurum," segir Helga og ber Íslendingum vel söguna.

„Áður fyrr var kapp í Frökkum og rólegri taktur í Íslendingum, en þetta hefur alveg snúist við. Nú eru Frakkar orðnir aðeins of rólegir í tíðinni, en Íslendingar uppfullir af sköpunarkrafti. Því langar mig æ meira í góða andann hér og hreina orkuna," segir Helga glaðbeitt en með söknuði áður en hún heldur heim til Parísar á ný.

Louis Féraud dáði konur

Louis Féraud fæddist í Arles í Suður-Frakklandi árið 1920. Hann sagði upp starfi sínu sem skíðakennari í Ölpunum til að stofna tískuverslun fyrir ríka og fræga fólkið í Cannes árið 1955, en kjörorð hans var ***„Louis Féraud adore les femmes“*** eða „Louis Féraud dáir konur“. Ári síðar opnaði hann hátískuhús í París þar sem hann kynnti fyrstu tískulínuna undir sínu nafni.

Verslunin í Cannes varð fljótt eftirlæti heitustu kvikmyndastjarna, en hönnun Férauds vakti heimsathygli eftir að franska ***kynbomban Brigitte Bardot*** kom við í búðinni og keypti á sig stelpulegan hvítan sumarkjól. Blaðamenn og ljósmyndarar eltu Bardot á röndum og næstu daga mátti sjá ógrynni kvenna ganga upp og niður Cote d'Azur í hvíta kjólnum hans Férauds. Alls seldi hann 500 slíka á innan við viku.

Brigitte Bardot hélt áfram að girnast klæði Férauds og fékk hann til að hanna á sig föt í flestar kvikmynda sinna. Fleiri leikkonur féllu fyrir skvísulegri hönnun Férauds, og klæddist leikkonan ***Joan Collins*** hátískuflíkum Férauds í sjónvarpsþáttunum Dynasty og Dallas. Meðal dyggra viðskiptavina voru leikkonurnar ***Catherine Deneuve, Kim Novak, Ingrid Bergman*** og ***Jane Fonda***, en þess má geta að ***Díana prinsessa*** klæddist oft ofurkvenlegum fatnaði Férauds, sem og ***Danielle Mitterrand***, fyrrum forsetafrú Frakklands.

Louis Féraud var fyrst og fremst listamaður. Auk þess að hafa einstakt auga fyrir hátísku voru brúðarkjólar, borðbúnaður og skartgripir hannaðir undir hans merki, en sjálfur málaði hann allt sitt líf, einkum landslag, blóm og naktar konur. Málverkin voru jafnan sýnd og seld í París og New York. Þá hannaði hann nokkra ilmi fyrir bandaríska snyrtivörurisann Avon og átti í samstarfi við aðra hönnuði; eins og ***Daniel Hechter*** og ***Jean-Louis Scherrer***.

Sjálfur sagði hann frumkraftinn sprottinn af þeirri löngun sinni að gleðja konur og gera þeim til hæfis.

Féraud veiktist af Alzheimer í ársbyrjun 1995 og andaðist á heimili sínu í París fjórum árum seinna, þá 79 ára gamall. ***Einkadóttirin Kiki*** tók við rekstri tískuhússins þegar faðir hennar veiktist, en árið sem hann lést var fyrirtækið selt þýska fyrirtækinu Secon.

Dansfatnaður frá **Danskin**
fæst nú í **Útilíf** Smáralind!

SMÁRALIND SÍMI 545 1550

ÚTILÍF

Heyrst hefur ...

... að Guðni Rúnar Helgason muni spila tvo síðustu leiki Fylkismanna í Landsbankadeild nú þegar Þorlákur Árnason er hættur að þjálfa liðið. Guðni Rúnar hætti að spila fyrir tveimur leikjum síðan eftir ósætti við Þorlák en ætlar nú að klára tímabilið undir traustri stjórn þeirra Jóns Sveinssonar og Sverris Sverrissonar.

sport

sport@frettabladid.is

ÁSGEIR SIGURVINSSON OG EIÐUR SMÁRI: BÚAST VIÐ GRÍÐARLEGA ERFIÐUM LEIK Í KVÖLD

Eiður Smári sættir sig ekki við jafntefli

Ásgeir Sigurvinsson landsliðsþjálfari og Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði eru sammála um að króatíska liðið sem mætir því íslenska í dag í undankeppni HM sé það sterkasta sem hefur mætt á Laugardalsvöllinn í langan tíma. Ásgeir gengur jafnvel svo langt að segja Króata með sterkara lið en Svía, sem burstuðu Íslendinga hér heima í fyrra, 4-1. „Króatar unnu Svía á útivelli og eru efstir í riðlinum, svo að það segir allt um getu þeirra," segir Ásgeir en ítrekar að liðið sé ekki ósigrandi. „Við verðum að eiga toppleik til að ná góðum úrslitum og það er það sem við erum að stíla inn á. Þeir munu líklega stjórna leikn-

um en við ætlum að reyna að loka svæðum og ekki gefa þeim neinn frið með boltann," segir Ásgeir.

Eiður hefur ekki fengið tækifæri með Chelsea í síðustu leikjum en kveðst engu að síður í toppformi - og hungraður í að spila. „Mér finnst landsliðið hafa verið að spila mjög vel í síðustu leikjum og við byggjum á því," segir Eiður, sem var ekki með í fyrri leiknum í Króatíu vegna meiðsla en þá tapaði Ísland 4-0. Hann þekkir engu að síður vel til króatíska liðsins.

„Í liðinu er leikmenn sem ég hef mætt í Meistaradeildinni. Þetta eru gæðaleikmenn. Fyrri leikurinn tapaðist fyrst og fremst á föstum leikatriðum en þau eiga að vera í lagi núna. Þar að auki erum við líka með fína leikmenn svo að ég hef ekki áhyggjur," segir Eiður, sem ævinlega setur markið hátt og vill ekki meina að jafntefli yrðu viðunandi úrslit í kvöld. „Ég er aldrei sáttur með stig. Ég er vanur að setja markmiðin eins hátt og hægt er og þessi leikur er engin undantekning."

> Við hvetjum ...

... íslenska íþróttaáhugamenn til þess að fjölmenna á landsleiki dagsins, fyrst klukkan 14.00 í Keflavík þar sem körfuboltalandsliðið tekur á móti Dönum í einum af úrslitaleikjum síns riðils og svo klukkan 18.05 á Laugardalsvöllinn þar sem eitt besta landslið Evrópu, Króatía, mætir íslenska liðinu.

> Við vonumst til ...

.... að Eiður Smári Guðjohnsen nái að skora sitt fyrsta mark á keppnistímabilinu 2005-06 þegar Ísland mætir Króatíu á Laugardalsvellinum í dag. Eiður er nú búinn að spila níu leiki og í samtals 488 mínútur með Chelsea og íslenska landsliðinu án þess að ná að komast á blað.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

31 1 2 3 4 5 6

Laugardagur

LEIKIR

- 14.00 Landsleikur **Íslands** og **Danmerkur** í körfubolta í íþróttahúsinu í Reykjanesbæ.
- 18.05 **Ísland** og **Króatía** mætast í undankeppni HM á Laugardalsvelli.

SJÓNVARP

- 10.50 **Formúla 1** á RÚV.
- 13.50 **Undankeppni HM í Fótbolta.** Beint frá leik **Wales og Englands**.
- 13.50 **Landsleikur Íslands og Danmerkur** í körfubolta í beinni útsendingu á RÚV.
- 17.55 **Landsleikur Íslands og Króatíu í undankeppni HM í fótbolta í beinni útesendingu** á RÚV.

skóli lífsins
www.ckari.com kari@ckari.com

NLP Námskeið
Neuro - Lingustic - Programming

- Er sjálfstraustið í ólagi?
- Langar þig í betri líðan?
- Finnst þér að fáir skilji þig?
- Er eitthvað í fari þínu sem að þú vilt vinna bug á?
- Finnst þér að öðrum gangi betur í lífinu en þér?
- Gengur illa að klára verkefni sem þú byrjar á?
- Finnst þér erfitt að höndla gagnrýni?

Með NLP aðferðum getur þú auðveldlega breytt lífi þínu og skapað þína eigin framtíð. NLP er notað af fólki um allan heim sem hefur náð frábærum árangri í lífinu

Námskeiðið fer fram virka daga frá 26. september til 7. október frá kl 18-22

Leiðbeinandi: Kári Eyþórsson MPNLP.
Upplýsingar í síma: 894-2992
Netfang: kari@ckari.com

Nánari upplýsingar um NLP má finna á: www.ckari.com

Við ofurefli að etja í gær

Íslenska U-21 árs liðið var einu númeri of lítið fyrir jafnaldra sína frá Króatíu sem lögðu þá mjög sanngjarnt, 2-1, á KR-vellinum í undankeppni EM.

FÓTBOLTI Sigur Króata var í raun aldrei í hættu og Íslendingar geta þakkað markverði sínum, Ingvari Þór Kale, fyrir að hafa ekki tapað leiknum stærra en hann varði oft á tíðum frábærlega.

Gestirnir tóku völdin strax í byrjun og sóknir þeirra þyngdust með hverri mínútu sem leið. Íslenska liðið varðist vel til að byrja með en glufur sáust fljótlega á vörninni og sérstaklega gekk Króötum vel að komast fyrir aftan bakverði íslenska liðsins. Stíflan brast á 32. mínútu þegar Da Silva skoraði gull af marki með glæsilegu skoti.

Eina færi Íslands kom á 25. mínútu en varnarmaðurinn Tryggvi Bjarnason náði ekki að gera sér mat úr óvæntu færi sem kom upp úr engu.

Íslenska liðið var hrætt við að sækja í fyrri hálfleik en allt annað var uppi á teningnum í upphafi síðari hálfleiks þegar íslenska liðið setti það króatíska óvænt undir mikla pressu. Það var því eins og köld tuska í andlit íslensku strákanna þegar Da Silva fiskaði víti sem dæmt var á Davíð Þór Viðarsson. Luka Modric skoraði öruggglega úr vítinu.

Emil Hallfreðsson minnkaði muninn fyrir Ísland tveim mínútum fyrir leikslok með marki úr vítaspyrnu sem Eyjólfur Héðins-

GÓÐIR SAMAN Í VÖRNINNI Tryggvi Bjarnason (5) og Sölvi Geir Ottesen (6) áttu góðan leik í íslensku vörninni gegn geysisterku liði Króata á KR-vellinum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

son fiskaði er hann skaut boltanum í hönd eins varnarmanna Króata. Lengra komst íslenska liðið ekki.

Leikur íslenska liðsins var á köflum ágætur en við ofurefli var að etja að þessu sinni þar sem króatíska liðið er ógnarsterkt og vel spilandi. Miðverðirnir Tryggvi Sveinn og Sölvi Geir áttu mjög góðan leik en það sama verður ekki sagt um bakverðina, Gunnar Þór og Steinþór, sem voru mjög daprir. Davíð Þór hélt sínu vel en sóknarmennirnir voru slakir enda skapaði íslenska liðið ekki eitt einasta almennilega færi í leiknum.

„Þetta er gríðarlega sterkt lið og sigur þeirra var sanngjarn," sagði Eyjólfur Gjafar Sverrisson, þjálfari íslenska liðsins. „Framherjar Króata sköpuðu mikinn usla og færslurnar okkar í vörninni voru seinar. Þeir rústuðu okkur á köflum og það var lítið við þessu tapi að segja. Strákarnir gáfu samt sitt og ég veit þeir lærðu mikið af þessum leik."

henry@frettabladid.is

Íslenska körfuboltalandsliðið mætir Dönum í Evrópukeppninni á morgun:

Höfum aldrei æft svona lengi og vel saman

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson og félagar hans í íslenska körfuboltalandsliðinu mæta Dönum í Keflavík í dag klukkan 14 í mikilvægasta leik síðari ára en hann getur haft úrslitaáhrif um hvaða lið vinnur riðilinn og fær í kjölfarið möguleika á að vinna sér sæti meðal A-þjóða.

Spenntur fyrir leiknum

„Ég er mjög spenntur fyrir þessum leik eins og allir í hópnum. Við erum búnir að æfa vel í allt sumar og erum nýkomnir úr vel heppnuðum æfingaferðum til Hollands og Kína. Við höfum aldrei æft jafn vel og lengi saman og í sumar, þannig að ég trúi ekki öðru en að menn verði vel stemmdir í þennan leik," sagði Jón Arnór Stefánsson í samtali við Fréttablaðið í gær, en íslenska liðið er sem stendur í öðru sæti riðils síns og þarf helst að vinna Dani með yfir tíu stiga mun til að hafa betur í innbyrðisviðureignum liðanna.

Hávaxnir og sterkir

Sigur á Dönum eykur möguleika liðsins á að ná takmarki sínu um að komast í A-deildina evrópsku, eða upp um einn styrkleikaflokk. Fram undan er síðan leikur gegn Rúmenum á útivelli um næstu helgi en öll

HVAÐ HELDUR ÞÚ, EIGUM VIÐ MÖGULEIKA? Jón Arnór Stefánsson og Sigurður Ingimundarson, þjálfari íslenska körfuboltalandsliðsins, velta fyrir sér leikjunum við Dani á blaðamannafundi í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þessi þrjú lið eiga möguleika á að tryggja sér sigur í riðlinum.

„Danska liðið er með hávaxna og sterka leikmenn sem eru erfiðir við að eiga og svo er bakvörðurinn Christian Drejer sem spilar með Barcelona líka mjög góður. Við erum með Friðrik og Hlyn Bærings undir körfunni og ég held að þeir nái alveg að halda þessum stóru mönnum í skefjum. Við áttum að vinna leikinn í Danmörku og erum því staðráðnir í að bæta fyrir það með því að taka þá núna. Við höfum fulla trú á því að við getum það," sagði Jón Arnór, sem spilar í dag sinn fyrsta og eina leik á Íslandi á þessu ári. Jón Arnór mun spila með ítalska liðinu Pompei Napoli í vetur eftir að hafa verið með Dynamo í Rússlandi í fyrravetur.

Ferðir verða á leikinn frá Smáranum og fara rúturnar klukkan 12.30. Búist er við fjölmenni enda er leikurinn í miðri Ljósahátíð Reykjanesbæinga og því borgar sig að mæta snemma í Íþróttahúsið við Sunnubraut í kvöld. **- bb**

SONY

Hugsaðu stórt!

KEP42M1SI
42" Sony Plasma sjónvarp
299.950 krónur
RDR-GX210S fylgir frítt með.

KLV-30HR3S
30" Sony LCD sjónvarp
199.950 krónur
RDR-GX210S fylgir frítt með.

Fáðu þér veggsjónvarp og DVD upptökutæki fylgir!

Fylgir með!
DVD upptökutæki
44.950 kr.

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

STUÐ MILLI STRÍÐA : Læri að sætta mig við það óumflýjanlega

SÓLEY KALDAL HELDUR ÚT Í VETURINN MEÐ BROS Á VÖR.

MYND: HELGI SIGURÐSSON

Þegar ég var lítil elskaði ég vetur og snjó því þá gat maður farið á skíði, rennt sér á snjóþotu, ærslast í snjóslag og byggt snjóhús. Ég var allan daginn að ólmast í Laugardalnum, sem breyttist í ævintýraheim þegar snjórinn kom, dúðuð í snjógalla og með lúffur. Sumarið var ekki nærri því jafn skemmtilegur tími því þá voru allir krakkarnir í sveitinni eða útlöndum og mýrin í dalnum gerði mann að einu drullustykki á örskotsstundu.

Þessi vetrarástríða mín hefur heldur betur horfið með árunum og eftir situr aðeins kvíði og leiði yfir níu mánuðum af myrkri og kulda. Það er hægara sagt en gert að skella sér í snjógallann á milli þess sem maður hleypur frá einu húsi í annað á háskólalóðinni, fyrir utan það að heila ferðatösku þyrfti undir hafurtaskið sem fylgdi manni væri hlífðarfatnaðurinn í takt við veðrið.

Í staðinn læt ég mig hafa það að hristast af kulda heilu og hálfu daganá einni aumri úlpu og barma mér svo enn frekar yfir þurrum, frostbitnum vörum og rafmögnuðu hári. Svo er kuldinn ekki einu sinni það versta, því myrkrið er farið að fara ískyggilega með geðheilsu mína sem nær algjöru lágmarki í janúar með tilheyrandi fýlu og aðgerðarleysi.

Þetta árið ætla ég ekki að láta veturinn sigra mig og er þegar byrjuð að undirbúa mig andlega og líta á björtu hliðarnar. Ég ætla að reyna að vera dugleg að kveikja á kertum því fátt er friðsælla en kertaljós í myrkri. Ég ætla að fara oftar í heita pottinn minn þar sem er frábært að liggja og skoða stjörnurnar á heiðskírum kvöldum. Ég ætla að vera duglegri að kveikja í arninum sem aldrei er notaður, bjóða vinum oftar í mat og skella mér síðan einu sinni eða tvisvar í „sumarbústað“.

Ef þetta dugar ekki get ég alltaf huggað mig við það hvað ég á einstaklega góða að: bestu mömmu í heimi, yndislegan kærasta, frábær systkini og góða vini.

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

PÚ OG PA

Eftir SÖB

KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

4	9	6	2	3	5	1	7	8
2	3	8	7	4	1	9	5	6
5	7	1	9	8	6	4	2	3
8	5	4	1	6	7	3	9	2
7	6	9	8	2	3	5	1	4
3	1	2	4	5	9	8	6	7
6	2	3	5	9	4	7	8	1
9	8	7	3	1	2	6	4	5
1	4	5	6	7	8	2	3	9

	9		2				7	8
	3	8		4		9		
5					6		2	
		4		6	7		9	2
		9		2		5		
3	1		4	5		8		
	2		5					1
		7		1		6	4	
1	4				8		3	

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom

ROBBIE WILLIAMS Söngvarinn Robbie Williams gefur á næstunni út plötuna Intensive Care.

Nýtt lag frá Robbie

Nýtt lag af væntanlegri plötu breska popparans Robbie Williams fer í spilun hér á landi á mánudag. Lagið heitir Tripping og er samið af Robbie og Stephen Duffy. Er það tekið af væntanlegri plötu Robbie, Intensive Care, sem kemur út 24. október.

Á síðasta ári kom út platan Greatest Hits með vinsælustu lögum Robbie Williams og varð hún söluhæsta erlenda platan hér á landi. Hún hefur nú selst í 6.500 eintökum. ■

Móðir B.I.G. skrifar bók

Voletta Wallace, móðir rapparans **B.I.G.**, hefur ákveðið að gefa út bók um líf sonar síns sem ber heitið *Biggie: Voletta Wallace remembers her son, Christopher Wallace, a.k.a. Notorious B.IG.*. „Ég kenndi Christopher að kunna að meta lífið og að meta hvern einasta dag. Christopher var maður með samvisku og hann var alinn upp sem kristinn maður. Ég held að ég sé stoltust af því hve góðhjartaður sonur minn var," segir stolt móðir þessa mikilsmetna listamanns.

Áætlaður útgáfudagur bókarinnar er 25. október. ■

ego dekor
BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
201 KÓPAVOGUR
Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00

ego dekor
Vandað leðursófasett - ítalskt leður
3+1+1
Verð áður: 256.000.-
Verð nú: 179.200.-
3+2
Verð áður: 242.000.-
Verð nú: 169.400.-
Romantiqe sófaborð
(120cm x 70cm)
Verð áður: 32.000.-
Verð nú: 19.200.-

Útsölulok
20-70% afsláttur

ego dekor
TV skenkur
Verð áður: 32.000.-
Verð nú: 19.200.-

ego dekor
Sjónvarpsskápur, tekur 33" tæki
Verð áður: 79.000.-
Verð nú: 39.500.-

hönnun: www.pixill.is

GOTT FÓLK McCA

SÖGUR AF FÓLKI
Í umsjón Róberts Marshall.
Á Talstöðinni alla laugardaga kl. 13.
!
90,9

Meistari Kjarval 120 ára

Klukkan 15 í Gerðarsafni í dag verður opnuð sýning sem ber heitið Meistari Kjarval 120 ára. Á aldarafmæli Jóhannesar Kjarval 15. október 1985 opnuðu hjónin Þorvaldur Guðmundsson og Ingibjörg Guðmundsdóttir sýningu á verkum meistarans úr einkasafni sínu í sýningarsal í Háholti í Hafnarfirði. Safn þeirra hefur verið í vörslu Gerðarsafns síðastliðin fjögur ár og Kjarvalssýningin nú er haldin í tilefni þess að í ár eru 120 ár liðin frá fæðingu meistarans. Verk Kjarvals í safni þeirra hjóna skipta tugum og mun láta nærri að þar megi finna myndir frá flestum árum á ferli hans.

Á sýningunni Meistari Kjarval 120 ára eru bæði stórbrotin landslagsmálverk og fantasíur auk nokkurra frábærra mannmynda. Og síðast en ekki síst eru þar sýndar öndvegisteikningar eftir þennan höfuðsnilling íslenskra teiknara.

Sýningunni lýkur sunnudaginn 2. október. ■

menning

menning@frettabladid.is

ÞÝSKUNÁMSKEIÐ
GOETHE ZENTRUM
GOETHE-INSTITUT
www.goethe.is
551 6061



STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00 **Klaufar og kóngsdætur** sun. 4/9 kl. 14:00, sun. 18/9 kl. 14:00, sun. 25/9 kl. 14:00. **Edith Piaf** lau.3/9, sun. 18/9, fim. 22/9, fös. 23/9, lau. 24/9. **Kirsuberjagarðurinn – gestasýning** fim. 8/9, fös. 9/9. **Að eilífu – gestasýning** lau. 10/9, sun. 11/9. **SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00** **Rambó 7** lau. 3/9, fös. 11/9, lau. 12/9. **LITLA SVIÐIÐ KL. 20:00** **Koddamaðurinn** fim. 8/9, fös. 9/9, lau. 10/9, sun. 11/9.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Miðasalan er opin kl. 12:30-18:00 mánudaga og þriðjudaga. Aðra daga kl.12:30- 20:00. **Símapantanir** frá kl. 10:00 virka daga. midasala@leikhusid.is. **Sími 551-1200. Miðasala á netinu:**
www.leikhusid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ
KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Í dag 3/9 kl 14, Su 4/9 kl 14, Su 11/9 kl 14, Su 18/9 kl 14

HÖRÐUR TORFA LENGI LIFI
Ýmsir listamenn leika lög eftir Hörð í tilefni 60 ára afmælis listamannsins.
Lau 10/9 kl. 21

KYNNING LEIKÁRSINS
Leikur, söngur, dans og léttar veigar
Su 11/9 kl 20
Opið hús og allir velkomnir

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN
REYKJAVIK DANCE FESTIVAL
Nútímadanshátíð
1.-4. September
Í dag 3/9 kl 15 og 17 Videoverk í Regnboganum
Su 4/9 kl 14 Heima er best-barnasýning kr. 800
Kl 20 Who is the horse, Love story
Almennt miðaverð kr 2000
Passi á allar sýningarnar kr 4000

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Í kvöld 3/9 - kl 20, **UPPSELT,** Fi 8/9 kl. 20, Fö 9/9 kl 20, Lau 10/9 kl 20, Su 11/9 kl 20 **UPPSELT,** Fi 15/9 kl. 20

Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

Endurnýjun áskriftarkorta er hafin!
Sala nýrra áskriftarkorta hefst laugardaginn 3. september
- Það borgar sig að vera áskrifandi -

Starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefst í dag

Sinfóníudagurinn er í dag, en milli klukkan 13 og 16 býður Sinfóníuhljómsveit Íslands öllum í heimsókn í Háskólabíó. Heimboðið markar upphaf fjölbreytts starfsárs Sinfóníuhljómsveitarinnar.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS Starfsár sveitarinnar hefst í dag með fjölskyldudegi í Háskólabíói milli klukkan 13 og 16.

Milli klukkan 13 og 16 í dag boðar Sinfóníuhljómsveit Íslands til sérstaks Sinfóníudags. Markar hann upphaf starfsárs Sinfóníuhljómsveitarinnar en ítarlegur bæklingur með dagskrá sveitarinnar 2005-2006 kom út í vikunni.

Dagskráin á Sinfóníudeginum er helguð fjölskyldunni, Bárður og Birta úr Stundinni okkar verða á svæðinu og boðið verður upp á ljúfar veitingar auk þess sem Sinfóníuhljómveitin stígur á stokk og leikur fyrir gesti. Leikið verður verkið Fanfare for the common man eftir Aaron Copland og Forleikur, Girl Crazy eftir George Gershwin auk áður óþekkts verks eftir mann sem hugsanlega er afkomandi Johanns Sebastians Bach, P.D.Q. Bach, og heitir Overture for a really big orchestra. Víkingur Heiðar Ólafsson pianóleikari leikur svo Pianókonsert nr. 2 eftir Dímítrí Sjostakovitsj.

Dagskrá Sinfóníuhljómsveitarinnar 2005 til 2006 er afar fjölbreytt og vönduð að vanda.

„Við höldum áfram með Sjostakovitsj-hringinn svokallaða en Rumon Gamba hratt hringnum af stað árið 2002. Í ár verða leiknar fjórar sinfóníur Sjostakovitsj, frá nr. 8 til 11. Árið 2006 markar tímamót því þá eru 250 ár liðin frá fæðingu Mozarts og verða þrennir tónleikar tileinkaðir honum vegna þess. Hamrahlíðarkórinn mun svo taka þátt í flutningi á Sálumessu Mozarts en að hlusta á messuna er nokkuð sem maður verður að gera endrum og eins til að halda geðheilsunni," segir Sváfnir Sigurðarson, kynningarstjóri hjá Sinfóníuhljómsveitinni.

„Af léttari viðburðum verður skemmtilegt að sjá Eivöru Pálsdóttur og Ragnheiði Gröndal syngja íslenskar dægurperlur í útsetningu Hrafnkels Orra Egilssonar á tónleikum í apríl. Í febrúar verður flutt stytt útgáfa af söngleik Jeffs Wayne, War of the Worlds, sem gerður var upp úr sögu H.G. Wells, og verður Jóhann Sigurðarson í hlutverki sögumannsins sem Richard Burton gerði eftirminnilegt á plötunni sem gefin var út árið 1978," segir Sváfnir.

Af öðrum viðburðum starfsársins hjá Sinfóníuhljómsveitinni ber að geta þess að fjölskyldutónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar, Tónsprotinn, halda áfram og verða fjórir tónleikar á árinu í þeirri röð. Afmælistónleikar til heiðurs Jóni Nordal tónskáldi verða haldnir 9. mars þar sem fluttir verða fjórir konsertar Jóns frá ólíkum skeiðum í tónsköpun hans.

Fræðast má nánar um dagskrá starfsársins 2005-2006 hjá Sinfóníuhljómsveitinni á vefsíðunni www.sinfonia.is. ■

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

31 1 2 **3** 4 5 6

Laugardagur

TÓNLEIKAR

☐ 16.00 **Aladár Rácz**, píanóleikari á Húsavík, leikur Goldberg-tilbrigðin eftir Johann Sebastian Bach í **Ketilhúsinu** Akureyri.

☐ 20.00 Tónleikar með hljómsveitunum **Pan**, **The Telepathetics** og **We Made God** í Hellinum, **Tónlistarþróunarmiðstöðinni** upp á Granda. Húsið opnar klukkan 20:00, 500 krónur inn.

☐ 21.00 Tónleikar í **Borgarleikhúsinu** til heiðurs **Herði Torfasyni** sextugum.Yfirskrift tónleikanna er: **Hörður Torfa lengi lifi...** Fjölmargir tónlistarmenn koma þar fram og flytja lög af löngum ferli Harðar. Meðal annars: Bergþór Pálsson,Andrea Gylfadóttir, Fræbbblarnir, Grafík, og Magnús Eiríksson.

☐ 22.00 Hljómsveitin **KARMA** heldur uppi dúndrandi stemmningu á **Vélsmiðjunni** á Akureyri.

☐ 22.00 Hljómsveitirnar **Hanoi Jane** og **Dýrðin** halda tónleika á **Bar 11**, Laugavegi 11. Ókeypis er inn.

☐ 23.00 Reggísöngvarinn **Robert Athill** ásamt **Nils Törnqvist**, **Micke Svensson**, **Klas Ericsson** og **Petter Winnberg** leika Roots reggí af bestu gerð á **Gauki á Stöng**. Aðgangseyrir 500 kr.

OPNANIR

☐ 13.00 **HANDVERK OG HÖNNUN** opnar sýningu í **Hafnargötu 50** Reykjanesbæ. Sýningin er opin frá 13.00 til 18.00 og lýkur 11. september 2005

☐ 15.00 Sýningin **Meistari Kjarval 120 ára** opnar í **Gerðasafni**.

☐ 15.00 Opnun sýningarinnar **Íslensk Myndlist 1945-1960-Frá abstrakt til raunsæis** í **Listasafni Íslands**. Sýningin er fjórða sýning safnsins í sýningarröð sem er ætlað að gefa yfirlit um þróun myndlstar á Íslandi innan afmarkaðra tímabila frá aldamótunum 1900.

☐ 15.00 **Björn Lúðvíksson** opnar sýningu í **Listasetrinu Kirkjuhvoli**, Akranesi. Sýninguna nefnir hann **Vírus** Myndirnar eru flestar unnar með spray brúsum og eru tengdar útkomu plötunnar "push play" með Skagahljómsveitinni Worm is green. Listasetrið er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 15-18.

☐ 17.00 Tvær sýningar opna í **Kling og Bang** gallerí, Laugavegi 23. Annars vegar sýningin **Banners Bright** eftir Malcolm Green og hins vegar **COSMOSIS, Tauþrykk**, sameiginleg verk þeirra Godds, Bjarna H. Þórarinssonar og Ómars Stefánssonar.

☐ **Lars Tunbjörk** opnar ljósmyndasýninguna: **Heima/Ríki í uppnámi** í **Grófarhúsi** Tryggvagötu 15, 6 hæð.

FUNDIR

☐ 11.30 Félagið **París** með fund á **Kringlukránni**. Eftir fundinn heldur Bragi Skúlason erindi sem nefnist **Maður er manns gaman**. Hann veltir líka fyrir sér, hvort við höfum valið einveruna eða ekki. Þetta verður tækifæri til þess að skilja okkur sjálf betur og láta okkur líða betur.

SAMKOMUR

☐ 13.00 **Uppskeruhátíð í Grasagarði Reykjavíkur** Laugardaginn 3. september verður slegið upp grænmetishlaðborði í nytjajurtagarði **Grasagarðsins**. Á hálftíma fresti frá 13 til 15 verður fræðsla um ræktun og notkun matjurta en hana annast **Auður Jónsdóttir**, garðyrkufræðingur og umsjónarmaður nytjajurtagarðsins, og Þráinn Lárusson, matreiðslumaður og höfundur bókarinnar Krydd, uppruni, saga og notkun. Mæting á uppskeruhátíðina er í nytjajurtagarðinum og er þátttaka ókeypis.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



"Komdu að dansa, já komdu að dansa ....."

DÚNDRANDI DANSLEIKUR

í kvöld frá kl. 22:00 í Glæsibæ við Álfheima.

Fjölbreytt lifandi dansmúsik. Allir velkomnir. - Aðgangseyrir kr. 1.500.

Harmonikufélag Reykjavíkur.

Hjaltested/Íslandi tónleikar

Tónlistarhúsinu Ými Skógarhlíð

Sunnudaginn 4 september nk kl. 17:00

Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir

Afkomendur söngvaranna Sigurveigar Hjaltested og Stefáns Íslandi syngja við undirleik Ólafs Vignis Albertssonar

Stefán Helgi Stefánsson

Árnesingakórinn í Reykjavík

auglýsir eftir söngfólki í allar raddir.

Meðal verkefna framundan:
- Upptaka á geisladiski í vetur.
- Þriggja kóra mót í október.
- Aðventutónleikar í lok nóvember.
- Árshátíð í febrúar.
- Vortónleikar í maí.
- Afmælishátíð í febrúar 2007.
- Utanlandsferð sumarið 2007.

Kórfélagar eru á aldrinum frá 20 ára og upp úr, búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Einungis hluti kórins á ættir að rekja til Árnessýslu og því eru ættartengsl ekki skilyrði.

Nánari upplýsingar veita Gunnar Ben söngstjóri í síma 697 8791 (eftir klukkan 16) og Ragnheiður Birna Björnsdóttir formaður í síma 694 1431.

Heimasíða kórsins er **www.kor.is**

> ómissandi ...

Það er alveg glatað að vera allt of glansandi í kinnunum. Nýja púðrið frá Guerlain smellpassar í snyrtibudduna og er auðvelt í notkun.

útlit

SMEKKURINN ANNA SIGRÍÐUR PÁLSDÓTTIR HÁRSTÍLISTI & EIGANDI GEL GALLERÍ

Ballettsamfestingurinn bestur á sunnudögum

Spáir þú mikið í tískuna? Mér finnst orðið „tíska“ vera mjög leiðinlegt en auðvitað tekur maður inn mikið af því sem maður sér.
Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki? Vivienne Westwood og Jean Paul Gaultier. Svo eru fullt af íslenskum fatahönnuðum flottir.
Flottustu litirnir? Það er rosalega flakkandi frá degi til dags en í dag finnst mér skærir litir mjög flottir, til dæmis neonbleikur og túrkislitur. Ég hef aldrei verið fyrir jarðarliti.
Hverju ertu veikust fyrir? Ekki neinu og öllu. Bara því sem kemur og fer hverju sinni.
Hvaða flík keyptir þú þér síðast? Pils sem ég keypti í Spútnik en nota sem kjól. Það verður að rosa fínum kjól, kóngablátt með mynstri á.
Hvað finnst þér flottast í tískunni núna? Það eru svo rosalega mörg flott merki sem eru með gæðavörur. Ég hugsa minn smekk samt ekki út frá tískunni og þegar ég heyri það orð fæ ég alveg hroll. Mér finnst „tíska“ binda mann við ákveðið „season“. Það er búið að ofnota þetta orð svo mikið í skrítnum meiningum að mér finnst að það ætti að finna upp nýtt orð. „Tímabundin stemning“ gæti jafnvel komið í staðinn.
Hvað ætlar þú að kaupa í haust? Fyrst og fremst þarf ég að hugsa um það hvernig ég held á mér hita. Ég þarf því að byrja á að kíkja í fataskápinn og sjá hvað ég er búin að vera að fela yfir sumartímann. Helst vantar mig hlýja skó og góðan jakka en ég hef leitað að jakka lengi og aldrei fundið neinn sem hentar. Þangað til vef ég mig bara inn í peysur og fer í föðurland, en það klikkar aldei á veturna.
Uppáhaldsverslun? Mér finnst rosalega margar skemmtilegar búðir vera að skjóta upp kollinum, eins og Kron-fatabúðin, Trilogia og Nakti apinn. Svo stendur Spútnik alltaf fyrir sínu.
Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði? Sennilega eitthvað á bilinu sjö til tuttugu þúsund.
Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án? Nýja ballettsamfestingsins sem Hulda vinkona mín gaf mér. Hann er geggjaður, eitthvað svona sem maður notar bara á sunnudögum.
Uppáhaldsflík? Ég hugsa frekar út frá litum en flíkum. Svartur er alltaf þægilegur því hann er svo hlutlaus en þegar mig langar að lyfta mér upp þá skapa litirnir skemmtilega stemningu. Það er gaman að blanda litum saman.
Hvert myndir þú fara í verslunarferð? Ég fór síðast og verslaði á Brick Lane í London og það var mjög gaman en ég væri líka til í að fara til Barcelona. Annars fer ég aldrei í verslunarferðir heldur kíki bara í búðir þar sem ég er.
Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér? Mér dettur ekkert í hug. Það er í það minnsta ekkert svo alvarlegt að ég muni eftir því.

FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL.

MÓÐUR VIKUNNAR
> MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

Dama í skopparabuxum

Í sumar tók ég ástfóstri við **víðar buxur**. Ég veit ekki hvort það haldist í hendur við mýkri línur (ofát síðustu mánaða) eða hvort þetta sé tískutengt. Þegar ég var á Ítalíu í sumar keypti ég buxur sem flokkast hæglega sem „skopparabuxur“ ef ég þekki þann stíl rétt. Þær eru svo hólkvíðar að ég gæti hæglega fitnað um 30 kíló í viðbót án þess að nokkur tæki eftir því. Það má þó deila um hvort það sé kostur eða galli. Ég er samt einhvern veginn þannig að ef ég tek ástfóstri við flík á ég það til að hugsa allan fataskápinn út frá henni. Nýju „skopparabuxurnar“ komu eins og himnasending inn í tilveruna mína. Ég hef vægast sagt verið í þeim út í eitt síðan ég hnaut um þær í „artífartí“ verslun í miðborg Flórens.

Ég fer í þeim út á línuskauta, í vinnuna, á djammið og jafnvel í brúðkaup, eða svona næstum því. Með háhælaða skó og fallegan topp að vopni hefðu buxurnar orðið ansi sparilegar. Mér finnst það að minnsta kosti. Ég veit ekki hvort fegrunarskynið breytist með árunum eða hvort þetta er tískulægt ástand, en mér finnst allt aðrir hlutir fallegir núna en fyrir fimm árum svo ég tali ekki um tíu ár. Ég er farin að leita að allt öðru en ég gerði þegar innkaup eru annars vegar. Núna get ég bara ekki keypt neitt sem mér líður ekki vel í. Ég get til dæmis ekki farið í jakka ef ég get ekki keyrt í honum, en hér áður fyrr lét ég það ekki stoppa mig. Um daginn tók ég næsta skrefið í átt að minni nýju víðu „skopparaveröld“. Ég keypti mér hólkvíðar Levi's-buxur sem eru svo flottar að ég tími varla að fara úr þeim. Þær eru settar í þvottavél að kvöldi svo hægt sé að fara beint í þær daginn eftir. Það fyndna er þó að ég kom ekki auga á þær sjálf. Tólf ára stjúpdóttir mín var búin að finna þær og dreymdi um að eignast þær. Þegar ég fór með henni í bæinn náði Levi's að smita mig líka. En kannski var bara tímabært að koma mér úr brúnu „skopparabuxunum“.

PALLETTUBOX með fjórum mismunandi augnskuggum frá Clarins. Bronslitaður er heitur í vetur.

PALLETTAN frá Bourjois skartar fallegum litum

BLEIKI LITURINN verður áberandi í vetur hjá Clarins.

FJÓLUBLÁR DRAUMUR frá Guerlain.

EYE SHIMMER púðurblýantur frá Clarins býður upp á ótal möguleika.

FÖRÐUNARMEISTARAR CLARINS nota græna og fjólubláa liti saman svo útkoman verður stórkostleg.

Seiðandi litasinfónía

Þegar hausttískan er skoðuð kemur í ljós að ekki er nóg að vera í réttu fötunum og hafa hárið klippt eftir kúnstarinnar reglum. Andlitið þarf að vera vel snyrt og hárrétt farðað. Litadýrðin er mikil þetta haustið. Mikið ber á fjólubláum lit ásamt grænum þegar kemur að augnskuggum, blýöntum og möskurum. Mörgum finnst þetta þó í glannalegri kantinum en ef vörurnar eru notaðar rétt er ekkert mál að líta vel út án þess að líða eins og málverki.

Hjá Clarins eru karlmenn í lykilstöðum við að hanna haustútlitið þetta árið. Þeir leggja áherslu á að það megi blanda litunum saman án þess að útkoman verði klessuleg. Merkið hefur hingað til verið þekkt fyrir náttúrulegar förðunarvörur en nú ber við nýjan tón. Hjá Estée Lauder kemur bleiki liturinn mjög sterkt inn ásamt fjólubláu. Bleikur kinnalitur gerir mikið fyrir húðina og fer afar vel með öllum þeim brúnu hausttónum sem eru svo vinsælir í fatnaði um þessar mundir. Perluáferðin á naglalakkinu frá Estée Lauder er sérlega falleg og klæðileg og passar fyrir nánast hvaða týpur sem er. Lögð er áhersla á dökka varaliti og þar spilar rauði liturinn stórt hlutverk ásamt brúnum og dökklilluðum tónum. Reglan er samt alltaf sú að ef augun eru mikið máluð er fallegra að hafa varirnar náttúrulegri og öfugt. Hver kona þarf því að finna út hvað klæðir hana og leggja áherslu á það sem gerir meira fyrir hana.

martamaria@frettabladid.is

TÚRKÍS OG GRÁR tilheyra haustlínunni frá Chanel.

ÞAÐ ER LANGT FRÁ ÞVÍ að vera hallærislegt að vera með maskara í lit, þvert á móti.

GRÆNN OG FJÓLUBLÁR frá Clarins.

CHAMELEON PRISM A6 naglalakk frá Estée Lauder gefur bleika perluáferð.

PURE POPS gloss frá Estée Lauder sem lyktar eins og bláberjafjall. Mann langar bara til að borða það og svo glitrar það afar fallega.

AUGNSKUGGAPALLETTAN frá Estée Lauder skartar fallegri litasinfoníu.

GLIMMERPÚÐUR frá Estée Lauder gefur kinnunum fallegt yfirbragð.

FJÓLUBLÁIR tónar frá Gosh draga fram ljómann í augunum.

Dýramynstrin halda velli enn á ný

Síðasta haust var nánast hvert einasta tískuhús með dýramynstur í vetrarlínu sinni og það var nokkuð áberandi á liðnum vetri. Þrátt fyrir að geta verið mjög krefjandi og á tíðum hallærislegt þá virðast dýramynstur lifa af ár eftir ár og vera gríðarlega smart þegar vel er farið með það. Það sönnuðu tvær af aðaltískuskvísum Hollywood nú á dögunum þegar þær mættu á MTV verðlaunaafhendinguna á Miami.

Drottningin Gwen Stefani mætti í dýrindis hlébarðakjól og það gerði Lindsay Lohan einnig en kjólar þeirra voru mjög áþekkir. Báðir voru þeir dömulegir og aðsniðnir með sídd rétt fyrir neðan hné. Hins vegar sýndu þær á skemmtilegan hátt hvernig hvort snið fyrir sig passar fyrir mismunandi aldurshópa þar sem Gwen minnti á gamaldags Hollywood-stjörnu með hvítt hálsmál en Lindsay var ekta Kalifornístúlka í kjól sem lagði áherlsu á brúnar axlir.

GWEN STEFANI söngkona og tískuhönnuður.

LINDSAY LOHAN leik- og söngkona.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

BLUMARINE sýndi skó sem í fjarlægð virðast ósköp venjulegir en þegar betur er að gáð eru þeir nokkuð sérstakir í útliti.

Flottir og fríkaðir skór

Tískuhönnuðurinn og listakonan Vivenne Westwood hefur alla tíð haft sérstakt auga fyrir frumlegum skóm og ekki verið hrædd við að prófa sig áfram með form og liti. Aðrir fatahönnuðir hafa ekki verið jafn hugrakkir enda hafa skórnir stundum vakið mikla undrun og ekki þótt fallegir. Nú þykir hins vegar mjög töff að vera með þykkan botn eða undarlega lögun og skrítnir skór þykja með því svalara sem hægt er að fá.

Dior reið á vaðið fyrir þremur árum með afar ögrandi auglýsingaherferð þar sem hrikalega framúrstefnulegir skór voru í forgrunni en nú hafa aðrir hönnuðir fylgt á eftir með örlítið notendavænni útgáfum. Þessir svörtu lakkskór frá Blumarine eru einmitt hæfileg blanda af sérstöku formi og íhaldssemi enda eru þeir bæði ögrandi og flottir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

CHANEL paraði saman fallegum en ólíkum flíkum og uppátækið gengur svo sannarlega upp.

Blandað & parað

Undanfarin misseri hefur verið nokkuð sérstök tíska við lýði þar sem því sem „passar saman“ er kastað út í veður og vind og mismunandi mynstrum er frekar parað saman. Í sumar voru blómamynstur og afrískar prentanir í skærum litum það allra heitasta en hverfa smátt og smátt með lækkandi sól.

Þessi „mix and match“-tíska er þó síður en svo liðin undir lok og heldur áfram í haust og vetur. Nú eru litirnir hins vegar dekkri og mynstrin látlausari þar sem dökkblátt og dumbrautt munu vera aðalmálið.

ÚTSÖLUSTAÐIR

KLAKKUR, Vík / **BYM**, Mosfellsbæ / **FOSSRAF**, Selfossi / **GEISLI**, Vestmannaeyjum / **HS RAF**, Eskifirði / **KH.** BLÖNDUÓSI / **KAUPF.HVAMMSTANGA** / **LÓNIÐ**, Höfn **RAFBÚÐ RÓ**, Keflavík / **RAFBÚÐIN ÁLFASKEIÐI**, Hafnarfirði / **RAFALDA**, Neskaupstað / **RAFBÆR**, Siglufirði / **ÞRISTUR**, Ísafirði / **RAFLAMPAR**, Akureyri **ÖRYGGI**, Húsavík / **RAFSJÁ**, Sauðárkróki / **KRÁKUR**, Blönduósi / **SVEINN GUÐMUNDSSON**, Egilsstöðum / **RAFLOST**, Djúpavogi

Allt á fullt í Borgarleikhúsinu og hjá Íslenska dansflokknum

„Það eru yfir tuttugu viðburðir hjá okkur í vetur. Viðamestu viðburðirnir eru Salka Valka, Lífsins tré og Woyzeck eftir Georg Büchner sem sett verður upp í samstarfi við Vesturport og Barbican Center í London. Woyzeck er eitt af viðamestu samstarfsverkefnum sem við höfum farið út í hér í Borgarleikhúsinu. Nick Cave mun gera tónlistina fyrir verkið og er það í fyrsta sinn sem hann gerir tónlist fyrir leikhús," segir Guðjón Pedersen, leikhússtjóri Borgarleikhússins, en dagskrá vetrarins í leikhúsinu var kynnt í Borgarleikhúsinu í gær.

„Við munum taka Híbýli vindanna eftir Böðvar Guðmundsson aftur til sýninga nú í september og í framhaldi af því tökum við til sýninga sjálfstætt framhald verksins, Lífsins tré. Hægt verður að kaupa miða á sýningarnar á sérstöku verði," segir Guðjón.

„Síðan vil ég nefna áramótasýninguna okkar, Carmen, sem er leiksýning sem byggð er á óperunni Carmen eftir Bizet og er það samstarfsverkefni með Íslenska dansflokknum."

GUÐJÓN PEDERSEN Leikhússtjóri Borgarleikhússins, Guðjón Pedersen, kynnti fjölbreytta vetrardagskrá leikhússins um eftirmiðdaginn í gær.

ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN Í febrúar sýnir Íslenski dansflokkurinn nýtt verk eftir portúgalska danshöfundinn Rui Horta sem hann samdi sérstaklega fyrir flokkinn.

Íslenski dansflokkurinn kynnti einnig starfsemi sína í Borgarleikhúsinu í gær. „Við erum með tvær stórar sýningar í vetur. Annars vegar haustsýningu sem eru þrjú verk eftir þrjá karlmenn og eru tvö þeirra ný, annað eftir Peter Anderson og hitt eftir Jóhann Frey Björgvinsson. Þriðja verkið er eftir Rui Horta og var það samið sérstaklega fyrir dansflokkinn og sýnt hér árið 2001. Okkur fannst tilvalið að setja þetta upp í ár þar sem Horta er að koma hingað með nýtt verk fyrir okkur sem verður svo annað af verkunum sem sýnt verður í febrúar. Hitt verkið sem sýnt verður í febrúar er eftir hollenskan danshöfund, Didy Veldman," segir Ólöf Söebech, verkefnisstjóri Íslenska dansflokksins, og bætir við að auk þess muni þrír erlendir dansflokkar koma hingað til lands á næsta ári á vegum Íslenska dansflokksins og Listahátíðar í Reykjavík.

Eftir jól verður Ronja Ræningjadóttir sýnd í Borgarleikhúsinu og er það Sigrún Edda Björnsdóttir sem mun leikstýra verkinu en hún lék Ronju þegar verkið var sýnt í Reykjavík fyrir mörgum árum.

„Eftir áramót verður líka sýnt mjög spennandi og grátbroslegt verk eftir sem fjallar um það þegar Adolf Hitler var ungur og reyndi án árangurs að komast inn í listaskóla í Vín. Tveir gyðingar á gistiheimilinu sem Hitler dvaldi á hvetja hann í verkinu til að fara frekar út í pólitík því það eigi betur við hann en listin," segir Guðjón.

Hægt er að fræðast frekar um dagskrá Borgarleikhússins á heimasíðu leikhússins, www.borgarleikhus.is og um Íslenska dansflokkinn á www.id.is. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/VALI

PSP-innrásin

Fyrirbærið Playstation Portable frá Sony er lent á Klakanum. 2.000 litlir svartir ferkantaðir hlutir á stærð við sjónvarpsfjarstýringu eru meðal Íslendinga akkúrat núna. Hugsanlega eru fleiri svona tæki í fórum túrista en það er á huldu að svo stöddu. Á næstu misserum munu þessi tól vera á faraldsfæti meðal vor, sérstaklega á svonefndum heitum reitum.

HVAÐ ER PSP?

PSP er lófaleikjatölva með fullt af möguleikum undir litla húddinu sínu.

Í fyrsta lagi spilar hún tölvuleiki sem eru framleiddir á svokölluðum UMD diskum (Universal Media Disc) sem Sony bjó sérstaklega til fyrir maskínuna. Þessir diskar virðast einstaklega vel verndaðir gagnvart rispum sem er víst algengt vandamál hjá þeim sem spila tölvuleiki.

Í öðru lagi koma þessir diskar einnig í formi kvikmynda sem hægt er að horfa á í PSP-maskínunni. Myndgæðin á kvikmyndunum eru í DVD-gæðum og virka mjög vel á skjánum sem er einn af styrkleikum PSP.
Ásamt tölvuleikjafjöri í leikjum frá heitustu leikjaframleiðendunum og bíóglápi þá býður PSP upp á ýmislegt annað fróðlegt.

FERÐAFÉLAGI

Á PSP getur þú vistað myndirnar þínar og hlustað á „playlistann þinn". Ekki nóg með það þá er maskínan útbúin nettengingu sem gerir þér kleift að sigla á netinu, finna mótherja í tölvuleik, kíkja á póstinn þinn eða kannski bara blogga smá.
PSP býður upp á alla þessa möguleika og gott betur. Notendur PSP geta niðurhalað sérstöku efni fyrir vélina hvort sem það eru viðbætur í leiki, sýnishorn úr bíómyndum eða annað efni beint af netinu frá sérstökum PSP-veitum sem sérhæfa sig í því að þjóna PSP-notendum.

ÉG KANN EKKI Á SVONA GRÆJUR

Það sem gerir PSP sérstaka er hversu auðveld hún er í notkun. Þeir sem þekkja til Playstation-tölvunnar eru á heimavelli en nýgræðingar geta verið komnir í hörkufjör á fimmtán mínútum.
Vélin er útbúin WiFi-tækni sem fær margar PSP til að tala saman innan sendimarka. T.d geta nokkrir PSP-notendur keppt í fjöldaspilun í frímínútum hver með sína PSP-vél án þess að þurfa að tengjast neti. Allt í allt þá er vélin tilvalinn ferðafélagi enda hægt að sameina alla miðlun í sömu maskínunni.

HVAÐ NÆST?

